ARNAR PÁLSSON

*Æfir af kappi fyrir Reykjavíkurmaraþonið*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




GUNNAR BJÖRN GUÐMUNDSSON

*Leitar að sjötíu skrímslum*

Lokatökur á Astrópíu að hefjast

FÓLK 42



FRIÐRIK WEISSHAPPEL

*Opnar barnvænt kaffihús*

Nýtt Laundromat Café opnar í Kaupmannahöfn

FÓLK 42



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. ágúst 2006 — 205. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Gefur út plötu í Bandaríkjunum**

Stórstjarnan Silvía Nótt undirbýr útgáfu á plötu sem ætluð er fyrir Bandaríkjamarkað.



FÓLK 42

**Langþráður draumur rætist**

Í dag verður fyrsta skóflustungan tekin að menningarhúsi á Akureyri þar sem meðal annars er gert ráð fyrir tónleikasal fyrir fimmhundruð manns en húsið verður tilbúið um haustið árið 2008.

TÍMAMÓT 24

**Íslandsmeistari lærir fjármálahagfræði**



Sigmundur Einar Másson, Íslandsmeistari í golfi, er ekki farinn að huga að atvinnumennsku í golfi heldur á námið hug hans allan en hann lærir fjármálahagfræði í Bandaríkjunum.

ÍÞRÓTTIR 48

**Um okur**

„Við neytendur þurfum að vera betur á verði og leggja meira á okkur en við gerum til að veita þeim sem selja okkur meira aðhald. Nýlegt embætti talsmanns neytenda ætti að koma til hjálpar og birta stöðugt upplýsingar um verðlag,“ skrifar Valgerður Bjarnadóttir.



Í DAG 22

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HLÝJAST SYÐRA -** Í dag verður hæg norðlæg átt. Rigning eða skúrir austan til en bjart með köflum og þurrt suðvestan til. Hiti 10-20 stig, hlýjast í uppsveitum á Suðurlandi.

VEÐUR 4




# Að meðaltali 30 á viku leita aðstoðar

**Milli 1.400 og 1.500 manns koma árlega á bráða- og slysadeild vegna átaka í miðbæ Reykjavíkur. Yfirlæknir ofbýður ofbeldið og vill sjá harðari viðurlög. Sérstök miðborgargæslusveit verður hugsanlega stofnuð, að sögn borgarfulltrúa.**

**LÖGGÆSLUMÁL** Árlega koma 1.400 til 1.500 manns á slysa- og bráðadeild Landspítalans vegna ryskinga í miðbæ Reykjavíkur, eða að meðaltali um þrjátíu hverja viku ársins.

Ófeigur Tryggvi Þorgeirsson, yfirlæknir bráða- og slysadeildar, segir að sér ofbjóði ofbeldið og löngu tímabært sé að grípa í taumana. „Þó svo að úttektir afbrotafræðinga bendi til að ofbeldisverkum hafi fækkað eru þær niðurstöður ekki í neinu samræmi við það sem við erum að sjá hér.“

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi segir hugsanlegt að stofnuð verði deild manna, svipuð útideildinni sem var starfrækt áður, sem sinni gæslustörfum í miðborginni um helgar í samstarfi við lögregluna.

Að sögn Ófeigs eru komur á slysadeild fimm til þrjátíu á sólarhring um helgar og flestir þeirra sem koma séu ungir karlmenn á aldrinum 15 til 25 ára. „Það er greinilega allt gert til að meiða sem mest og áverkarnir eru í samræmi við það,“ segir Ófeigur og bætir við að áverkar á höfði séu algengastir en slíkir áverkar geta verið lífshættulegir. „Afleiðingar höfuðáverka geta verið heilahristingur og heilamar. Nokkuð er um að haldið sé áfram að sparka í fórnarlambið eftir að það liggur í götunni.“ Af öðrum algengum áverkum nefnir Ófeigur augnskaða, nefbrot, tann- og kjálkaskaða og þaðan af verra.

Ófeigur segir að kenna þurfi ungu fólki að bera virðingu hvort fyrir öðru og hann vill sjá harðari viðurlög við ofbeldisglæpum.

Reykjavíkurborg og dómsmálaráðuneytið hafa endurvakið starfshóp um löggæslumálefni, sem hefur meðal annars það hlutverk að meta mögulegar leiðir til að stemma stigu við ofbeldi í miðbænum um helgar.

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi, sem er annar fulltrúa borgarinnar í starfshópnum, segir að byrjað verði á því að athuga hvort lögregluyfirvöld geti veitt þá aðstoð sem óskað verði eftir. „Ef þau sjá sér ekki fært að verða við óskum okkar vegna manneklu, kostnaðar eða einhverra annarra þátta, er hugsanlegt að við útvegum það sem upp á vantar.“

- hs / - æþe / - sdg



**FORSETAFRÚIN HEFUR FENGIÐ ÍSLENSKAN RÍKISBORGARARÉTT** Dorrit Moussaieff kvaðst himinlifandi með að hafa loksins fengið ríkisborgararétt og að henni liði hvergi eins vel og hér á landi. Í dag eru tíu ár frá því að eiginmaður hennar, Ólafur Ragnar Grímsson, var settur í embætti forseta Íslands. Hann segir Dorrit hafa verið sér stoð og stytta eftir erfitt tímabil í lífi sínu.

Dorrit Moussaieff segir að það eigi ekki að vera auðvelt að verða Íslendingur:

# Íslendingar vanmeta Ísland

**BESSASTAÐIR** „Íslendingar vita ekki hvað þeir eru heppnir að búa á Íslandi,“ sagði kát Dorrit Moussaieff forsetafrú, í tilefni af ríkisborgararéttinum sem hún öðlaðist í gær. „Ég er stolt, ánægð og glöð, það eru ekki til nógu mörg orð til að tjá hversu ánægð ég er.“

Dorrit segist hvergi líða jafn mikið eins og heima hjá sér og hér á landi. Hún segist vonast til að eyða ævikvöldinu hér og að vera Íslendingur séu mikil forréttindi. „Hvar annars staðar í heiminum hefur fólk það jafn gott? Þið hafið matinn, loftið, vatnið og fólkið sem er æðislegt. Ég held að Íslendingar viti ekki hversu gott þeir hafa það,“ sagði forsetafrúin.

Dorrit varar við því að opna landið fyrir hverjum sem er. „Það á ekki að vera auðvelt að verða íslenskur ríkisborgari. Það er mjög nauðsynlegt að við veljum vandlega hver fær að verða Íslendingur,“ sagði Dorrit. Hún vill að fólk sem hingað flyst læri tungumálið og kynni sér menninguna. „Við verðum að sjá til þess að fólkið sem hingað kemur gefi eitthvað til baka en lifi ekki af fólkinu sem hér er fyrir.“

Á þessum degi fyrir tíu árum var eiginmaður hennar, Ólafur Ragnar Grímsson, settur í embætti forseta Íslands. Í viðtali við Fréttablaðið í dag rifjar Ólafur Ragnar upp kynni sín af Dorrit og hvaða áhrif hún hafði á líf hans. Þar segir hann meðal annars að fyrir kynni sín af Dorrit, hafi hann íhugað að gefa ekki kost á sér til endurkjörs.

- æþe / sjá síðu 6

Brottför varnarliðsins:

## Rússar gefa engin ráð

**VARNARMÁL** Rússar ætla sér ekki að gefa Íslendingum neinar ráðleggingar varðandi brottför bandaríska varnarliðsins af Íslandi, að sögn Victors I. Tatarintsev, nýs sendiherra Rússlands á Íslandi.



VICTOR I. TATARINTSEV

„Við í Rússlandi teljum það vera undir íslensku og bandarísku ríkisstjórnunum komið að ákveða hvað gera skuli, með hverjum og hvernig beri að verja landið. Þetta er ekki málefni þar sem Rússar eða nokkur önnur þjóð ætti að ráðleggja eitt eða neitt. Hins vegar fylgjumst við að sjálfsögðu náið með framgöngu mála,“ segir Tatarintsev í samtali við Fréttablaðið.

Tatarintsev segist vera sérstaklega hrifinn af sundlaugum landsins og syndi þrisvar til fjórum sinnum í viku í Vesturbæjarlauginni. Hann tók við embætti 17. maí síðastliðinn.

- smk / sjá síðu 18

Fíkniefnaeftirlit stóraukið:

## Rúm 73 kíló fundist á árinu

**LÖGGÆSLA** Það sem af er ári hefur hald verið lagt á rúm 73 kíló af fíkniefnum, samkvæmt bráðabirgðatölum ríkislögreglustjóra. Nú þegar hefur meira náðst af amfetamíni á árinu en allt seinasta ár.

Lögreglan lagði hald á rúm tuttugu kíló af kannabisefnum, rúm þrettán kíló af hassi, ríflega tíu kíló af amfetamíni og tæp tvö kíló af kókaíni fyrstu sex mánuði ársins.

Sérsveit fíkniefnalögreglumanna á vegum ríkislögreglustjóra verður á ferð um allt land með fíkniefnaleitarhunda yfir verslunarmannahelgina.

Sveitin upplýsti alls 32 fíkniefnamál um verslunarmannahelgina í fyrra. Þar eru ótalin þau mál sem upplýst voru innan lögregluembættanna.

- sdg / - gag / sjá síðu 10





## SPURNING DAGSINS

*Jón, er hægt að fá að glugga í heimilisbókhaldið þitt?*

Jájá, það er alveg sjálfsagt mál að fá að glugga í það líka.

Jón G. Hauksson er ritstjóri Frjálsrar verslunar sem birtir árlega tekjur valinna einstaklinga upp úr álagningarskrám ríkisskattstjóra, þar á meðal sínar eigin.

Átökin í Líbanon halda áfram þrátt fyrir boðað tveggja daga vopnahlé:

# Ísraelar halda áfram árásum

**LÍBANON, AP** Vopnahlé er ekki í sjónmáli í átökum Ísraelshers við meðlimi Hizbollah-samtakanna í Suður-Líbanon, kom fram í máli Ehud Olmerts, forsætisráðherra Ísraels í gær.

Á sunnudag, eftir að alþjóðasamfélagið ásakaði Ísraela harðlega fyrir árás á bæinn Kana, sem varð á fjórða tug líbanskra barna og fjölda kvenna að bana, lofaði Ísrael að halda 48 tíma vopnahlé svo hægt væri að gefa saklausum borgurum færi á að flýja Suður-Líbanon. En 24 tímum síðar skutu liðsmenn Hizbollah á ísraelskan skriðdreka og þá svöruðu Ísraelar í sömu mynt. Sagði Olmert ekki vera hægt að leyfa Hizbollahmönnum að efla lið sitt og því ætlar Ísraelsher að halda áfram loft-, sjó- og landárásum á Suður-Líbanon.

Talsmaður ísraelska hersins baðst afsökunar í gær á árás á hermenn líbanska hersins og sagði Ísraelsher hafa talið hátt settan yfirmann Hizbollah vera þar á ferð.

Sameinuðu þjóðirnar ákváðu í gær að framlengja veru friðargæsluliða sinna í Líbanon um einn mánuð, svo hægt væri að draga þá til baka, ef alþjóðlegt herlið verður sent til friðargæslu í Líbanon.

Átökin hafa staðið í þrjár vikur nú. Á þeim tíma hafa minnst 519 Líbanar farist, langflestir óbreyttir borgarar, og 51 Ísraeli, þar af átján óbreyttir borgarar. **- smk**



**FÖGGUM BJARGAÐ** Líbani reynir að bjarga því sem hægt er úr rústum heimilis síns í Beirút í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vélarvana bátur norður af Rifi:

# Björg til bjargar vélarvana Króki

**BJÖRGUN** Um tvö leytið í gær barst Neyðarlínunni hjálparbeiðni frá vélarvana bátnum Króki sem staddur var um eina sjómílu norður af Rifi á Snæfellsnesi.

Björgunarbáturinn Björg frá Rifi var kallaður til og var hann mættur á staðinn skömmu síðar. Björg dró bátinn, sem er línu- og handfærabátur til lands. Feðgar voru á Króki, maður á áttræðisaldri og ríflega fertugur sonur hans.

Páll Stefánsson, skipstjóri á Björgu, sagði að gott hefði verið í sjóinn og að feðgarnir hefðu verið ágætlega haldnir þegar þeim var bjargað, enda einungis verið þar í á annan tug mínútna. **- sh**

Öryggisráð um kjarnaáætlun:

# Íranar fá 31 dag til að hætta

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Íranar fá fram til 31. ágúst til að hætta auðgun úrans í heimalandi sínu. Þetta var ákveðið á fundi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í gær. Fylgi þeir skipununum ekki eftir, geta þeir átt von á að verða beittir efnahagslegum og stjórnmálalegum þvingunum.



**JAVAD ZARIF**

Sendiherra Írans gagnvart Sameinuðu þjóðunum, Javad Zarif, sagði ekki koma til greina að landið hætti auðgun úrans með þessum hætti.

Íranar segja kjarnorkuáætlun þeirra eingöngu ætlaða til friðsamlegrar notkunar, en nokkur valdamestu ríki heims, með Bandaríkin í fararbroddi, telja að þeir ætli sér að framleiða kjarnorkuvopn. **- smk**

Freonleki í færeyskum togara:

# Enginn í hættu út af freonleka

**SLÖKKVILIÐ** Kæliefnið freon lak úr kælikerfi færeysks togara sem lá við Vogabakka í Reykjavíkurhöfn og út í togarann sjálfan um klukkan eitt í gær.

Slökkviliðsmenn fengu tilkynningu um atvikið klukkan hálf fjögur og var þá sendur dælubíll á vettvang til að loftræsta togarann.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu var aldrei neinn í hættu. Þeir segja freon að mestu hættulaust og gufi upp í andrúmsloftið nema það sé í miklu magni í lokuðu rými. Þarna var um lítið magn að ræða sem var fjarlægt. **- sh**

# Héldu starfsfólki nauðugu á Bóhem

**Ásgeir Davíðsson, eigandi nektardansstaðarins Goldfinger, og fjórir aðrir menn voru handteknir af lögreglu á skemmtistaðnum Bóhem í fyrrinótt. Þeir héldu starfsfólki nauðugu. Lögreglan yfirheyrði mennina fimm vegna málsins í gær.**

**LÖGREGLUMÁL** Ásgeir Davíðsson, eigandi nektardansstaðarins Goldfinger, var handtekinn í fyrrinótt ásamt fjórum mönnum eftir að þeir höfðu farið inn á nektardansstaðinn Bóhem við Grensásveg og haldið starfsfólki þar nauðugu. Ásgeir á húsnæðið þar sem Bóhem er til húsa en hafði ekki gert boð á undan sér þegar hann birtist ásamt mönnunum fjórum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík fóru mennirnir inn á staðinn um fjögur að nóttu til og höfðu í hótunum við starfsfólk, á meðan þeir reyndu að skipta um skrár á hurðum í húsinu.

Staðarhaldari hafði samband við lögreglu sem síðan greip til aðgerða vegna komu mannanna á staðinn.

Bjarnþór Aðalsteinsson, varðstjóri í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, segir málið vera enn í rannsókn en mennirnir fimm voru yfirheyrðir í gær. „Við erum að rannsaka þetta mál en það liggur fyrir að fimm menn ruddust inn á Bóhem og ætluðu sér að skipta um læsingar á hurðum á staðnum, án þess að bera fyrir sig heimild til þess. Það fundust engin vopn á mönnunum. En það má kalla þetta frelsissviptingu þar sem starfsfólki var haldið nauðugu á staðnum.“

Sérsveit lögreglunnar var kölluð til aðstoðar þegar brugðist var við en lögreglan hafði mikinn viðbúnað á staðnum vegna málsins. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík fannst lítilræði af fíkniefnum á einum manninum sem handteknir voru.

Bjarnþór segir þetta ekki vera fyrsta málið sem kemur upp í tengslum við deilur á milli forsvarsmanna nektardansstaðanna. „Það hafa komið inn á borð til okkar ágreiningsmál sem tengjast deilum á milli þessara tveggja nektardansstaða. Þau hafa verið minni háttar hingað til.“

Mönnunum var sleppt úr haldi lögreglu um þrjú leytið í gær. Við yfirheyrslu hjá lögreglu gerðu mennirnir fimm lítið úr málinu. „Ásgeir á húsnæðið þar sem starfsemi Bóhem er til húsa, og samkvæmt því sem fram kemur í yfirheyrslunum fer hann með kunningjum sínum til þess að bjóða þeim upp á drykk. Hann á þar að hafa ákveðið að skipta um lása á hurðum þar sem leiga fyrir húsnæðið hafði ekki verið greidd. Þetta er svona í meginatriðum það sem kom fram í yfirheyrslunum,“ sagði Bjarnþór.

magnush@frettabladid.is





**BÓHEM** Fimm menn ruddust inn á Bóhem í fyrrinótt og héldu starfsfólki þar nauðugu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**GOLDFINGER** Forsvarsmenn nektardansstaðanna Goldfinger og Bóhem hafa átt í deilum að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**ALBERT JÓNSSON** Sendiherra í Washington.

Varnarviðræður í Washington:

# Varnarmálin rædd í vikulok

**UTANRÍKISMÁL** Samninganefndir Íslands og Bandaríkjanna um varnarsamstarf ríkjanna hittast á fundi í Washington í Bandaríkjunum á fimmtudag og föstudag.

Albert Jónsson, sendiherra í Washington, fer fyrir íslensku viðræðunefndinni sem skipuð er fulltrúum forsætis-, utanríkis-, fjár-, og dómsmálaráðuneyta.

Síðasti fundur samninganefndanna fór fram í Reykjavík þann 8. júlí og að honum loknum lýsti Geir H. Haarde forsætisráðherra sig ánægðan með gang viðræðnanna. Geir fer með forræði viðræðnanna við Bandaríkjamenn af Íslands hálfu. **- bþs**

Hrottalegt morð á Jótlandi:

# Feðgin grunuð

**DANMÖRK** Danska lögreglan hefur handtekið feðgin sem grunuð eru um að hafa myrt móður dótturinnar og eiginkonu föðurins á Norður-Jótlandi aðfaranótt laugardags. Þetta kemur fram á fréttavef danska blaðsins Politiken.

Konan, sem var sextug, fannst stungin til bana í einbýlishúsi hjónanna í Hjedsbækvej í Suldrup snemma á laugardagsmorgun eftir að faðirinn hringdi á sjúkrabíl.

Faðirinn hefur verið úrskurðaður í þriggja daga gæsluvarðhald, en dóttirin, sem er 37 ára, hefur verið úrskurðuð í fjögurra vikna gæsluvarðhald.

Þau neita bæði sök, en að sögn lögreglu ber sögum þeirra ekki saman um hvað gerðist á heimilinu. **- smk**






Eigandi Goldfinger segist hafa gert mistök undir áhrifum áfengis:

# Segist hafa gengið of langt

**LÖGREGLUMÁL** Ásgeir Davíðsson, eigandi Goldfinger og húsnæðisins þar sem Bóhem er með starfsemi, segist harma það að hafa ollið vandræðum, en segir mennina sem voru með honum ekki hafa verið með neitt ofbeldi.

Spurður um aðdraganda málsins segir hann: „Ég gerði mistök en þeir sem ég bauð í glas voru ekki með neitt ofbeldi á staðnum. Ég gekk líklega of langt þegar ég skipti um lás á hurðum en við héldum fólki ekki nauðugu inni.“

Ásgeir segir dyravörðinn á staðnum, sem er fyrrverandi starfsmaður á Goldfinger, hafa hlaupið í burtu þegar hann hafi frétt af því að hann væri á leiðinni á staðinn. „Dyravörðurinn hljóp í burtu áður en við komum. En við vorum beðnir um að yfirgefa staðinn.“

Ásgeir og félagar hans sátu að drykkju þangað til rekstraraðili Bóhems kallaði lögreglu til. „Ég get nú viðurkennt það að hugsanlega gekk ég aðeins of langt með því eiga við skrárnar þarna innanhúss. Ég upplifi þetta þannig að starfsfólkið hafi viljað drekka áfengi með okkur á staðnum og það var allt í lagi okkar vegna. Ég fór niður á Langabar fyrr um kvöldið og sat þar og drakk áfengi. Ég bauð svo fjórum mönnum að koma með mér upp á Bóhem og ætlaði að halda áfram að drekka þar. En mér þykir leitt að kvöldið hafi endað með þessum hætti. Það var ekki ætlunin að vera með nein leiðindi og ég harma að kvöldið hafi endað svona. En hins vegar er það svo að sá sem rekur Bóhem skuldar mér vegna leigu á húsnæðinu sem ég á.“ **- mh**



**ÁSGEIR DAVÍÐSSON** Segist hafa gengið of langt í ölæði. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


www.sko.is
SMS 4,90 kr.
Þú getur flutt GSM
símanúmerið þitt yfir til SKO
Smelltu þér á www.sko.is
SKO
SKO
Tala meira. Borga minna.
14,90 kr.
Mínútuverð
4,90 kr.
SMS verð
0,00 kr.
Mánaðargjald

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 31.7.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,58 | 72,92 |
| Sterlingspund | 135,25 | 135,91 |
| Evra | 92,51 | 93,03 |
| Dönsk króna | 12,397 | 12,469 |
| Norsk króna | 11,757 | 11,827 |
| Sænsk króna | 10,012 | 10,070 |
| Japanskt jen | 0,6342 | 0,6380 |
| SDR | 107,64 | 108,28 |

*Gengisvísitala krónunnar*
128,0195

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir menn rændu skrifstofur Bónusvideó í Hafnarfirði rétt eftir hádegi í gær:

# Veittust að tveimur konum

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn á þrítugsaldri rændu skrifstofur Bónusvideó við Lækjargötu í Hafnarfirði í gær, er þeir ruddust inn í húsnæði fyrirtækisins og réðust að tveimur konum sem þar voru við störf. Þeir komust á brott með lítilræði af peningum.

Lögreglan í Hafnarfirði fékk tilkynningu um ránið rúmlega eitt í gær og var komin fljótt á vettvang. Vegfarendum tókst að handsama annan mannanna á vettvangi og héldu honum þangað til lögreglan kom á vettvang, en hann hafði stokkið út um glugga á annarri hæð hússins. Á honum fannst lítilræði af peningum. Félagi mannsins komst undan á bifreið.

Mennirnir voru óvopnaðir en réðust að konunum er þeir ruddust inn á skrifstofurnar. Ekki er vitað hversu mikla peninga mennirnir komust undan með.

Maðurinn sem lögreglan handtók á vettvangi hefur komið við sögu lögreglu áður. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var maðurinn ekki samvinnufús við yfirheyrslur og neitaði að gefa upp upplýsingar sem hjálpað gætu til við að leysa málið. Yfirheyrslur héldu áfram fram eftir degi en þegar Fréttablaðið fór í prentun var ekki búið að finna manninn sem komst undan. **- mh**



**AF VETTVANGI** Lögreglan var fljót að koma á vettvang og hóf strax að rannsaka málið. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Tsjetsjenar leggja niður vopn:

# Þrjátíu nýta sér sakaruppgjöf

**RÚSSLAND, AP** Rúmlega þrjátíu tsjetsjenskir uppreisnarmenn hafa nýtt sér sakaruppgjöf sem Rússar buðu þeim í síðasta mánuði.

Rússar tilkynntu 18. júlí að öllum uppreisnarmönnum í Tsjetsjeníu og nágrannasvæðum byðist að leggja niður vopn og fá við það fulla sakaruppgjöf. Það gerðu þeir til að freista þess að stöðva þá óeirðaöldu sem skapaðist í kjölfar þess að leiðtogi uppreisnarmannanna, Shamil Basayev, var ráðinn af dögum hinn 10. júlí.

Árásir á hersveitir Rússa þar hafa verið tíðar. **- sh**


**ANDRÉS MANUEL LÓPEZ OBRADOR** Hótar því að mótmælin, sem eru farin að lama heilu borgarhlutana, verði viðvarandi um sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningarnar í Mexíkó:

# Hálf milljón mótmælir

**MEXÍKÓ, AP** Viðskiptahverfi Mexíkóborgar var lamað í gær vegna fjölmenns kröfufundar fylgismanna Andrés Manuel López Obradors. Krafist var gagngerrar endurtalningar atkvæða í forsetakosningunum í síðasta mánuði, en í þeim laut Obrador í lægra haldi fyrir Felipe Calderón. Munaði einungis 0,6 prósentum atkvæða milli þeirra.

Auk þess að tjalda á Zocalotorgi komu mótmælendur sér fyrir á Reforma-breiðstrætinu, einni mikilvægustu umferðaræð borgarinnar, og stöðvuðu þar alla umferð. Olli þetta miklu öngþveiti í risavaxinni borginni.

Obrador hét því í gær að mótmælin yrðu viðvarandi þar til látið yrði undan kröfum hans. **- kóþ**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fangar með fíkniefni** Þrjú fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar á Selfossi í síðustu viku eftir að fíkniefni fundust í herbergjum fanga á Litla-Hrauni. Málin eru öll í rannsókn en um minni háttar magn var að ræða í öllum tilvikum.

## SLÖKKVILIÐ

**Bíll í ljósum logum** Tilkynnt var um bíl í ljósum logum á Suðurlandsvegi um klukkan tíu í gærmorgun sem mikinn reyk lagði frá. Slökkviliðinu gekk vel að slökkva eldinn en bíllinn var mannlaus og án númera. Ekki er vitað hver upptök eldsins voru en bíllinn er gjörónýtur.

# Síminn fær helming ágóða 900-númera

**Síminn mun 1. október breyta skilmálum um svonefnd 900-númer þannig að framvegis renni 50 prósent ágóðans til þeirra, í stað 25 prósenta áður. Kona sem notar þjónustuna við fyrirtækjarekstur segir Símann nýta sér einokunarstöðu.**

**FJARSKIPTI** Anna Þorgeirsdóttir, sem nýtir sér svokallaða 900-þjónustu Símans við rekstur ráðgjafarfyrirtækis, er ósátt við fyrirhugaða breytingum á samningum Símans um þjónustuna. Önnu var nýverið sagt upp samningi sínum við Símann með tveggja mánaða uppsagnarfresti. Henni var boðið að endurnýja hann fyrir 1. október, þá samkvæmt nýjum skilmálum sem kveða á um að hlutfall ágóðans sem Síminn tekur í sinn hlut tvöfaldast úr 25 prósentum í 50 prósent. Þar að auki mun fast mánaðargjald fyrir þjónustuna hækka úr 3.100 krónum í 7.900 krónur.


**EVA MAGNÚSDÓTTIR**


**BRÉFIÐ TIL ÖNNU ÞORGEIRSDÓTTUR** Í bréfinu frá Símanum segir að fyrirtækið muni nú taka helming af öllum ágóða sem kemur í gegnum 900-númerin.



**HÖFUÐSTÖÐVARNAR** Upplýsingafulltrúi Símans segir Símann koma til móts við viðskiptavini með því að taka á sig áhættu á vanskilum símreikninga.

Anna segir að oft sé hringt í hennar fyrirtæki fyrir áttatíu til níutíu þúsund krónur á mánuði. Ef miðað er við níutíu þúsund á mánuði lækkar það sem Anna fær í vasann úr tæpum 65 þúsund krónum í um 35 þúsund. „Mér finnst þetta svolítið gróft,“ segir Anna. „Ég sem legg fram vinnuna í þetta fyrirtæki fæ ekki nema fjörutíu prósent af hagnaðinum. Það eina sem þeir gera er að þeir eru með tölvu sem reiknar út mínútugjaldið og svo sjá þeir um innheimtuna.“

Anna hefur haft samband við Neytendasamtökin vegna málsins. „Þeir sögðu að þetta væri mjög gróf hækkun í skjóli einokunar.“ Anna bendir einnig á að þessi nýi samningur muni líka gilda fyrir safnanir á vegum félagasamtaka.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir önnur fjarskiptafyrirtæki vel geta boðið þessa þjónustu líka. „Mér skilst að Og Vodafone hafi byrjað með svona þjónustu en hætt henni fljótlega.“ Hún segir breytinguna hjá Símanum fyrst og fremst rekstrarlegs eðlis. „Valið stóð á milli þess að hætta einfaldlega með þessa þjónustu eða endurskoða hana frá grunni.“

Eva áréttar einnig að Síminn muni koma til móts við viðskiptavini með því að gera allan hlut þeirra upp mánaðarlega í stað þess að standa skil á honum í samræmi við hlutfall þess sem skilar sér frá greiðendum símreikninganna. Síminn muni framvegis bera kostnað af óinnheimtum kröfum. Þetta segir Anna falskan jöfnuð því hún hafi alltaf haft 95 prósenta innheimtu og því litlu tapað á því.

**stigur@frettabladid.is**


**LOKAÐ** Umferð um aðalhlið varnarsvæðisins hefur verið hætt. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Aðalhlið varnarsvæðisins:

# Lokað fyrir fullt og fast

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Umferð um aðalhlið varnarsvæðisins á Miðnesheiði hefur verið hætt. Hliðið var tekið í notkun í mars 2005, fyrir fimmtán mánuðum. Kostnaður við framkvæmdir vegna þess nam rúmum 130 milljónum króna en reist voru ný varðskýli og bygging fyrir vegabréfaumsýslu auk breytinga á bílastæðum og girðingu.

Umferð inn á varnarsvæðið verður eftirleiðis um svonefnt Grænáshlið.

Ekki náðist í Jóhann R. Benediktsson, sýslumann á Keflavíkurflugvelli, til að inna hann eftir ástæðum breytinganna. **-bþs**

Nóg að gera hjá lögreglu:

# Þrjú innbrot í Hafnarfirði

**LÖGREGLA** Þrjú innbrot voru tilkynnt til lögreglunnar í Hafnarfirði um helgina. Á laugardag var tilkynnt um innbrot í skúr á svæði FH í Kaplakrika, en þaðan var ekkert tekið annað en gosdrykkir.

Aðfaranótt mánudags var brotist inn í Golfskála Keilis á Hvaleyri og þaðan stolið lítilræði af skiptimynt. Einnig var tilkynnt um innbrot í fyrirtæki skammt þar frá en engum sögum fer af ránsfengnum. Í báðum síðari tilvikunum fóru þjófavarnarkerfi í gang og stökktu þjófunum á flótta. Málin eru öll í rannsókn. **- sh**







Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VERSLUNARMANNAHELGIN**
Horfur komandi verslunarmannahelgar eru bara ágætar. Reyndar verður að segjast að kortin eru ekki alls kostar þurr en á hinn bóginn verður talsverður breytileiki í úrkomunni um helgina. Þannig reiknast úrkoma bæði sunnan og norðan heiða á föstudeginum og laugardeginum en það sem mestu máli skiptir er að það eru hlýindi í kortunum og vindur yfirleitt skaplegur.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg norðlæg átt. Bjart með köflum. Hiti allt að 16 stig að deginum.

## VEÐURSPÁ




*um hádegi »*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C | hálfskýjað | London | 21°C heiðskírt | Alicante | 34°C heiðskírt |
| Billund | 24°C | skúrir | París | 24°C skúrir | Mallorca | 29°C heiðskírt |
| Osló | 25°C | skúrir | Frankfurt | 23°C léttskýjað | Algarve | 29°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 24°C | skúrir | Friedrichshafen | 17°C skúrir | Krít | 29°C heiðskírt |
| Gautaborg | 21°C | skúrir | Berlín | 26°C léttskýjað | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna spágildi fyrir hæsta hita dagsins. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33404 07/2006

## Yaris risaSMÁR - aftur og aftur

**Yaris er enginn venjulegur bíll.**
risaSMÁ hönnun hans og tækni gerir það að verkum að hann hefur eiginleika stærri bíla hvað varðar rými og getu en jafnframt eiginleika smærri bíla hvað varðar lipurð og eyðslu. Núna færðu risaSMÁAN Yaris 1.0 l með frábærum aukahlutum sem gera tilfinninguna risaSMÆRRI.
Yaris er bíll sem fólk vill eiga og keyra. **Aftur og aftur.**

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
**En** risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR **aukahlutapakki**

- Filmur í rúður
- Krómlisti á hlera
- Krómstútur á púst
- Vindskeið

**Verð frá 1.585.000 kr.**

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |



## KJÖRKASSINN

*Fórst þú á tónleika Sigur Rósar á Klambratúni?*

| | |
|---|---|
| Já | 30% |
| Nei | 70% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Veldur hraðakstur vélhjóla í umferðinni þér áhyggjum?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Þráfelldum ofsaakstri vélhjólamanna virðist ekki ætla að linna:

# Vélhjól á 145 í Hafnarfirði

**VÉLHJÓL** Lögreglumenn í Kópavogi mældu vélhjólamann á 145 kílómetra hraða á Hafnarfjarðarvegi skömmu eftir miðnætti í fyrrinótt, þar sem hámarkshraði er sjötíu kílómetrar á klukkustund.

Maðurinn lét ekki segjast þegar lögreglumennirnir freistuðu þess að stöðva för hans heldur gaf í og tókst að stinga af. Lögreglan náði þó skráningarnúmeri hjólsins og handtók manninn, sem er á þrítugsaldri, á heimili sínu í Reykjavík skömmu síðar. Hann má búast við ökuleyfissviptingu og hárri fjársekt.

Mikið hefur verið rætt um ofsaakstur á vélhjólum undanfarna daga og hefur hann vakið mikla reiði í samfélagi vélhjólamanna. Maðurinn sem tekinn var í fyrrinótt var sá áttundi sem mælst hefur á ofsahraða frá því á fimmtudagskvöld, þar af hafa sex verið innan borgarmarkanna, og tveir á rúmlega tvö hundruð kílómetra hraða í nágrenni Borgarness. Af þessum átta hefur enginn verið á undir 142 kílómetra hraða, fimm hafa reynt að stinga lögreglu af, fjórum tekist það og þrír þeirra eru enn ófundnir. Þrír hafa látist í vélhjólaslysum það sem af er ári.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, hefur lýst því yfir að til greina komi að auka kröfur til vélhjólaréttinda í ljósi ástands síðustu daga. - sh



**OFSAAKSTUR Á VÉLHJÓLI** Tíðar fréttir hafa verið af því undanfarna daga að ökumenn vélhjóla, sem keyra á ofsahraða, stingi lögregluna af.

Hernaður á Gaza:

# Táningur veginn af hernum

**GAZA, AP** Ísraelsher banaði sautján ára pilti og særði tveggja ára barn í gær á Gaza-svæðinu, að því er segir í tilkynningu palestínskra lækna. Talsmaður Ísraelshers segir herinn hafa skotið á vopnaða menn sem skutu eldflaugum að Ísrael.

Herför Ísraelsmanna á Gazasvæðinu hefur staðið yfir frá 28. júní og hefur mikið af grunnstoðum samfélagsins beðið tjón af, svo sem híbýli, ræktarlönd, vatnslagnir og rafmagnslínur. Tilgangurinn með henni mun vera að stöðva eldflaugaárásir á Ísraelsríki og að hefna fyrir árás á á herstöð Ísraelsmanna. - kóþ



**EINN Á KINNINA** Þorgerður smellti kossi á Hrafn Jökulsson, formann Hróksins.

Þorgerður kvaddi skákmenn:

# Hróksmenn flognir utan

**SKÁK** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra kvaddi liðsmenn skákfélagsins Hróksins með virktum á Reykjavíkurflugvelli í gær, en þeir eru á leið til Grænlands.

Hrókurinn hefur haldið svonefnt Grænlandsmót árlega frá árinu 2003. Í ár munu Hróksmenn heimsækja mörg þorp í landinu og standa fyrir fjórða alþjóðlega Grænlandsmótinu í Tasiilaq, 5. og 6. ágúst. - sh

Bæjarráð Hveragerðisbæjar:

# Mikil framúrkeyrsla í rekstri

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samkvæmt niðurstöðum milliuppgjörs fara langflestar stofnanir Hveragerðisbæja fram úr fjárhagsáætlun. Þetta kemur fram í bókun fulltrúa nýs meirihluta í Hveragerðisbæ. Þar segir jafnframt að það muni sérstaklega um aukinn launakostnað sem greinilega hafi verið vanáætlaður í fjárhagsáætlun. Þá segir í bókuninni að ljóst sé að á lokadögum síðasta kjörtímabils hafi verið teknar ákvarðanir um framkvæmdir og fjárfestingar sem skipti tugum milljóna.

Minnihluta lét færa til bókar að flestar ákvarðanir sem teknar voru fyrir utan fjárhagsáætlun hafi verið sameiginlegar ákvarðanir allra í bæjarstjórn. - öhö

# Segir Dorrit hafa skapað gleðilegt andrúmsloft



**Dorrit Moussaieff er orðinn Íslendingur og í dag eru tíu ár liðin síðan Ólafur Ragnar Grímsson var settur í embætti forseta Íslands. Eftir andlát Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur íhugaði Ólafur Ragnar að sækjast ekki eftir endurkjöri. Hann segir Dorrit hafa verið sér mikil stoð og stytta.**

**TÍMAMÓT** „Á þessum tíu árum var erfiðast fyrir mig og fjölskylduna að glíma fyrst við veikindi Guðrúnar Katrínar og svo andlát hennar,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

Ólafur Ragnar var kjörinn fimmti forseti Íslands í fyrsta skipti árið 1996 og tók við embættinu formlega 1. ágúst sama ár. Hann fagnar því tíu árum í embætti forseta Íslands í dag.

„Tímabilið eftir andlát Guðrúnar Katrínar var mjög erfiður tími, svo erfiður að oft á tíðum þurfti ég á öllum mínum kröftum að halda til að sinna mínum verkum. Sárin voru mikil á sálu minni og okkur í fjölskyldunni,“ segir Ólafur Ragnar. Hann íhugaði á tímabili þegar sorgin var hvað mest, að gefa ekki kost á sér til endurkjörs og minnist þess hversu erfitt það hafi reynst honum að sinna starfi sínu. „Ég velti því fyrir mér eftir andlát hennar að láta eitt kjörtímabil gott heita. Hún var svo ríkulegur hluti af kjöri mínu og embættinu,“ segir Ólafur Ragnar.

Fyrstu myndir af Dorrit Moussaieff sem vinkonu forsetans komu fyrir almenningssjónir í fjölmiðlum landsins í lok september árið 1999. Ólafur Ragnar segir það mikla blessun að hafa hitt hana. „Ég er ekki viss um hvað ég hefði gert ef ég hefði ekki hitt hana. Hún hefur gefið mér styrk og getu og skapað andrúmsloft gleði og ánægju, ekki bara fyrir mig heldur fjölskylduna alla,“ segir Ólafur Ragnar. „Það var ekki auðvelt fyrir hana að fá mig í fangið og fjölskylduna, landið og þjóðina, tungumálið, söguna, menninguna og allt það sem mér fylgdi.“



Það er óhætt að segja að árin tíu hafi verið viðburðarrík í embættistíð Ólafs Ragnars. Fjaðrafokið í kringum fjölmiðlafrumvarpið reyndi mikið á hann og var honum erfiður tími. Hann er þó enn sannfærður um að það hafi verið rétt ákvörðun að skjóta málinu til þjóðarinnar. „Allar þessar hrakspár um stjórnarkreppu og hvaðeina sem menn sögðu að myndi gerast ef forsetinn myndi nota málskotsréttinn hefur reynst hjóm eitt,“ segir forsetinn.

Ólafur Ragnar hefur ekki gert upp hug sinn hvort hann hafi í hyggju að bjóða fram starfskrafta sína fjórða kjörtímabilið. „Ég hef frestað öllum hugleiðingum um slíkt. Lífsreynslan hefur kennt mér á þessum árum að við getum haft alls konar áætlanir og áform, en svo gerist eitthvað á einni klukkustund sem breytir því öllu saman,“ segir Ólafur Ragnar. „Ég mun geyma allar ákvarðanir um slíkt fram til vetrarins 2007 til 2008. Kannski verður þá hvort eð er þjóðin búin að fá nóg af mér,“ segir Ólafur Ragnar og hlær.

„Það hafa verið mikil forréttindi að gegna forsetaembættinu á tímum mikilla breytinga í íslensku þjóðfélagi, þar sem fjölmörg ögrandi verkefni hafa kallað á ný tækifæri Íslands í þessum nýja heimi,“ sagði Ólafur Ragnar þegar blaðamaður innti hann eftir hvað hann teldi ministæðast úr embættistíð sinni. „Forsetinn er líklegast einhver öflugasti fulltrúi sem þjóðin getur átt á alþjóðavettvangi ef viðkomandi einstaklingur er tilbúinn að beita embættinu á þann veg.“



**GUÐRÚN KATRÍN ÞORBERGSDÓTTIR** Guðrún Katrín lést í október árið 1998.

Að sögn Ólafs Ragnars er staða Íslands í umheiminum mikið breytt frá því sem áður var. Nú þurfi þjóðir að hafa fyrir því sjálfar að ná árangri.

„Núna erum við í hringiðu heimsins á öllum sviðum. Fyrir ári fór ég í opinbera heimsókn til Kína og síðar í sama mánuði kom forseti Indlands hingað. Þetta tvennt í sama mánuðinum er sterkur vitnisburður um þau alþjóðlegu tengsl sem Ísland nýtur í dag.“

aegir@frettabladid.is




Matvælarannsóknir hf. sameinast starfsemi fimm ríkisstofnana í janúar 2007:

# Ekki búist við einkavæðingu

**HLUTAFÉLAGAVÆÐING** Í vor voru samþykkt lög um sameiningu reksturs Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti, og aðkomu Iðntæknistofnunar og Landbúnaðarháskólans að þeim, og loks Rannsóknarstofu Umhverfisstofnunar. Stofnað verður hlutafélag í eigu ríkisins um reksturinn. Mun það bera nafnið Matvælarannsóknir hf. og verður stofnfé þess ákveðið í fjárlögum.

Stofnanirnar hafa unnið að rannsóknum fyrir atvinnuvegi landsins, meðal annars varðandi þróun á nýjum afurðum, neyslukannanir og matvælaöryggi.

Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, telur hluta þessarar starfsemi þurfa að vera í eigu ríkisins.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir ekki gert ráð fyrir öðru en að hlutafélagið verði í eigu ríkisins í framtíðinni.

„Við höfum engin áform um annað,“ segir Einar. „Á undanförnum árum hafa verkefni eins og þjónustumælingar fyrir atvinnulífið verið tekin út úr Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, svo umsvif ríkisins í þessum málum hafa verið stórminnkuð. Ýmis verkefni verða boðin út, þó ekki sé ljóst enn hver þau verða. Við reynum að skilgreina hvaða verkefni verða áfram á höndum ríkisins, það gæti verið matvælaeftirlit, vöktun á matvælum og annað.“

Markmið Matvælarannsókna hf verður að auka þekkingu og tækni í íslenskum matvælaiðnaði. Lögð er áhersla á starfsemi sem endurspeglar þörf íslensks matvælaiðnaðar fyrir sérhæfða þjónustu, rannsóknir og þróun á sviði matvælatækni. - sgj



**SJÁVARÚTVEGSHÚSIÐ** Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er eitt þeirra fyrirtækja sem sameina starfsemi sína í hlutafélaginu Matvælarannsóknir hf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Skólavörur
## á ótrúlegu verði



**55%** afsláttur

## Vandaðar skólatöskur
- 22 lítra
- Bólstrað bak og bönd
- 2 festingar að framan
- Harður gúmmíbotn

**TILBOÐ**
**3.999 kr**
Verð áður 8.999,-



**55%** afsláttur

**TILBOÐ**
**3.999 kr**
Verð áður 8.999,-



Mikið úrval af pennaveskjum

**Verð frá 333 kr**



**Gott verð**
**3.330 kr**

Skólataska



**Gott verð**
**765 kr**

Sundpokar

Gildir til 7. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvaða ár giftu Dorrit Moussaieff og Ólafur Ragnar Grímsson sig?

2 Hvaða hljómsveit spilaði á undan Sigur Rós á Miklatúni?

3 Hver er faðir Árna M. Mathiesen?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Bandalag háskólamanna rannsakar vinnuaðstæður fólks í vaktavinnu:

# Mikið álag fylgir vaktavinnu

**ATVINNUMÁL** Bandalag háskólamanna rannsakar nú vinnuaðstæður fólks í vaktavinnu og segir Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, þessa vinnu helgast af því að ekki gangi nógu vel að fá fólk í vaktavinnu. „Það hefur sýnt sig að ekki nægir að hækka launin til að laða fólk að vaktavinnu og nú ætla ríki og sveitarfélög að finna úrræði til að gera vaktavinnu eftirsóknarverðari.“

Halldóra segir að forvinna fyrir rannsóknina hafi sýnt að það sé ekki vaktakerfið sjálft sem sé aðalvandamálið heldur sú staðreynd að vaktir séu oft illa mannaðar sem auki álagið.



**HALLDÓRA FRIÐJÓNSDÓTTIR** Formaður BHM segir að reynt verði að finna leið til að gera vaktavinnu eftirsóknarverðari.

Halldóra segir að þegar niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir verði sest niður með viðsemjendum og reynt að finna leið til að gera vaktavinnu eftirsóknarverðari.

„Þróunin hefur verið sú að fólk gerir meiri kröfur um styttri vinnutíma og meiri sveigjanleika í vinnu nú en áður, sem skýrist af því að þarfir fjölskyldunnar eru í auknum mæli í fyrirrúmi.“ Halldóra segir að þótt margir vilji betri laun í vaktavinnu sé einnig hægt að bæta vinnuumhverfið á annan hátt.

Í tengslum við rannsóknina verða spurningalistar sendir til sjúkrahúsa, sambýla, slökkviliðs, lögreglu og annarra stofnana þar sem unnið er á sólarhringsvöktum.

Niðurstöður eru væntanlegar í byrjun nóvember. - hs

Íslensk fyrirtæki:

# Hagnaður jókst frá 2003 til 2004

**VIÐSKIPTI** Hagnaður rúmlega 21 þúsund fyrirtækja sem einnig voru í rekstri árið 2004 var 11,7 prósent af tekjum, samanborið við árið áður þegar hagnaður sömu fyrirtækja var 6,5 prósent. Þetta kemur fram í nýju hefti Hagtíðinda sem gefið er út af Hagstofunni.

Árið 2004 var hagnaður af reglulegri starfsemi allra fyrirtækjanna í safninu, sem eru rúmlega 27 þúsund, 11,2 prósent tekna, en árið áður var hagnaður allra fyrirtækjanna sex prósent af tekjum.

Í yfirlitinu eru fyrirtæki í öllum atvinnurekstri, þar með talin opinber fyrirtæki í hlutafélags- eða samlagsformi. - sh

Afkoma Össurar undir spám:

# Sala stóreykst á milli ára

**VIÐSKIPTI** Össur hagnaðist um 155 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi eða sem nemur rúmri 2,1 milljón Bandaríkjadala.

Afkoman er undir spám greiningardeilda bankanna en meðaltalsspá þeirra hljóðaði upp á þrjár milljónir dala sem gera 220 milljónir króna.

Sala félagsins jókst um 85 prósent á milli ára og nam um 4,8 milljörðum króna á fjórðungnum. Kemur vöxtur einkum til vegna ytri vaxtar Össurar. Velta er heldur yfir öllum spám greiningardeildanna.

Félagið afskrifaði um þrjár milljónir dala á fjórðungnum vegna fyrirtækjakaupa að undanförnu.

Össur hannar og framleiðir stoðtæki, spelkur og stuðningsvörur. - eþa

Nýr listi ferðavefs yfir heitustu ferðamannastaðina:

# Reykjavík á listanum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Reykjavíkurborg er meðal fimm heitustu áfangastaða heimsins á næstu fimm árum, samkvæmt nýrri úttekt Orbitz.com en sá vefur er einn vinsælasti ferðavefur í Bandaríkjunum.

Velja þeir á fimm ára fresti fimm staði sem ferðalangar verða að heimsækja og upplifa og eru vissir um að verði á meðal vinsælustu áfangastaða næstu fimm árin. Reykjavík er þar á blaði enda þykir skríbentum vefsins mikið til borgarinnar koma. Gestrisni íbúa er rómuð sem og sú orka öll sem býr í landsmönnum öllum. Stutt sé í heimsklassa afþreyingu á borð við Bláa lónið og nóg sé af börum og veitingastöðum til að fullnægja hvötum allra.

Þær fimm borgir sem mælt er með næstu fimm árin eru auk Reykjavíkur, Shanghai í Kína, Cape Town í Suður-Afríku og Albuquerque og New Orleans í Bandaríkjunum. Vinsælustu borgarferðir Bandaríkjamanna síðustu fimm árin samkvæmt Orbitz hafa verið London, Cancun, Toronto, París og Vancouver. - aöe



**HEILLANDI ÞRÁTT FYRIR VEÐRIÐ** Einn vinsælasti ferðavefur Bandaríkjanna telur að Reykjavík verði á meðal vinsælustu áfangastaða ferðamanna næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MEÐLIMIR STJÓRNARHERS SRÍ LANKA** Stjórnarherinn segist enn virða vopnahléið, þrátt fyrir að hafa vegið 39 uppreisnarmenn í gær. Tamíl-tígrar eru ekki á sama máli um friðarhorfurnar, né talsmaður norrænu eftirlitssveitarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Friðurinn úti á Srí Lanka

**Yfirmaður eftirlitssveitanna óttast hörmungar. Uppreisnarmenn segja vopnahléið ógilt og utanríkisráðuneyti Íslands íhugar að fjölga í eftirlitssveitinni.**

**SRÍ LANKA, AP** Miklir bardagar voru í norðausturhluta Srí Lanka í gær milli stjórnarhers landsins og uppreisnarmanna Tamíl-tígra. Barist var um stíflulhlið sem Tamíl-tígrarnir lokuðu fyrr í júlímánuði og skrúfuðu þá fyrir vatnið hjá allt að sextíu þúsund manns í héruðum sem eru undir stjórn ríkisins. Stjórnarherinn lagði til atlögu við uppreisnarmennina í gær og banaði að minnsta kosti 39 þeirra, en Tígrarnir vógu fimm stjórnarhermenn á móti.



**ULF HENRICSSON**

Stjórnarherinn segist hafa ráðist á Tamíl-tígrana af „mannúðarástæðum“ til að tryggja að skjólstæðingar sínir hefðu vatn til að veita á akra sína og að með árásinni hefði ekki staðið til að rjúfa vopnahléið sem ríkt hefur í landinu síðan 2002, en átökin í gær voru þau mestu í fjögur ár.

Að sögn Ulf Henricsson, yfirmanns norrænu eftirlitssveitanna á Srí Lanka er vopnahléið milli stríðandi fylkinga í landinu nú einungis vopnahlé „í orði kveðnu“ og óttast hann „hörmungar“ brjótist stríð út að nýju. Puratchi, talsmaður Tamíl-tígra, tók í sama streng og sagði vopnahléið „ógilt og marklaust,“ en ekki náðist í aðra foringja uppreisnarmanna til að staðfesta það.

Allt er nú í uppnámi vegna friðargæslustarfa Íslendinga á Srí Lanka. Evrópusambandsþjóðirnar Danmörk og Finnland hafa tilkynnt að frá og með 1. september muni þær draga sig í hlé eftir að Tamíl-tígrar sögðust ekki treysta á hlutleysi þeirra, í kjölfar þess að ESB skilgreindi uppreisnarherinn sem „hryðjuverkasamtök“. Líklegt er að Svíar tilkynni einnig um brotthvarf sitt á næstu dögum. Þá standa eftir Íslendingar og Norðmenn einir til að sinna eftirlitsstörfum Norðurlandaþjóða.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneyti Íslands er í skoðun hjá ráðuneytinu að fjölga Íslendingum í eftirlitssveitinni og einnig að leita, í samstarfi við stríðandi fylkingar, til ríkja utan Evrópusambandsins til að taka þátt í störfum hennar. Engar ákvarðanir hafi enn verið teknar um framhaldið, en mikill vilji sé til þess að starfa áfram í Srí Lanka.

klemens@frettabladid.is


Ert þú í atvinnuleit?
Leyfðu okkur að aðstoða
Skráðu þig á www.hhr.is
HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA
HH Ráðgjöf, Ráðningarþjónusta - Fiskislóð 81 - 107 Reykjavík
Sími: 561 5900 - Fax: 561 5909 - Tölvupóstfang: hhr@hhr.is - www.hhr.is






STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNA Á ALDRINUM 6-16 ÁRA

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert 80 börnum og fjölskyldum þeirra kleift að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð. Landsbankinn annast fjárhald sjóðsins. Verndari Vildarbarna er Vigdís Finnbogadóttir.

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

WWW.ICELANDAIR.IS

Umsóknarfrestur er til 1. september 2006. Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag, 21. október 2006.

# Rýmingar-sala

**70% afsláttur af ALLRI vöru***

**Smáratorgi**

Verslunin lokar
allt á að seljast

**Lokadagur Rýmingar-sölunnar**

* Gegn staðreiðslu og gildir ekki með öðrum tilboðum.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

Vantar þig síma?






Nokia 6230i
Vodafone live!
Tilboðsverð: 24.900 kr.
Verð áður: 28.900 kr.

Partí í poka!



Með sérhannaða vasa fyrir GSM og MP3 spilara. Bæði tækin geta tengst innbyggðum hátölurum bakpokans.

Sértilboð fyrir Og1 viðskiptavini
7.900 kr.

Verð fyrir eigendur Vodafone live! síma
9.900 kr.

Almennt verð
12.900 kr.

Hendur á stýri!



20% afsláttur
af öllum handfrjálsum búnaði

og vodafone

Heyrumst!


Hækkun skólagjalda Viðskiptaháskólans á Bifröst hefur skapað spennu milli skólafélagsins og nemenda:

# Yfirlýsing vekur reiði nemenda

**BIFRÖST** Reiði ríkir á meðal hóps nemenda Viðskiptaháskólans á Bifröst vegna yfirlýsingar Skólafélagsins sem birtist á heimasíðu skólans á dögunum, varðandi fyrirhugaða hækkun skólagjalda.

Þar fullyrðir Skólafélagið að „ekki sé um almenna óánægju að ræða á meðal nemenda skólans vegna hækkunarinnar,“ eins og segir orðrétt í yfirlýsingunni. Ekki er tilgreint frekar hvort umræddir nemendur séu í Skólafélaginu, en þess skal geta að einungis helmingur nemenda á Bifröst er skráður í Skólafélagið.

„Stjórnin er kosin af meirihluta nemenda og því tölum við fyrir munn meirihluta nemenda,“ segir Bryndís Ósk Jónsdóttir, formaður skólafélagsins.

Í yfirlýsingunni segir enn fremur að skólafélagið álíti að einungis sé um lítinn hóp nemenda að ræða, sem ekki geti fellt sig við þær ástæður sem gefnar hafi verið fyrir hækkuninni.

Spurð hvort stjórnin sé hugsanlega að slá vopnin úr höndum þeirra sem vilji berjast frekar gegn hækkuninni kveður Bryndís Ósk svo ekki vera. „Þessar hækkanir voru gerðar í fullu samráði við nemendur á sínum tíma.“

Slík er óánægjan á meðal einstakra nemenda viðskiptaháskólans að einhver fjöldi þeirra hefur tilkynnt að þeir muni ekki skrá sig í skólafélagið á næsta skólaári. **- æþe**



**VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Óveðursský eru yfir skólanum í kjölfar yfirlýsingar skólafélagsins þess efnis að ekki sé um almenna óánægju að ræða meðal nemenda skólans vegna fyrirhugðar hækkunar á skólagjöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# 73 kíló af fíkniefnum náðust á hálfu ári

**Lögreglan lagði hald á rúm 73 kíló af fíkniefnum fyrstu sex mánuði ársins. Meira hefur náðst af amfetamíni en allt síðasta ár. Fíkniefnasveit ríkislögreglustjóra kemur tvíefld til leiks um verslunarmannahelgina.**

**LÖGGÆSLA** Lögreglan lagði hald á rúm tuttugu kíló af kannabisefnum, rúm þrettán kíló af hassi, ríflega tíu kíló af amfetamíni og tæp tvö kíló af kókaíni fyrstu sex mánuði ársins.

Auk þess náðust 198 e-töflur, 72 töflur af örvandi efninu efedrini og 462 töflur af ólíkum sterum. Samtals náði lögreglan rúmum 73 kílóum af fíkniefnum til júníloka, samkvæmt bráðabirgðatölum ríkislögreglustjóra. Lögreglan tók rúmlega sjö kíló af efnum sem ekki voru skilgreind sérstaklega.

Þegar hefur meira náðst af amfetamíni á árinu en allt árið í fyrra. Auk kílóanna tíu fyrstu sex mánuðina náðust meðal annars tveir Litháar með tólf kíló af amfetamíni fyrstu vikuna í júlí, þegar þeir komu til landsins með skipinu Norrænu. Kílóin af amfetamíni sem náðust í fyrra voru rúmlega tólf.

Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, segir árangurinn þessa fyrstu mánuði góðan og ítrekar að ekki verði slegið slöku við í fíkniefnaeftirliti um verslunarmannahelgina. Sveitin komi tvíefld til leiks. Hann nefnir að á annan tug lögreglumanna verði í sveit ríkislögreglustjóra. Þeir beiti nýþjálfuðum fíkniefnahundum og séu sérþjálfaðir í fíkniefnarannsóknum. Hundarnir komi ekki aðeins frá lögregluembættunum heldur einnig frá tollgæslunni. Lögreglan á Ísafirði, Akureyri, Reykjavík, Eskifirði, Borgarnesi og Vestmannaeyjum verði auk þess með sína hunda á vakt og herði eftirlitið sérstaklega um verslunarmannahelgina.

Guðmundur segir ríkislögreglustjórann hafa sett sveitina á stofn til að geta brugðist hratt við, því erfitt sé að áætla hvert fólkið streymi: „Við getum borið niður hvar sem er á landinu,“ segir hann og bendir á að sveitin hafi í fyrra upplýst 32 fíkniefnamál um verslunarmannahelgina.

gag@frettabladid.is
sdg@frettabladid.is




**FÍKNIEFNALEITARHUNDURINN NERÓ** Hér er Neró með bolta sem hann fékk í verðlaun fyrir að hafa fundið amfetamín í bílskotti við æfingu. Lögreglan hefur nokkra hunda í sinni þjónustu sem eru sérþjálfaðir í að leita að fíkniefnum. Hefur það gefið góða raun enda ýmsum brögðum beitt til að fela vímuefni. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

**ÝMSAR TÖLUR UM HALDLÖGÐ FÍKNIEFNI**

| Tegund | Grömm | Lítrar | Millilítrar | Stykki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Kannabisefni, Hass | 13.241,72 | | | | 13.241,72 |
| Kannabisefni, Kannabislauf | 19.767,12 | | | 121,00 | 19.888,12 |
| Kannabisefni, Kannabisplöntur | | | | 806,00 | 806,00 |
| Kannabisefni, Kannabisstönglar | 7.535,13 | | | 2,00 | 7.537,13 |
| Kannabisefni, Maríjúana | 2.101,33 | | | 5,00 | 2.106,33 |
| Læknislyf, Læknislyf | 9,99 | | | 443,00 | 452,99 |
| Slævandi lyf, Contalgin | | | | 2,00 | 2,00 |
| Örvandi efni, Amfetamín | 10.298,30 | | | 109,30 | 10.407,60 |
| Örvandi efni, Kókaín | 1.883,65 | | 0,90 | | 1.884,55 |

Heimild: Ríkislögreglustjóri. Tölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins.



**EVO MORALES** Morales er eldheitur áhugamaður um knattspyrnu og heldur forsetaembættið úti sérstöku fótglímufélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Bólivíu:

## Nefbrotnaði í fótboltaleik

**BÓLIVÍA, AP** Brotið var á forseta Bólivíu, Evo Morales, í fótboltaleik á sunnudaginn svo að hann nefbrotnaði. Markvörður liðs „sjálfstæðisbaráttumanna“ braut á forsetanum þegar staðan var 2-2, en forsetinn lék fyrir sérstakt lið forsetaembættisins.

Morales er mikill áhugamaður um fótbolta og er vonast til að hann verði orðinn keppnishæfur um næstu helgi þegar lið ríkisstjórnarinnar etur kappi við flokk erlendra gesta sem koma til landsins til að fagna nýju stjórnlagaþingi. Meðal þeirra eru forsetar Brasilíu og Venesúela. **- kóþ**

Níu prósenta fjölgun í júní:

## Fleiri erlendir ferðamenn

**FERÐAÞJÓNUSTA** Níu prósentum fleiri ferðamenn komu til Íslands í júní miðað við sama mánuð í fyrra. Erlendir ferðamenn sem komu til Íslands um Leifsstöð í júní í ár voru 44.591 en á sama tíma í fyrra voru þeir 40.956.

Flestir ferðamenn komu frá Bandaríkjunum eða 7.578 en færri koma þaðan nú en í fyrra. Næstflestir komu frá Bretlandi en þaðan komu 6.619 manns í júní í ár. Þá er góð fjölgun á ferðamönnum sem koma frá Norðurlöndunum, Evrópu og Asíu. **- hs**

Mjólkurbúum fækkar um leið og markaðurinn stækkar:

# Kýr kostar um 2,5 milljónir króna

**MJÓLKURFRAMLEIÐSLA** Aldrei hefur verið meiri eftirspurn eftir íslenskum mjólkurafurðum og nú er. Þrátt fyrir það fækkar mjólkurbúum úti um allt land.

Ástæða fækkunarinnar er að mati Haralds Benediktssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, sú að margir mjólkurbændur um og yfir sextugt hafi kosið að selja mjólkurkvóta sinn og innleysa fjármagn til að fara út í annars konar atvinnustarfsemi á sínum jörðum, heldur en að ráðast í frekari fjárfestingar.

Þróunin hér á landi er í þá áttina að framleiðslueiningum fækkar og þær sem eftir eru stækka. Krafa markaðarins er að fá vöruna fyrir lágt verð og því þurfa bændur að hagræða í rekstri, fara í frekari fjárfestingar, stækka við sig og auka framleiðslu.

„Það eru ekki nema kjarkmennirnir sem fara út í aukna framleiðslu,“ segir Gunnar Sigurðsson, bóndi á Stóru-Ökrum, sem nýverið stækkaði sína framleiðslu um ríflega helming. „Þetta er ekki eins og að kaupa hlutabréf í bankanum. Ég réðst í þetta því ég er sannfærður um að eftirspurnin muni halda áfram að aukast í framtíðinni.“

Að sögn Gunnars er gríðarlega kostnaðarsamt að fjárfesta í stærra húsnæði og fleiri búgripum. Hann metur heildarkostnað við hverja nýja mjólkurkú um tvær og hálfa milljón króna. Þar er gert ráð fyrir kaupverði, kostnaði við húsnæði og kaup á mjólkurkvóta. **- æþe**



**KÝR** Gríðarlega kostnaðarsamt getur verið fyrir bændur að auka við mjólkurframleiðslu sína, þá er heildarkostnaðður við hverja nýja kú um tvær og hálf milljón króna.




# Veitum frelsi

## ... en sýnum ábyrgð!

Útihátíðir og fjöldasamkomur fara nú í hönd og allir vilja eiga góðar minningar um vel heppnaða helgi. Frelsið er yndislegt - en við verðum að kunna að setja mörk.

Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á ungmennum undir 18 ára aldri. Enginn undir þeim aldri á að fara á útihátíð í ár nema í fylgd með fullorðnum. Það er oft erfitt að segja nei en afskiptaleysi er sama og ábyrgðarleysi.

**GÓÐIR FORELDRAR KUNNA AÐ SEGJA NEI**

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

LÝÐHEILSUSTÖÐ

BARNAVERNDARSTOFA

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

UMFÍ

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

SAMAN

UMFERÐARSTOFA

Heimili og skóli

SJÓVÁ

VERTU TIL!

ARGUS / 06-0401




**DÚKKAN HEIMSFRÆGA** Þessi Barbídúkka er til sölu á ráðstefnu Barbísafnara í Los Angeles. Sumar dúkkurnar seljast fyrir meira en eina milljón króna. NORDICPHOTOS/AFP

Ágengar tófur eru vaxandi vandamál hjá bændum á Suðurlandi:

# Dýrbítar drepa fjölda lamba

**LANDBÚNAÐUR** Bændur á Suðurlandi hafa margir hverjir þurft að glíma við ágangsharðar tófur í vor og sumar. Mun meira er um þær nú en verið hefur undanfarin ár.

„Hér hafa ekki fundist greni áður, en okkur fór að gruna hvers kyns væri þegar lömb fóru að hverfa af bæjunum,“ segir Steinar Halldórsson, bóndi í Auðsholti 4 í Hrunamannahreppi. Um tuttugu lömb hafa horfið í Auðsholti og hafa hræ af mörgum þeirra fundist illa leikin við tófugrenið. „Tófan fer mjög illa með lömbin. Sonur minn fann um daginn hræ þar sem lítið var eftir nema beinin,“ segir Steinar.

Hann segist einnig hafa orðið var við að minna sé um fuglalíf. „Á svæðum þar sem tófan tekur sér bólfestu hverfur til að mynda allur mófugl. Hér við Auðsholt hafa verið álftir á vötnum en þær hafa nú forðað sér eftir að tófan kom.“

Sigurður H. Jónsson refaskytta segir áberandi mikið af tófu í byggðum nú. „Áður voru tófurnar eingöngu til fjalla en hafa nú fært sig niður um alla byggð.“ Hann segir mikinn mun á að veiða tófu í byggð þar sem hún er orðin vön manninum.

„Ein áhrifaríkasta aðferðin við að halda tófunni í skefjum eru skothúsaveiðar á veturnar, og er það mikil og óeigingjörn vinna sem lítið fæst fyrir. Ríkið hefur dregið lappirnar í þessu máli, og því lendir kostnaður af veiðunum að miklu leyti á sveitafélögunum,“ segir Sigurður. - öhö



**TÓFA** Dýrbítar hafa lagt fjölda lamba á Suðurlandi í vor og sumar.

Henti köku í ráðherra:

# Fimmtán ára fangelsisdómur

**OSLÓ, AP** Nemandi sem fleygði tertu í fjármálaráðherra Noregs má eiga von á allt að fimmtán ára fangelsi fyrir að ráðast á opinberan embættismann. Námsmaðurinn, 24 ára, sat fyrir fjármálaráðherra landsins á fyrsta degi hennar í embætti og þóttist vera að óska henni til hamingju. Hún sá hvað hann hafði í hyggju og sneri sér undan. Nemandinn kastaði þá kökunni í hnakka ráðherrans. Henni varð ekki meint af.

Kökukastarinn, sem hætti í námi eftir atvikið, verður kærður fyrir að hindra embættismann í starfi, líkamsárás og fyrir að „hræða og angra“ embættismann.

Tilgangur kastsins mun hafa verið að hefja umræðu um hvort rétt sé að vinstrisinnuð manneskja sinni embætti fjármálaráðherra. - kóþ

Ráðherra um kvótaúthlutun til skemmtibáta:

# Sanngirni var gætt við kvótaúthlutun

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir ástæðu þess að allnokkrir skemmtibátar hafi fengið úthlutað þorskkvóta nýverið vera þá að um hafi verið að ræða betri kostinn af tveimur slæmum.



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

Í Fréttablaðinu fyrir helgi var sagt frá skemmtibátaeigendum sem fengu úthlutaðan kvóta í vor án þess að hafa nokkurn tímann stundað veiðar í atvinnuskyni. Einar segir að um tiltölulega fáa aðila sé að ræða sem slíkt fengu en það hafi verið álit sérfræðinga að hætta fremur á slíkt eftir að breytingar voru ákveðnar með kvótaúthlutun í þorski heldur en skapa ríkinu skaðabótaábyrgð gagnvart hundruðum annarra bátaeigenda. Sanngirni hafi þannig verið gætt þótt einstaka skemmtibátaeigendur nytu góðs af líka.

„Til þess að koma í veg fyrir slíkt og til að koma til móts við þá er keypt höfðu kvóta í góðri trú þá voru gerðar breytingar á frumvarpinu sem lagt var fyrir Alþingi. Þó var flestum ljóst að stöku tilvik af þessu tagi gætu komið upp eins og hefur sannast,“ segir Einar K.- aöe




**Í SKJALASAFNI NASISTA** Þarna er að finna óhugnanlegar upplýsingar sem þýskir nasistar skráðu um það sem fram fór í útrýmingarbúðum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkomulag um skjalasafn nasista í Þýskalandi:

# Nasistaskjöl nú aðgengilegri

**BERLÍN, AP** Fulltrúar Þýskalands, Ísraels, Bandaríkjanna og fleiri ríkja undirrituðu í síðustu viku samkomulag um að fræðimenn fengju aðgang að skjalasafni nasista, þar sem finna má milljónir skjala með lýsingum á framkvæmd helfararinnar, útrýmingarherferðar nasista á hendur gyðingum.

Samkomulag um þetta náðist í apríl síðastliðinum. Til þessa hafa einungis fórnarlömb helfararinnar og nánustu ættingjar þeirra haft aðgang að þessum skjölum, sem geymd eru í bænum Bad Arolsen í Þýskalandi.

Aðrir sem hafa viljað skoða þau hafa þurft skriflegt leyfi frá fórnarlömbunum sjálfum til þess að fá aðgangsheimild.

Nasistarnir skráðu vandlega allt sem viðkom útrýmingarbúðunum. Þarna er að finna allt frá einföldum nafnaskrám yfir fanga og skrá yfir máltíðir þeirra yfir í hryllilegar lýsingar á dauða þeirra í smáatriðum.

Þýsk stjórnvöld hafa til þessa ekki viljað rýmka aðgang að skjalasafninu með þeim rökum að þá yrði ekki hægt að vernda viðkvæmar persónuupplýsingar fórnarlambanna.

Undanfarið hafa hins vegar fórnarlömbin sjálf, sem mjög eru nú komin til ára sinna, og ættingjar þeirra farið fram á að aðgangurinn yrði rýmkaður. - gb

Umboðsmaður Alþingis um Félag fasteignasala:

# Telur skylduaðild vera vafasama

**FÉLAGSMÁL** Vafi leikur á hvort gera eigi fasteignasölum að sæta skylduaðild að Félagi fasteignasala og þar með að greiða hundrað þúsund krónur á ári vegna starfa eftirlitsnefndar FF. Þetta er niðurstaða umboðsmanns Alþingis.

Í frumvarpi til breytinga á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa 2004 var gert ráð fyrir að öllum fasteignasölum yrði gert skylt að vera í Félagi fasteignasala. Jafnframt að sett yrði á fót sérstök eftirlitsnefnd með störfum fasteignasala, sem starfaði í tengslum við félagið og á kostnað þess. Félagið gæti lagt árgjald á félagsmenn til að standa straum af þeim kostnaði.

Umboðsmaður bendir á að með breytingum sem gerðar hafi verið á frumvarpinu í meðferð þingsins hafi verið gert ráð fyrir skýrum skilum milli nefndarinnar og félagsins og þar með verið um að ræða grundvallarbreytingu á lögformlegum tengslum hennar og FF. Hann vekur athygli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Alþingis á áliti sínu þannig að tekin verði eftir atvikum afstaða til þess hvort gera þurfi þá og þegar breytingar á gildandi löggjöf með þau sjónarmið sem rakin eru í þessu áliti í huga. - jss




Vertu á hellu í sumar fyrir

4.092 KRÓNUR Á MÁNUÐI*



Hellur & steinar

FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 550 eða á www.mest.is.

mest – allt til bygginga

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

MasterCard Staðgreiðslulán

*Forsendur miðast við 60 m² af Borgarhellum án hellulagnar og jafnar mánaðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgreiðist við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað er opnuðum hellubrettum.

Malarhöfða 10, Reykjavík | Bæjarflöt 4, Reykjavík | Hringhellu 2, Hafnarfirði | Hrísmýri 8, Selfossi | Leiruvogi 8, Reyðarfirði

# götu markaður verðhrun

## á fatnaði og skóm

## Einungis 4 verð í gangi




enn meiri verð-lækkun

**500kr**

**1000kr**

**1500kr**

**2000kr**

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*


Útsala
MAGNAÐ
TÍVOLÍ
TILBOÐ
MAGNAÐIR MIÐVIKUDAGAR!
Á meðan Tívolíið er við Smáralind, verða miðvikudagarnir magnaðir. Magnaða miðvikudaga fást armbönd sem gilda í tækin frá 13–18 eða 18–22.30.
Armböndin kosta 4.500 kr. fyrir fullorðna en 3.000 kr. fyrir börn undir 140 cm.




# Útsölulok

## GÖTUMARKAÐUR

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

**þriðjudag til laugardags**

BRÚÐHJÓN
sumarsins
2006

## Blómstrar ástin?

**Ætlið þið að láta pússa ykkur saman í sumar?**
Komið við í Smáralind, búið til gjafalista og skráið ykkur í brúðkaupsleik Smáralindar og Rásar 2, þar sem brúðhjón sumarsins 2006 verða valin. Heppnustu brjúðhjón sumarsins fá gjafir frá Smáralind fyrir eina milljón og Sumarferðir ætla að bjóða þeim í lúxusferð til útlanda.

### Dæmi um vinninga:

**Sumarferðir:** Brúðkaupsferð á sólríkan sælustað – **LÚXUS VIKUFERÐ**
**Ormsson:** Þvottavél og þurrkari – íslenska parið
**Smáralind:** Brúðargjafakort Smáralindar fyrir 100.000 kr.
**Líf og list:** Vöruúttekt að eigin vali fyrir 50.000 kr.
**Byggt og búið:** KitchenAid hrærivél
**Hjörtur Nielsen:** Pottasett
**Tous:** Bollastell
**Intersport:** Þrekhjól
**Drangey**: Ferðataska
**Elsa Nielsen:** Málverk
**Nóatún:** 25.000 kr. gjafakort. Kræsingar úr kjötborði Nóatúns eða annar gourmet - matur úr Nóatúni Smáralind.
**Ísinn:** Ístertur í brúðkaupið.
**Isis:** Leðurtaska, hárskart, skart og lúxus sólgleraugu frá Evita Peroni fyrir brúðina
**Iceland on Track:** Dagsferð innanlands í 44" lúxusjeppum



Dregið verður 26. ágúst

SUMAR FERÐIR

RÁS 2




Þegar ástin blómstrar




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

## „ORÐRÉTT“

**Viðskiptafrelsi**

*„Reynslan sýnir að hugmyndir um frelsi í viðskiptum og aukna samkeppni hafa ekki fæðst á Íslandi. Þessu hefur yfirleitt verið troðið upp á okkur í tengslum við alþjóðlega samninga.“*

SVEINN HANNESSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA IÐNAÐARINS, UM HUGMYNDIR UM AFNÁM VÖRUGJALDS AF MATVÖRU. FRÉTTABLAÐIÐ 31. JÚLÍ.

**Kárahnjúkamótmæli**

*„Þá veittum við mjög vinsamlega mótspyrnu og meðal annars settumst við niður og lögðumst í götuna til að tákna lífríkið sem mun deyja, sögðum þjóðsögum o.fl.“*

HAUKUR HILMARSSON, EINN MÓTMÆLENDA KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR, UM VERU ÞEIRRA Á LOKUÐU VINNUSVÆÐI VIÐ VIRKJUNINA. MORGUNBLAÐIÐ 31. JÚLÍ.

*nær og fjær*
# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐNÝ HRUND KARLSDÓTTIR FYRRVERANDI SVEITARSTJÓRI RAUFARHAFNAR

## *Sveitarstjóri á biðlaunum á Spáni*

„Það sem er helst að frétta af mér þessa dagana er að ég ligg á ströndinni í Barcelona,“ segir Guðný Hrund Karlsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri Raufarhafnar. „Ég er búin að vera hérna á Spáni í tæpar þrjár vikur í sumarfríi með dóttur minni.“

Guðný hefur verið á ferðalagi um norðurhluta Spánar í fríinu sínu en mestum hluta tímans hefur hún varið á ströndinni enda hitabylgja í Evrópu. „Hitabylgjan sem hefur verið í Evrópu undanfarið hefur ekkert truflað mig sérstaklega. Ég er bara dugleg að bera á mig og dóttur mína sólarvörn og nýt þess að vera á ströndinni, þetta er toppurinn á tilverunni. Ég kvarta ekki undan hitanum,“ segir Guðný Hrund.

Guðný Hrund lét af störfum sem sveitarstjóri Raufarhafnar við sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi þegar úr varð Norðurþing. Aðspurð um hvað taki við að loknu sumarfríinu sagði Guðný Hrund að hún myndi snúa sér aftur að því sem hún starfaði við áður en hún tók við bæjarstjórastólnum. „Þessa stundina er ég bæjarstjóri á þriggja mánaða biðlaunum. Þegar því lýkur fer ég að öllu óbreyttu að vinna við það sama og ég var að gera áður, við tölvur og bókhald. Ég er allavega ekki á leið í pólitík,“ segir Guðný Hrund.

Fyrir utan ferðina til Spánar hefur Guðný Hrund notað sumarfríið í að ferðast um landið. „Sumarfríið er búið að vera frábært. Ég er búin að fara í útilegur og ferðast um landið, þetta er búið að vera meiriháttar.“

Guðný Hrund er væntanleg til landsins í dag og þá segir hún að sumarfríið muni haldi áfram, því biðlaunin taki ekki enda fyrr en 10. september næstkomandi. „Maður heldur bara áfram í sumarfríi heima á Íslandi í rúman mánuð í viðbót nema að maður fari að vinna áður. Þetta þriggja mánaða sumarfrí er búið að vera dásamlegt,“ segir fyrrverandi sveitarstjórinn á ströndinni í Barcelona.



## SJÓNARHÓLL
**OFSAAKSTUR VÉLHJÓLAMANNA**



GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR

### *Ættu að fara í meðferð*

„Ég held að ef ég væri svolítið yngri og ég væri karlmaður, þá mundi mig langa dálítið í vélhjól, því að það er ekkert eins karlmannlegt og að hafa svona kraft fyrir framan þig,“ segir leikkonan góðkunna Guðrún Ásmundsdóttir. Fréttir af ofsaakstri vélhjólamanna innanbæjar sem utan hafa verið nánast daglegt brauð undanfarið.

„Ég er ansi hrædd um, að líkt og hjá þessum mönnum, af því að þetta er svo gaman og gefur manni svo mikið vald og kraft, að ég mundi kannski líka styðja einum of harkalega á bensínið. Ég mundi jafnvel mæla með því, af því að þetta er svo skiljanlegur veikleiki fyrir karlmenn sérstaklega, að þeir færu bara í meðferð. Að fá bara manneskju sem kann að hjálpa þeim að halda niðri þessari karlmennskuímynd. Það er enn þá meiri karlmennska að fara aðeins varlega heldur en að æða svona áfram, þótt það sé töff.“



**JÓN SVEINSSON MEÐ AFURÐINA** Dúnn er hans ær og kýr. Um tvö kíló af dúni eru í pokanum sem þýðir að hann hefur verið tekinn úr um 130 hreiðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

# Með æði fyrir æðardúni

**Á bænum þar sem Gestur Pálsson skáld fæddist starfrækir nú Jón Sveinsson æðardúnhreinsun. Blaðamaður kom að þeim hjónum Jóni og Innessa Lebedeva þar sem þau voru í óða önn að hreinsa dún og eftir stundarkorn kemur svo Larisa, tengdamóðir Jóns, og hefst handa við sömu iðju.**

„Ég er búinn að vera í þessu frá því 1989,“ segir Jón. „Ég kom mér bara upp tækjum til að hreinsa minn æðardún en fljótlega fóru nágrannarnir að hellast yfir mig og báðu mig um að hreinsa sinn dún líka og þannig vatt þetta upp á sig.“ Í dag er hann í viðskiptum við áttatíu bændur og hreinsar um 460 kíló á ári. „Ég lærði markaðsfræði í Bandaríkjunum í eitt ár og eftir það var ég í stakk búinn að versla sjálfur með þessa vöru svo ég hringdi í kaupanda í Japan, reyndar var þá miðdimm nótt þar í landi en kaupandinn kom í símann og svaraði „ah, are you from the Samband?“ Ég kvað nei við en hann var til í að kaupa,“ segir Jón.

Fimm manns hjálpa til við hreinsunina þegar mest er að gera í Miðhúsum en á haustin pakka þau hjú niður og fara til Ríga í Lettlandi þar sem þau eru að þreifa fyrir sér með hönnun tískuvara.

Allir í fjölskyldunni leggja sitt af mörkum svo hægt sé að gera hlutina með hagkvæmum hætti. „Það er allt svo dýrt hér á landi,“ segir Jón. „Hérna vildu menn þrjú hundruð þúsund fyrir að láta mynda fyrirsætu í flíkum sem unnar eru úr dún en ég á þessa fallegu konu svo það voru hæg heimatökin,“ segir hann og má það til sanns vegar færa því konan tekur sig vel út með dún í hönd á æðardúnssæng á myndum auglýsingabæklings sem hannaður hefur verið. Einnig blasa þessar myndir við á veginum þegar ekið er framhjá afleggjaranum að Miðhúsum og á sú fegurð vel við í náttúrufegurðinni á Reykhólum.



**HÚSFREYJAN Á MIÐHÚSUM MEÐ DÚNINN** Einhverjum vegfarendum kann að bregða í brún þegar ekið er að Reykhólum en þá blasir húsfreyjan á Miðhúsum við sem hin glæsilegasta fyrirsæta í auglýsingamynd fyrir dúnhreinsunina. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Blaðamaður hafði verið varaður við því að ef hann færi að ræða um æðardún við bóndann á Miðhúsum að þá væri eins gott að hafa nægan tíma aflögu. Það voru orð að sönnu því það gustar af Jóni þegar málin eru rædd og hann verður óstöðvandi. Inessa kemur þá að og segir bónda sínum að slá aðeins af.

Hann heldur þó áfram af kappi enda fróður um efnið og hugmyndir hans margar. „Ég er að berjast fyrir því að komið verði upp æðardúnsmarkaði sem myndi virka rétt eins og fiskmarkaðir,“ segir Jón ákveðinn. „Þá geta framleiðendur og kaupendur komið saman og samið um verðið milliliðalaust og þar með er ágóði heildsalans dottinn út og ætti að renna þess í stað til framleiðenda. Það eru þó ekki allir ánægðir með þetta fyrirkomulag en ég vonast til þess að þetta verði að veruleika áður en langt um líður.“

Jón telur að um tvö og hálft tonn sé framleitt af æðardúni hér á landi og þótt það sé ekki mikið er það megnið af því sem til er á heimsmarkaði. „Svo við setum þetta í samhengi þá er rétt að geta þess að til eru um sex þúsund tonn af gæsadún á Japansmarkaði,“ segir hann. En það er heldur ekki hlaupið að því að tína æðardúninn því til að fá eitt kíló þarf að tína úr 65 hreiðrum. „Japani sem sefur í sinni æðardúnssæng, sem yfirleitt inniheldur um sjö hundruð grömm af æðardún, getur því hugsað sem svo að hann hafi yfir sér afurð frá um 45 fuglum sem eru einhvers staðar á svamli hinumegin á hnettinum.“



**FJÖLSKYLDAN VIÐ HREINSUN** Hér er Larisa að hreinsa dúninn eins og tengdasonurinn Jón en kona hans, Inessa, hefur staðið upp til að setja rússneskt popp á fóninn sem glymur meðan hreinsað er. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

En það gustar af fleirum en Jóni við Miðhús því meðan á samtalinu stendur svífur haförn yfir í allri sinni dýrð. „Þetta er daglegt brauð,“ segir Inessa sem er orðin vön látunum í Miðhúsum, hvort sem þau eru komin frá furðufuglinum á bænum eða öðrum fuglum.

jse@frettabladid.is




## Svona erum við

> Félagar í Ásatrúarsöfnuðinum




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: FÁNI EVRÓPUSAMBANDSINS

# Fullkomnun, samheldni og eining



Nágrannar okkar Finnar tóku við forsætisembættinu í Evrópusambandinu fyrr í sumar og vonast margir til þess að leiðtogastarf þeirra muni vekja aukna athygli Evrópuþjóða á Norðurlöndunum öllum. Því blaktir nú blár fáni Evrópusambandsins víða um Finnland þessa dagana. En hver er sagan og merkingin á bak við fána þennan?

**Hvernig lítur hann út?**
Fáni Evrópusambandsins er heiðblár með tólf gullnum stjörnum sem raðað er í stóran hring og minnir á stjörnur á bláum himni. Hann er ekki aðeins tákn Evrópusambandsins, heldur er honum jafnframt ætlað að sýna einhug innan Evrópu og sérkenni heimsálfunnar í víðara samhengi, kemur fram á fréttavef Evrópusambandsins. Stjörnurnar tólf hafa ekkert með fjölda aðildarlandanna að gera (þau eru 25), heldur var fjöldi stjarnanna valinn því talan tólf hefur í gegnum aldirnar staðið fyrir fullkomnun, samheldni og einingu. Þess vegna breytist ekki tala stjarnanna þegar ný ríki ganga í sambandið.

**Hver er saga fánans?**
Fimmta maí 1949 settu tíu Evrópuríki Evrópuráðið á laggirnar, sem til að byrja með sinnti einna helst mannréttindamálum og styrkti evrópska menningu. Fljótlega fóru forráðamenn Evrópuráðsins að velta fyrir sér hvaða tákn þeir gætu valið sem staðið gæti fyrir ráðið. Árið 1955, eftir miklar og langar umræður, var núverandi útlitshönnun valin þar sem tólf stjörnur skína á bláum bakgrunni. Talan tólf hefur löngum verið táknræn í hinum ýmsu trúarbrögðum og hefðum og merkir alloft fullkomnun. Tólf eru jafnframt mánuðirnir í árinu og klukkustundirnar sem sýndar eru á klukkuskífum. Hringurinn, sem stjörnurnar mynda, merkir auk þess einingu og samheldni. Þar með varð Evrópufáninn til, sem ætlað er að sýna samheldni Evrópubúa.

Upp frá því hvatti Evrópuráðið aðrar Evrópustofnanir til að tileinka sér fánann og tók Evrópuþingið upp notkun hans árið 1983. Tveimur árum síðar, eða árið 1985, samþykktu öll aðildarlönd Evrópusambandsins fánann sem tákn sambandsins.

Síðan í byrjun ársins 1986 hafa allar Evrópustofnanir notað fánann, en á meðan eingöngu framkvæmdastjórn Evrópusambandsins notar ekkert annað merki, þá hafa aðrar deildir og stofnanir innan Evrópusambandsins jafnframt önnur tákn og fána sem þau nota auk fána Evrópusambandsins.

## SPURT OG SVARAÐ

STOFNFRUMUGJAFAR



ÓLAFUR EYSTEINN SIGURJÓNSSON

### *Ísland leggi sitt af mörkum*

Ólafur Eysteinn Sigurjónsson, forstöðumaður rannsókna og nýsköpunar hjá Blóðbankanum, segir að margir hafi haft samband sem vilji gerast stofnfrumugjafar. Um 400 manns eru þegar komnir á skrá og stefnt er að því að um 2.500 manns verði komnir á skrá innan fimm ára.

**Hvaða þýðingu hefur stofnfrumugjafaskrá hérlendis?**
Þetta er nýtt á Íslandi en hefur verið í gangi í heiminum í 25 til 30 ár. Þýðing þess að hafa slíka skrá á Íslandi snýst aðallega um að við leggjum okkar af mörkum í alþjóðasamfélaginu. Við erum aðilar að alþjóðlegu stofnfrumugjafaskránni ásamt hátt í hundrað öðrum löndum. Með íslenskri skrá geta erlendir einstaklingar fengið aðgang að upplýsingum um íslenska gjafa og fundið hér hæfan stofnfrumugjafa sem hentar honum.
Á Íslandi geta leynst áhugaverðir vefjaflokkar sem geta hentað mörgum. Fyrir seinustu aldamót fóru til dæmis margir Íslendingar út í heim og það getur vel verið að aðilar úti í heimi, niðjar þessara utanfara, geti fundið heppilega gjafa hérlendis.

**Eftir hverju eru stofnfrumugjafar valdir?**
Það geta allir orðið stofnfrumugjafar ef þeir uppfylla ákveðin skilyrði um almennt heilbrigði. Þeir þurfa að hafa ákveðið magn af blóði og járni. Þeir mega ekki hafa gengist undir aðgerðir undanfarið ár eða hafa gengist undir þær bólusetningar sem þarf að fara í þegar farið til útlanda.






# Með Ísland í hjarta sér

**Victor I. Tatarintsev tók við embætti sendiherra Rússlands á Íslandi í maí og hefur síðan kolfallið bæði fyrir landi og þjóð.**

„Ísland er í hjarta mínu, bæði fólkið og þetta fallega land ykkar. Ég tel að hafi sendiherra slíkt viðhorf gagnvart landinu sem hann starfar í hafi hann eða hún raunverulegt tækifæri til að gera afar gagnlega hluti,“ segir Victor I. Tatarintsev, nýr sendiherra Rússlands á Íslandi, í samtali við blaðamann Fréttablaðsins á heimili sendiherrans í Reykjavík.

Tatarintsev tók við embætti hinn 17. maí síðastliðinn og við tóku tíu afar annasamar vikur. Meðal annars kom forsætisráðherra Rússlands, Mikhail Y. Fradkov, í fyrstu opinberu heimsókn þess embættis til Íslands í byrjun júní til að sitja fund Eystrasaltsríkjanna og ræða við Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra.

En þrátt fyrir annríkið hefur Tatarintsev fundið sér tíma til að hefja íslenskunám og kynnast Vesturbæjarlaug vel.

### Fimm ár í diplómataskóla

Tatarintsev er fæddur í borginni Kherson í Suður-Úkraínu, þar sem 400.000 manns búa, en við fall Sovétríkjanna varð hann rússneskur að hluta til starfs síns vegna, á meðan yngri bróðir hans og móðir voru áfram í Úkraínu.

„Faðir minn lést árið 1989 fyrir fall Sovétríkjanna og þurfti því sem betur fer ekki að horfa upp á það sem gerðist, á meðan móðir mín neyddist til að upplifa það að eiga tvo syni af sitthvoru þjóðerninu,“ segir Tatarintsev. „Lífið aðskildi fjölskylduna.“

Sjálfur á Tatarintsev einn son sem stundar nám á háskólastigi í Svíþjóð, enda bjó Tatarintsev í fimmtán ár í Svíþjóð.

Eftir grunnskóla fór Tatarintsev í herinn í tvö ár og þaðan beint í fimm ára nám í diplómataskólanum í Moskvu. Hann sérhæfði sig í sænsku og í Norðurlöndunum, og starfaði lengi innan rússneska sendiráðsins í Svíþjóð, meðal annars sem diplómatískur túlkur.

Tungumálahæfileikar hans leyna sér heldur ekki, því þó hann hafi ekki verið lengi á Íslandi hefur hann þegar náð góðu valdi á nokkrum setningum og ber þær fallega fram.

„Ég er búinn að fara í einn íslenskutíma,“ segir hann á hljómfagurri íslensku, hlær dátt og skiptir svo yfir í ensku.

Auk þess var Tatarintsev lengi yfirmaður þeirrar deildar í utanríkisráðuneytinu í Moskvu sem hefur með Norður- og Eystrasaltslöndin að gera, sem og Írland og Bretland.

### Íslendingar og Rússar

Fyrri störf Tatarintsev leiddu hann nokkrum sinnum til Íslands og þó alltaf hafi verið um stuttar ferðir að ræða hafði hann myndað sér skoðun á Íslandi og Íslendingum.

„Þessir tveir og hálfi mánuður síðan ég kom hafa sannað fyrir mér að ég hafði rétt fyrir mér,“ segir hann. „Ísland er ákaflega áhugavert land og þar spilar allt saman, náttúran, menningin og fólkið, sem mér finnst afar áhugavert og líkt Rússum. Þið eruð afslöppuð og léttlynd, heiðarleg og afskaplega opin.“

Tatarintsev segist sérstaklega vera hrifinn af sundlaugum landsins, enda syndir hann þrisvar til fjórum sinnum í viku í Vesturbæjarlaug.

### Varnarliðið brott

Spurður um brottför bandaríska varnarliðsins svarar Tatarintsev að þetta sé alls ekki í fyrsta sinn sem hann heyri þessa spurningu og að hann svari á sama hátt og áður, að þetta sé mál sem hann telji íslensku og bandarísku ríkisstjórnirnar eiga að leysa og að það komi Rússum ekki við.

„Við í Rússlandi teljum það vera undir íslensku og bandarísku ríkisstjórnunum komið að ákveða hvað gera skuli - með hverjum og hvernig beri að verja landið. Þetta er ekki málefni þar sem Rússar eða nokkur önnur þjóð ætti að ráðleggja eitt eða neitt. Hins vegar fylgjumst við að sjálfsögðu náið með framgöngu mála.“

### Beint flug til Pétursborgar

„Æðsti draumur sendiherra hlýtur að vera sá að koma á betra sambandi milli heimalands síns og gestgjafalandsins,“ segir Tatarintsev, sem vonast til að betrumbæta og styrkja þau samskipti og viðræður sem þegar eru komin á gott skrið, sem snerta einna helst fiskveiðar, atvinnulíf og beint flug milli landanna tveggja. Jafnframt vonast hann til þess að betrumbæta persónuleg tengsl manna í millum.

„Það er mikill áhugi í báðum löndum á að koma á beinu flugi og slíkt myndi einfalda bæði ferðamennsku og viðskiptalíf auk þess að bæta persónuleg tengsl fólks,“ segir Tatarintsev.



**HRIFINN AF LANDI OG ÞJÓÐ** Nýr sendiherra Rússlands á Íslandi, Victor I. Tatarintsev, segist vera afar hrifinn af Íslandi, enda sjái hann afar margt bæði í náttúru landsins og í þjóðarsálinni sem minni hann á Rússland. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Önnur tækifæri liggja í vetnisorku og annarri orkuvinnslu, sem og í náttúrunni, menntun og í viðskiptalífinu. Hann fjallar um Actavis, sem áætlar að hefja starfsemi í Rússlandi á næstunni, segir Rússa taka fyrirtækinu fagnandi og segist vona að Íslendingar taki rússneskum fyrirtækjum jafn vel, hefji þau starfsemi hér á landi.

Mörg ónotuð tækifæri liggja í báðum löndum og segir hann sterkan pólitískan vilja fyrir hendi til að bæta tengslin.

„Koma rússneska forsætisráðherrans hingað sannar það,“ segir Tatarintsev og bætir við að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hafi farið í fyrstu heimsókn embættis síns til Rússlands árið 2002. „Og kannski við gætum fengið Vladimír Pútín forseta til að koma hingað í heimsókn. Því ekki það?“ spyr Tatarintsev og hlær.

„Sendiherra sem heldur í hjarta sér landinu sem hann starfar í hefur tækifæri til að gera svo margt. Og ég geri það. Ef fólk minnist mín eftir að ég er farinn og segir ‚hann gerði margt gott‘, þá hlýtur það að vera það besta sem opinber erindreki getur óskað sér,“ segir sendiherra Rússlands á Íslandi.




FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

SUMAR tilboð!

# HEILIR STURTUKLEFAR

með blöndunartæki og stórum NUDDsturtuhaus

6mm öryggisgler í bak og fyrir





## FERKANTAÐUR:

70x70 sm verð: 69.900 stgr.
75x75 sm verð: 72.900 stgr.
80x80 sm verð: 76.900 stgr.

## RÚNAÐUR:

80x80 sm verð: 85.900 stgr.
90x90 sm verð: 89.900 stgr.

INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# SÚPERTURN 6

**64 BITA 3200+**
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 2000FSB

**GEFORCE 7300GS**
Nýjasta kynslóð skjákorta með 256MB DDR2 810MHz minni, CineFX 4.0 tækni og TV-út tengi

**HLJÓÐLÁT VINNSLA**
Góður og hljóðlátur Dragon turnkassi með ofur hljóðlátum Fortron aflgjafa, hurð og USB2 tengi að framan

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | 3200+ Athlon64 AM2 - HT<br>2000FSB og Hyper Transport |
| **Minni** | 1GB DUAL DDR2 Corsair<br>667MHz minni með lífstíðarábyrgð |
| **Harðdiskur** | 250GB WD SE 8MB - SATA 2<br>SATA2 300, 7200RPM og 8MB buffer |
| **Skjákort** | 256MB GeForce7 NX7300GS<br>MSI PCI-E 16X, 810MHz DDR2 |
| **Hljóðkort** | Dolby Digital 7.1 - EAX2<br>8 rása Dolby Digital hljóðkerfi |
| **Annað** | 6xUSB2 tengi, Gigabit netkort<br>4x SATA Raid, 4x ATA133, ofl. |

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harði diskurinn er forsniðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsögðu gamla skjáinn, lyklaborðið og músina.

VL9 • Samtals kr. 72.357 **7.767**

## VERÐ 69.900

---

## SÚPERTURN 4

# 3.2GHz

- 3.2GHz Intel Celeron D351 EM64T
- 512MB DDR2 667MHz minni
- 250GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB ATI Radeon X300 skjákort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- Innbyggt 10/100 netkort, USB2
- Mini/Middle Tower með 300W aflgjafa

VL9 • Samtals kr. 51.654 **5.544**

## VERÐ 49.900

---

## CORSAIR XMS DDR400

- 1GB 400MHz Corsair XMS CL2 vinnsluminni, í ál kæliplötu
- Álplatan skilar kaldara og öruggara minni
- Corsair XMS er eitt hraðvirkasta minnið á markaðnum í dag
- Corsair er 100% prófað og kemur með lífstíðarábyrgð

## VERÐ 12.900

---

## SÚPERTURN 3

VL6 • Samtals kr. 41.302 **6.650**

# 3000+

- 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
- 512MB DDR 400MHz minni
- 250GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB GeForce6 6100 skjákort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- Innbyggt 10/100 netkort, USB2
- Medium Tower með 300W aflgjafa

## VERÐ 39.900

---

## SÚPERTILBOÐ 6

# 3500+

- 3500+ AMD Athlon64 AM2 - HT
- 1GB DDR2 Corsair minni
- 128MB GeForce6 6150 skjákort
- Netkort, 8xUSB2 og FireWire
- SATA2 Raid og 7.1 hljóðkort

## VERÐ 36.900

---

## MSI MÓÐURBORÐ

MSI K9N Neo-F socket AM2 móðurborð með 4x800MHz DDR2 minnisraufum, 4xSATA2, 9xUSB2.0 tengi, Gb Lan ofl.

## VERÐ 12.900

---

## ÞJÓNUSTUBORÐ

- Uppsetning á vélbúnaði
- Ísetning á vélbúnaði
- Ókeypis ráðgjöf
- Opið á milli 9-15

Eingöngu fyrir vélbúnað keyptan í Tölvulistanum. Aðeins einfaldar ísetningar og uppsetningar á reklum. Miðast við hámark 15 mín.

## FRÍTT FRÍTT

---

256MB DDR2 MSI GeForce NX7300GS, PCI-E 16X
**VERÐ 11.900**

512MB Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð
**VERÐ 6.990**

512MB Corsair 667MHz minni með lífstíðarábyrgð
**VERÐ 6.990**

ZyXEL þráðlaust PCMCIA netkort 125Mbps (G-162)
**VERÐ 4.990**

Planet þráðlaust PCI netkort 54Mbps (8314)
**VERÐ 3.490**

3500+ AMD Athlon64 Socket AM2 örgjörvi
**VERÐ 13.900**

Handhægt viðgerðarsett til tölvuviðgerða
**VERÐ 1.690**

1GB Corsair USB2 lykill með 10 ára ábyrgð
**VERÐ 6.990**

# LANDSINS MESTA ÚRVAL

# DRAGON 4
*Giga Series*

CHIEFTEC



**TURNKASSI**



Chieftec 4 Giga Series turn með tengi að framan fyrir USB, hljóðnema, heyrnatól og Firewire

**HLIÐARHURÐ**



Opnanleg hliðarhurð með lás sem veitir auðvelt aðgengi að öllum vélbúnaði tölvunnar

**RÚMGÓÐUR**



Í turninum er pláss fyrir 6x3.5" drif, 4x5.25" drif og þar að auki fjöldi hólfa fyrir kæliviftur

## VERÐ 11.900

## SOUND BLASTER X-FI

CREATIVE




Sound Blaster X-FI XtremeMusic 7.1 er eitt besta hljóðkortið í dag, hvort sem er fyrir kvikmyndir, leiki eða tónlist. 24bita Crystalizer, EAX5.0, 8MB XRAM, THX, DTS-ES og Dolby Digital. Þetta er kort fyrir þá sem vilja einungis topp hljómgæði.

**VERÐ 16.900**

## LOGITECH X - 530

Logitech



- Logitech X-530 - Svart 5.1 hátalarakerfi 70W RMS,
- 5 öflugir hátalarar og stórt kraftmikið bassabox
- Ný FDD2 tækni frá Logitech gefur enn tærari og ríkari hljóm en áður.
- Virkar með PC, MP3, DVD, PlayStation, og Xbox

**VERÐ 12.900**

## MICROSOFT OFFICE




Microsoft Office 2003 skólaleyfi, Íslenskt viðmót fylgir, leyfi fyrir 3 vélar, Word, Excel, Outlook og PowerPoint

**VERÐ 16.900**

## ADOBE PHOTOSHOP




Adobe Photoshop Elements 4.0 hugbúnaðurinn fyrir Windows er allt sem til þarf í myndvinnsluna

**VERÐ 10.900**

## MEDIA ELITE

Logitech



Logitech Media Elite lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum hlaðið flýtihnöppum og möguleikum

**VERÐ 3.490**

## EX110 ÞRÁÐLAUST

Logitech



Logitech Cordless Desktop EX 110 þráðlaust svart og silfrað lyklaborð og frábær optical mús, PS2/USB2

**VERÐ 4.990**




Microsoft OneNote 2003 OEM, besta glósuforritið

**VERÐ 3.990**




Microsoft Office 2004 skólaleyfi fyrir Apple tölvur

**VERÐ 17.900**




Windows XP Pro skólauppfærsla

**VERÐ 12.900**



Trend Internet Security 2006, alhliða vírusvörn

**VERÐ 3.990**




Logitech Extreme 3D PRO, flottastur í leikina

**VERÐ 4.990**




Logitech Dialog 220, svört stereo heyrnartól

**VERÐ 1.790**




Logitech QuickCam Fusion, frábær mynd og hljóðgæði

**VERÐ 12.900**




Logitech QuickCam for Notebooks með innb. mic, USB

**VERÐ 6.990**

MasterCard VISA

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

# TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | KEFLAVÍK |
|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Glerárgötu 36 | Hafnargötu 90 |
| Sími 562 6730 | Sími 464 7400 | Sími 534 7400 |

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Hringvegurinn ber ekki þá umferð sem honum er ætlað að bera.

## Betri vegi í forgang

Umferð um þjóðvegi landsins hefur aukist gríðarlega undanfarin ár og áratugi. Ástæðurnar eru margar og má þar nefna aukna bílaeign þjóðarinnar, fjölgun ferðamanna og þá staðreynd að vegirnir bera nú mikinn hluta flutninga sem áður fóru fram á sjó. Aukning hefur því bæði orðið á umferð einkabíla og stórra og mikilla flutningabíla.

Vissulega hefur vegakerfi landsins tekið stakkaskiptum á undanförnum áratugum, til dæmis er bundið slitlag nú komið á flestar fjölfarnar leiðir. Þróun og bætur á vegakerfinu hafa þó ekki haldið í við stóraukna umferð og þjóðvegir landsins eru því ekki eins örugg umferðarmannvirki og þeir gætu verið.

Fjöldi einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 er óviðunandi, jafnvel þótt við þeim sé varað með skiltum og blikkandi ljósum. Vissulega eru ekki einbreiðar brýr þar sem umferð er mest en þær verða að hverfa á allra næstu árum, að minnsta kosti af hringveginum. Af samgönguáætlun þeirri sem unnið er eftir er hins vegar ekki annað að sjá en að vinna við fækkun einbreiðra brúa muni enn standa árið 2014, sem er árið sem áætlunin nær til.

*Þjóðvegir landsins eru ekki eins örugg umferðarmannvirki og þeir gætu verið.*

Breikkun vega í tvær akreinar í hvora átt, eins og vegfarendur hafa kynnst á nýju Reykjanesbrautinni, er mikil samgöngubót og hefur þegar sannað gildi sitt með tilliti til umferðaröryggis. Miðað við umferðarþunga ætti slíkur vegur með tvöfaldri akrein í hvora átt að liggja að minnsta kosti frá Reykjavík bæði að Hvalfjarðargöngum og austur á Selfoss. Í raun verður að teljast undarlegt að Hellisheiðarvegurinn sem opnaður var fyrr á þessu ári skyldi ekki vera tekinn alla leið í fjórar akreinar, þótt vissulega sé bót í endurbætta veginum miðað við þann gamla.

Auk einbreiðu brúanna og vega með eina akrein í hvora átt verður svo að nefna breidd íslenskra þjóðvega, eða öllu heldur skort á breidd, þ.e. mjóar akreinar og ýmist litlar eða engar öryggisaxlir. Þessir mjóu vegir gera gríðarlegar kröfur til ökumanna um einbeitingu og mat á skynsamlegum hámarkshraða á hverjum stað.

Markmið samgönguáætlunar um öryggi eru metnaðarfull. Ljóst er að ef ætlunin er að ná markmiðum um fækkun umferðarslysa verður að auka fjárveitingar til vegamála, bæta vegi landsins enn hraðar en gert er ráð fyrir í núverandi áætlunum og forgangsraða þannig að áhersla sé lögð á þá staði sem umferðin er þyngst.

Aldrei má þó gera lítið úr ábyrgð ökumanna á lífi og limum sínum og annarra vegfarenda. Á herðum ökumanna hvílir sú skylda að aka ævinlega í samræmi við aðstæður á hverjum stað, einnig þótt þeir kysu að þær væru betri. Óhætt er að fullyrða að íslenskir þjóðvegir bera víðast hvar ekki meiri hraða en þá 90 km á klukkustund sem leyfilegt er að aka á. Hins vegar eru aðstæður á vegum vegna þess hvernig þeir eru úr garði gerðir og einnig vegna umferðar og veðurs oft þannig að mun skynsamlegra er að aka hægar en hámarkshraðinn kveður á um. Þetta ættu ökumenn að hafa hugfast um þá miklu umferðarhelgi sem fram undan er.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gott partí

Margir tónleikagestir kusu að standa í brekkunni við Kjarvalsstaði til að sjá betur upp á sviðið þar sem Sigur Rós spilaði í fyrrakvöld. Ráku nokkrir upp stór augu þegar þeir litu inn í listasafnið þar sem vínglasaraðir stóðu á borðum í boði fyrir fólk sem þar var innandyra. Ekki var öllum heimiluð innganga því verðir pössuðu að almenningur kæmist ekki inn. Mátti sjá borgarfulltrúana Gísla Martein Baldursson, Björn Inga Hrafnsson og Dag B. Eggertsson spígspora innandyra og spjalla við gesti. Töldu menn að þarna hefðu borgarfulltrúar ákveðið að halda gott partí til að hita sig upp fyrir tónleikana. Svo mun þó ekki hafa verið því strákarnir í Sigur Rós höfðu fengið anddyri Kjarvalstaða lánað og boðið nánustu fjölskyldu og velunnurum upp á léttar veitingar.



### Dorrit á röltinu

Annars fór vel um tónleikagestina og þrátt fyrir mannhafið var vel hægt að hreyfa sig á milli staða. Þannig mátti sjá forsetahjónin Ólaf Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff á röltinu meðal fólks í upphafi tónleikanna. Dorrit hefur verið aðdáandi íslenskrar tónlistar og oftar en einu sinni fengið hljómsveitir til að spila á Bessastöðum. Þau hjónin sækja einnig marga tónleika árlega. Á sunnudagskvöldið létu þau sig ekki vanta á Miklatúnið frekar en fjölmargir aðrir Íslendingar.

### Syndir feðranna

Almennt er búist við að ríkisstjórnin fari að hugmyndum formanns matvælaverðsnefndar forsætisráðherra og afnemi vorugjöld af matvælum, en við það gæti matarreikningur heimilanna lækkað um nokkur þúsund krónur á ári. Vörugjöldin voru lögð á sem sérstök ráðstöfun í efnahagsmálum árið 1975 í fjármálaráðherratíð Matthíasar Á. Mathiesen. Eðli málsins samkvæmt kæmi það að mæla fyrir afnámi vörugjalds í hlut núverandi fjármálaráðherra en það er sem kunnugt er Árni M. Mathiesen, sonur Matthíasar. Fari svo má segja að honum lítist ekki betur á pólitík föður síns en svo að hann leggi sig eftir því að nema hana úr lögum. En svo má vitaskuld, svo allrar sanngirni sé gætt, segja að tímarnir hafi breyst.



bjorgvin@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

## Um okur og fleira

Í DAG
OKUR



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Miðað við umferðina út úr bænum á góðviðrisdögum í vikulok, þá er það ekki bara heima hjá mér, sem fallegur sumardagur kveikir löngun til að fara út úr bænum. Fólk þeysir af stað í bústaðinn eða bara eitthvert sem hugurinn girnist dragandi hjólhýsið, fellihýsið, tjaldvagninn eða bara með tjaldið í skottinu. Þessi löngun varð til þess að mesta sólskinsdeginum í Reykjavík í fyrrasumar eyddi ég á Kirkjubæjarklaustri, þar sem mest úrkoma á landinu mældist þann daginn. Á sólskinsdegi í fyrri viku þustum við hjónakornin enn úr sólinni í bænum í skýjaþykknið fyrir austan fjall.

Nú var ekið vítt og breitt og skýjaþykknið því ekki til ama. Ferðin niður Þjórsárdalinn er mér efst í huga. Við skoðuðum Háafoss og Glanna sem eru ægifallegir og komum síðan að vininni í eyðimörkinni sem heitir því látlausa nafni Gjáin. Einhverjir höfðu komið þar að og fundist staðurinn ákjósanlegt tjaldstæði. Ég furða mig ekki á því. Á hinu hneykslast ég hins vegar að fólki detti í hug að þar eigi það að tjalda, jafnvel þó að engin séu merkin um að slíkt megi ekki. Einhverjir höfðu þó fengið þá eigingjörnu hugmynd einmitt þessa helgi. Slík hegðan er ástæða þess að því miður er nauðsynlegt að hafa spjöld hér og hvar til að kenna fólki mannasiði.

*Við neytendur þurfum að vera betur á verði og leggja meira á okkur en við gerum til að veita þeim sem selja okkur meira aðhald. Nýlegt embætti talsmanns neytenda ætti að koma til hjálpar og birta stöðugt upplýsingar um verðlag og bæta þannig við gott starf sem ASÍ vinnur í þeim efnum.*

Áður en náttúruperlurnar voru skoðaðar höfðum við fengið okkur súpu og salat uppi á hálendinu og fengum að borga fyrir það 1.600 kr. á haus. Við dauðsáum eftir þessum kaupum, því auðvitað á fólk að mótmæla verðlagningu af þessu tagi með því að kaupa ekki þjónustuna, en það kunnum við því miður svo illa hér á skerinu. Við látum alla okra á okkur. Það sést best á því að svör manna við skýrslu hagstofustjórans um ofurhátt verð á landbúnaðarvörum eru að allt sé svona dýrt. Konu skilst því helst að ekkert sé við okrinu að gera. Hún er ekki alveg sátt við það og telur eitt brýnasta verkefni þjóðmálanna að koma okkur út úr því okursamfélaginu.

Ráðaleysi manna gagnvart okursamfélaginu finnst mér ná hámarki þegar stjórnmálamenn og ég held svei mér þá sumir hagfræðingar halda því fram að ekki þýði að lækka matarskattinn eða afnema vörugjöld vegna þess að einhverjir muni stinga andvirðinu í eigin vasa. Þessir einhverjir eru líkast til smásalarnir, því heildsalar heyra meira en minna fortíðinni til. Einhvern veginn finnst mér slíkur málflutningur hámark ráðaleysisins og minnir á þegar fyrrverandi forsætisráðherra og núverandi seðlabankastjóri sagði, að ekki þýddi að sekta olíufélögin fyrir svindl vegna þess að þau mundu bara hækka verðið á bensíninu og láta okkur bjánana sem notum það borga sektina.

Við neytendur þurfum að vera betur á verði og leggja meira á okkur en við gerum til að veita þeim sem selja okkur meira aðhald. Nýlegt embætti talsmanns neytenda ætti að koma til hjálpar og birta stöðugt upplýsingar um verðlag og bæta þannig við gott starf sem ASÍ vinnur í þeim efnum. Ríkisvaldið á auðvitað að ganga á undan og lækka gjöld og auka samkeppni á matvælamarkaði. Sanngjarnt verð á þeim vörum er líklegt til að vekja okkur til umhugsunar um okrið á gallabuxum, kjólum, mat, bjór og víni á veitingastöðum og öðru því sem okrað er á í okkar fagra landi.

Áður en ég leiddist af leið að tala um okrið var ég með hugann við ferðina niður Þjórsárdalinn. Þegar komið var niður fyrir Búrfellsvirkjun benti leiðsögumaður minn á nánast hverja þúfu við ána, að mér fannst, og sagði að hér ætti að virkja og þarna ætti að virkja. Allt þetta rafmagn sem verður til á síðan að selja álverum fyrir slikk skildist mér á honum. Ég tek undir með fólkinu í Framtíðarlandinu og hvet til þess að við meira en stöldrum við í þessu virkjunaræði. Það er verðugt verkefni þeirra sem vilja láta kjósa sig næsta vor að gera kjósendum skýra grein fyrir áætlunum í virkjanamálum og afstöðu þeirra til slíkra áætlana. Ég á nefnilega bágt með að trúa því að það sé bara hún ég sem ekki hafi áttað sig á umfangi þeirra framkvæmda sem eru á þröskuldinum í þeim efnum.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**BAUJAN ER LYKILL AÐ LÆKNINGAMÆTTI LÍKAMANS**

Guðbjörg Thoroddsen hefur þróað sjálfshjálparaðferð sem er væntanleg á bók.

BLS. 2



**FIMM ÁRA MEÐ PÚTTER**

Golfnámskeið fyrir börn njóta vinsælda.

BLS. 4





## ALLT HITT

**HEILSA**



**Haustnámskeiðin** eru nú að hefjast í líkamsræktarstöðvum World Class í Laugum, Spönginni og húsi Orkuveitunnar. Má þar nefna extremeþjálfun, rope yoga og fjögurra vikna löng lokuð átaksnámskeið fyrir konur og karla, sem eru samblanda af stöðvaþjálfun, spinning, eróbikki og dansi svo fátt eitt sé nefnt. Sjá www.worldclass.is

**Læknum** tókst á dögunum að græða andlit á kínverskan bónda, sem orðið hafði fyrir árás frá bjarndýri. Þetta er í annað sinn sem aðgerð af þessu tagi heppnast, en skemmst er að minnast þess þegar andlit látins manns var grætt á franska konu eftir að hundur hafði bitið hana í andlitið.

**Ýmislegt** erá döfinni hjá Útivist. Næstkomandi fimmtudag verður gengið um Tröllaskaga og stendur gangan yfir verslunarmannahelgina. Dagana 9.-14. ágúst verður síðan farið í þriggja daga bakpokaferðalag kringum Langasjó. Sjá www.utivist.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 1. ágúst, 213. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.33 | 13.34 | 22.32 |
| Akureyri | 4.01 | 13.19 | 22.34 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Arnar æfir af fullum krafti fyrir Reykjavíkurmaraþonið og segist finna á sér mikinn mun eftir að hann fór að hlaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Á innfelldu myndinni sést gps-tækið sem Arnar notar.

# Fær í flestan sjó

***Arnar Pálsson, sérfræðingur hjá félagsmálaráðuneytinu, æfir fyrir Reykjavíkurmaraþonið sem fram fer 19. ágúst.***

Arnar er búinn að æfa líkamsrækt markvisst í tvö ár og vildi breyta til, sem varð til þess að hann fór að æfa fyrir maraþonið. „Mér finnst sumrin henta vel til útiveru en gott að æfa inni á veturna og þess vegna var tilvalið að taka þátt í hlaupinu,“ útskýrir hann. „Það eru mörg góð skokksvæði á höfuðborgarsvæðinu, meðal annars í Laugardal þar sem ég held til.“

Arnar hefur undirbúið sig síðastliðna tvo mánuði fyrir maraþonið og hleypur að meðaltali þrisvar sinnum í viku. „Ég tek hraðaæfingu einu sinni í viku, en þá hleypur maður 800 metra mjög hratt en skokkar aðra 800,“ segir hann. „Þetta er endurtekið fjórum sinnum og tekur aðeins hálftíma, enda er maður dauðuppgefinn á eftir. Svo tek ég langhlaup og hleyp þá á bilinu 10-15 kílómetra í ríflega klukkutíma og korter. Þriðja daginn skokka ég rólega í klukkutíma og er því ekki á keppnishraða, enda nauðsynlegt að ofkeyra ekki líkamanum.“

Hálfmaraþonið sem Arnar mun hlaupa er 21 kílómetri en hann stefnir á að fara vegalengdina undir tveimur tímum. „Það er nokkuð góður tími fyrir byrjanda,“ segir hann og bætir við að góður hlaupari nái þessu á einum og hálfum tíma.

Að mati Arnars skiptir ekki síður máli að vera vel búinn fyrir hlaup eins og að vera í góðu formi. „Ég hleyp í Asics-skóm og í fatnaði frá Nike. Svo er ég með GPS-tæki um úlnliðinn, sem heldur utan um ótrúlegustu upplýsingar. Það sýnir til dæmis vegalengdina svo óþarfi er að mæla leiðina áður en lagt er af stað. Með því að tengja tækið við tölvu má einnig skoða hver hjartslátturinn var á tilteknum tíma, hvar maður stóð sig best og á hvaða sviðum maður þarf að bæta sig.“

Arnar segist finna mikinn mun á sér eftir að hann fór að hlaupa. „Það er auðveldara að vakna á morgnana og mér finnst ég standa mig betur á flestum sviðum í daglegu lífi. Hlaup er ein skemmtilegasta íþrótt sem völ er á og almennt heilsubætandi.“

*roald@frettabladid.is*






**Að synda** er holl og góð hreyfing. Sundið gefur líka tækifæri til að verða svolítið útitekin(n) í íslenska sumrinu.

KELP
Fyrir húð, hár og neglur
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Dr.Hauschka
Náttúrulegar snyrtivörur
Miðvikudaginn 2. ágúst mun Dr.Hauschka snyrtifræðingur fara í gegnum þá heildrænu hugsun sem býr að baki Dr.Hauschka.
Kynningin verður í Yggdrasil Skólavörðustíg 16, kl.20. 20% afsláttur verður á öllum Dr.Hauschka vörum þetta kvöld.

Dermyn NÝTT OG ENDURBÆTT
Styrkir innra stoðkerfi húðarinnar og jafnar rakastig og mýkt.



Guðbjörg kveðst hafa reynt Baujuna á eigin skinni og vita hve árangursríkt verkfæri hún sé. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Baujan er lykill að lækningamætti líkamans

***Guðbjörg Thoroddsen leikari, sem kölluð er Bauja, hefur þróað sjálfshjálparaðferð sem heitir einfaldlega Baujan og er væntanleg á bók.***

„Aðferðin Baujan byggist á slökunaröndun og tilfinningavinnu og nafnið er táknrænt því baujur eru leiðarljós og vegvísar," segir Guðbjörg og kveðst sækja grunninn í leiklistina. „Leikarinn þarf oft á hraðvirkri slökun að halda til að geta kastað sjálfum sér frá og skipt um karakter og tilfinningar. Því þarf hann að vera í sterkum tengslum við sjálfan sig og með stjórnstöðina niðri í maga. Það gerist með djúpöndun."

Guðbjörg segir fólk eiga vanda til að færa öndunina upp í brjóstið, einkum ef það lendi í áföllum og streitu en sú öndun gefi ekki næga undirstöðuorku. „Brjóstöndunin er vörn sem við grípum til þegar við erum spennt vegna kvíða, reiði og sorgar. Hláturinn og gráturinn og allar góðu tilfinningarnar koma hins vegar frá slökun neðan úr maga og eru af því góða.

Guðbjörg kveðst hafa kennt Baujuna á námskeiðum í skólum, bæði kennurum og unglingum. Nú er námsefnið að koma út á bók en þó líklega ekki fyrr en í byrjun næsta árs. Sjálf er Guðbjörg á förum til Kenía til ársdvalar með fjölskyldu sinni. Því var freistandi að góma hana í viðtal áður. „Bókin er sjálfshjálparbók. Þar er farið í gegnum Baujuna með lesandanum í sex þrepum og hann finnur árangurinn strax á sjálfum sér. Allt tengist önduninni. Í Baujunni er fjallað um tilfinningarnar og hvaða áhrif þær hafa á okkur. Síðan er kennt að vinna úr þeim sem er svo mikilvægt til að öðlast sjálfsöryggi og styrk. Þetta er kennsla sem við þurfum á að halda því við lendum öll einhvern tíma í áföllum og þurfum að takast á við lífið."

Þótt Guðbjörgu verði tíðrætt um sálarlífið og tilfinningarnar tekur hún fram að slökunaröndunin sé líka góð gegn líkamlegum sársauka. „Djúpöndun gefur sömu virkni og verkjapillurnar," segir hún og hnykkir á lokaorðunum. „Það er hægt að stjórna eigin líðan með þeim lykli sem slökunaröndunin er og til hennar er hægt að grípa hvar sem er, jafnvel í akstri. Þetta er lækningamáttur líkamans."

Lífsráðgjafinn námskeið
Hvert liggur lífsleið þín?
Lærðu að skapa þér framtíð!
Hver er tilgangur þinn?
Lifðu lífinu til fulls!
ROPE YOGA WORKOUT
1. til 3. sept
Leiðbeinandi Guðni Gunnarsson
www.hreysti.is - sími: 568 1717
upplýsingar: www.ropeyoga.is
skráning: gg@ropeyoga.com
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



## Persona.is

BJÖRN HARÐARSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Óánægja í vinnu hefur áhrif á heimilislífið

Halló, mig langaði að vita hvort vanlíðan, óánægja og álag í vinnu hefur áhrif á heimilið og hvað sé hægt að gera?

Ef fólki líður illa í vinnunni hefur það óneitanlega áhrif á heimilislífið. Auk þess hefur streita á einum stað áhrif á allar okkar aðstæður. Þar af leiðandi er hægt að fullyrða að ef fólk er undir miklu álagi og streitu í vinnu, er jafnvel með einkenni kulnunar (burnout) hefur það alltaf einhver áhrif á heimilislífið. Ef við skoðum hvernig áhrifum má helst búast við myndi ég veðja á pirring. Það er nefnilega þannig að þegar fólk er undir miklu álagi í vinnu og streitan eykst þá framkallar það oft pirring. Fólk nær kannski að hemja sig í vinnu gagnvart viðskiptavinum eða samstarfsfólki og nær þannig að leyna líðan sinni og álagi. Þegar heim er komið losnar oft um þessar hömlur og pirringurinn kemur í ljós gagnvart börnunum og makanum. Það getur oft verið erfitt að átta sig á hvenær vinnan er farin að hafa þessi áhrif og er það óneitanlega nokkuð einstaklingsbundið. Hinsvegar væri hægt að nota einkenni pirringsins sem mælitæki á að streitan og álagið í vinnu getur verið orsökin. Auk þess getur verið mikilvægt að vera á varðbergi á tímum sem við vitum að álag verður mikið. Dæmi um þetta getur verið álagstíminn sem framundan er hjá mörgum í desember. Þá er bæði hægt að huga vel að því að reyna að fyrirbyggja þessi áhrif og ræða við maka sinn um að reyna bæði að vera dugleg að hlúa að hvort öðru. Þar geta hjón oft lagt áherslu á að pirringur í samskiptum getur haft orsök utan hjónabandsins. Raunverulegur leiði í vinnu hefur oftast nær áhrif á fólk utan vinnunnar. Fólk nær ekki að líða eins vel heima við og það hættir jafnvel að njóta frístunda og áhugamála. Þrátt fyrir að hér sé um vanlíðan að ræða sem eingöngu tengist starfsánægju þá er ekki svo auðvelt að slökkva á þeirri vanlíðan og brosa þegar heim kemur.

Ég hef hitt fólk í mínu starfi sem hefur greinileg einkenni þunglyndis og er jafnvel að velta fyrir sér hvort það eigi að fara á lyf eða koma reglubundið í viðtöl vegna einkennanna. Aðrir sem ég hitti með sömu einkenni velta fyrir sér hvort óhamingja í hjónabandi sé skýringin og íhuga þar af leiðandi skilnað. Hjá mörgum þessara einstaklinga hverfur óánægjan í vinnu og óánægjan í hjónabandi þegar unnið hefur verið með einkenni þunglyndisins um ákveðin tíma. Þar af leiðandi er oft mikilvægt að meðhöndla þessi einkenni í viðtölum eða með lyfjum. Hinsvegar vaknar óneitanlega oft grunur um að mögulega sé hægt að snúa þessu við og vinnan eða hjónabandið leiði til vanlíðunar. Í þeim tilvikum sem maður er nokkuð viss um að það sé vinnan sem er orsakavaldurinn og einstaklingurinn breytir um aðstæður í vinnu eða hættir, hverfur öll vanlíðan alveg. Í þeim tilvikum eru lyf og viðtöl oft óþörf. Hinsvegar ber að fara varlega í að gera þessar breytingar of snögglega þar sem jafn algengt er að vanliðan einstaklingsins leiði til þess að fólk meti ágætis vinnu sem ómögulega. Þannig hef ég einnig hitt fólk í starfi mínu sem hefur horfið úr góðri vinnu eða skilið við maka í leit að betri líðan en líðanin hefur ekkert skánað.

En hvað ber að gera til að draga úr því að erfileikar, vanlíðan og streita í vinnu hafi áhrif á fjölskylduna og einkalífið? Það sem er mikilvægast er að gera sér grein fyrir þegar álagstími er í vinnu og reyna þá að bregðast við því. Gott er að reyna að klára vinnuna áður en maður kemur heim. Eitt sinn man ég eftir að ég sjálfur þurfti að keyra töluverðan tíma áður en ég kom heim og var það góður tími til að skilja á milli vinnu og heimilis. Þeir sem fara í líkamsrækt eða sund eftir vinnu hafa ágætis möguleika á að kúpla sig frá vinnunni áður en heim kemur. Ef vinna veldur mikilli streitu og vanlíðan er líka mikilvægt að endurskoða hjá sér vinnuna og skoða hvort maður er að vinna of mikið eða ætti að skoða einhverskonar breytingar í vinnu. Að lokum má segja að þrátt fyrir að mikilvægt sé að fólk taki aldrei stórar ákvarðanir nema að vel athuguðu máli, ætti fólk líka að leggja töluverða vinnu í að breyta um vinnuaðstæður hjá sér ef álagið og vanlíðanin er mikil. Ekki er gott að vera lengi í vinnu sem veldur vanlíðan ef það skaðar hamingjusamt fjölskyldulíf.

*Gangi þér vel.*

Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.
ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.
FM957
Auglýsingasími: 550 5000


Svíinn Mans Höiom var fljótastur allra í síðasta Reykjavíkurmaraþoni. Hver verður það í ár? FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Maraþonmet íslendinga

***Nú líður að Reykjavíkurmaraþoni. Verður 21 árs gamalt met FH-ingsins Sigurðar Péturs Sigmundssonar slegið?***

Met Sigurðar er án efa eitt það elsta innan frjálsra íþrótta. Kílómetrana 42 hljóp hann á 2 klukkutímum, 19 mínútum og 46 sekúndum árið 1985 í Berlín. Sá sem næst kemst tíma hans er Daníel Smári Guðmundsson en hann hljóp maraþon í Dublin árið 1993 á 2 tímum, 28 mínútum og 30 sekúndum. Þarna munar 8 mínútum og 44 sekúndum en á eftir Daníel koma nokkrir hlauparar sem eru mjög nálægt tíma hans.

Í kvennaflokki eru yfirburðir Mörthu Ernsdóttur enn meiri. Íslandsmet hennar sem sett var árið 1999 er 2 tímar, 35 mínútur og 15 sekúndur. Rétt eins og Sigurður setti Martha metið í Berlín. Næstfljótasti maraþonhlaupari íslenskra kvenna er Anna Jeeves en hennar tími er 9 mínútum og 28 sekúndum lakari.

Bestu tímana í ár eiga Stefán V. Sigtryggsson og Huld Konráðsdóttir. Stefán hljóp á 2 tímum, 44 mínútum og 34 sekúndum í byrjun árs í Miami, en Huld hljóp á 3 tímum, 13 mínútum og 14 sekúndum í Hamborg í lok apríl.

# Allt er vænt sem er grænt

***Grasaskot eru heilsusamleg lausn sem hefur slegið í gegn.***

Menn eru sífellt í leit að nýjum leiðum til að bæta heilsuna og nýjasta heilsuæðið sem hefur gripið um sig hérlendis eru svokölluð grasaskot, það er að segja safi sem pressaður er úr hveitigrasi í lítil mál til að drekka.

Það er kannski rangt að kalla þetta æði, þar sem vinsældir grasaskotanna hafa vaxið jafnt og þétt á Íslandi á undanförnum mánuðum. Þau hafa um langt skeið verið eftirsótt heilsuvara erlendis, enda töluvert um liðið síðan Ann Wigmore kynnti þau á heilsusetri á Púertó Ríkó þar sem þau slógu í gegn.

Þótt sumum gætu þótt skotin fremur ógirnileg að sjá eru þau unnin úr hveitigrasi, sem ekki skal rugla saman við gras, og því full af blaðgrænu, vítamínum, ensímum, stein- og andoxunarefnum sem viðhalda ferskleika frumna og eru holl fyrir kroppinn. Þeir sem taka skotin inn segja áhrifin ótrúleg og því ekki úr vegi að sannreyna það með því að prófa.

Grasaskot fást í Maður lifandi í Borgartúni 24 og Hæðarsmára 6 og líkamsræktarstöðvum World Class.

*roald@frettabladid.is*


Nú er safinn tilbúinn til drykkjar, en ótrúlegur kraftur fæst úr einu skoti. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Hveitigrasið er sett í sérstaka pressu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Margvísleg jákvæð áhrif á líkamann

SUTTUNGAMJÖÐUR ER HREINSANDI JURTABLANDA SEM HEFUR MARGVÍSLEG AFEITRUNARÁHRIF Á LÍKAMAN.

Suttungamjöðurinn inniheldur jurtir sem allar hafa jákvæð áhrif á flest hreinsilíffæri líkamans eins og lifrina, nýrun, sogæðakerfið og ristilinn. Að auki er Stuttungamjöður örvandi fyrir blóðflæði líkamans. Í þessari grasalækningaformúlu er að finna mjólkurþistil, króklettu, brenninetlu, spírulína, cayenne-pipar og fleira.

Að sögn grasalækna hjá Jurtaapótekinu er Suttungamjöður allsherjar hreinsiblanda sem hentar vel til þess að taka á eins til þriggja mánaða kúrum. Jurtablandan er auk þess vökvalosandi og spírulína er orkugefandi.


Suttungamjöðurinn er allra meina bót.

## Smitandi frunsur

Frunsur getur verið bráðsmitandi, alveg frá því að fyrsta blaðran kemur í ljós á húðinni og þar til öll frunsan er eitt hrúður. Herpes Simplex veiran (HSV), smitar meðan hún er virk og berst frá einum einstaklingi til annars með beinni snertingu. Veiruna er helst að finna í vessum frá sárum og því þarf að gæta þess að snerta ekki opin sár á meðan vessar leka úr þeim og dreifa þeim síðan á eigin líkama eða annarra.



Frunsur eru bráðsmitandi.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Allir þurfa að sofa vel, þú líka .............

STILLANLEG RÚM




Veldu þér eitt með öllu

WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.




Loftrúm án rafmagns

Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.




Einn góður á frábæru verði.

Mest selda stillanlega rúmið.
Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000.
Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.




IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi

Sérstök efnisuppbygging IQ-CARE heilsudýnunnar gefur henni eiginleika sem eru engu líkir.

- Þrýstijöfnun er lykilorðið. IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.
- IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
- IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum sem gerir það að verkum að hún andar mun betur.
- IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
- IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem hefur verið þróuð og endist því lengur en flestar vörur úr skyldum efnum.
- IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

Úrval af þýskum hágæðasængum frá BETTY *www.betty.de*



- NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni *www.outlast.com*
- Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga.
- Thinsulate sængur. *www.thinsulate.com*
- Thinsulate sængur með Comfortemp efni.
- Camel sængur Betty Hyspring tækni
- Silkisængur
- Cashmere sængur Betty Hyspring tækni
- Sensofill heilsukoddar

Veldu það besta




Við aðstoðum þig við að velja það sem þér hentar

WILLIS & GAMBIER
HÁGÆÐA HÚSGÖGN
www.wguk.com










Svefn & heilsa
Verið velkomin
www.svefn.is

GÆÐI · GÓÐ VERÐ · ÞJÓNUSTA · ÚRVAL · ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00 frá og með 12. ágúst

# Stórir diskar - stórir skammtar

***Því stærri sem ílátin eru sem við borðum úr, því meira skömmtum við okkur.***

Stórir matardiskar fá okkur til að borða meira en við annars gerðum, án þess að við tökum eftir því. Þetta sýnir ný rannsókn við Cornell-háskólann í New York sem sagt er frá í sænska Aftonbladet. Í blaðinu er þeim sem vilja létta sig ráðlagt að byrja á að skipta út matardisknum og fá sér minni. Síðan er sagt frá 85 næringarsérfræðingum sem boðið var í ísveislu. Helmingur hópsins fékk tvöfalt stærri skálar en hinir. Síðan gengu allir að hlaðborði. Þegar að var gáð hafði sá hluti hópsins sem stærri skálarnar fékk tekið sér að meðaltali 31% meira af ís en þeir sem voru með litlu skálarnar. Úr því næringarsérfræðingarnir áttuðu sig ekki á hlutföllunum milli ílráta og skammta má reikna með að svo sé um fleiri.



Hæfilega stór diskur með hæfilegum matarskammti.




ENGLAKROPPAR

Ertu orðin leið á að vera með appelsínuhúð, slit og slappa húð?

Komdu þá til okkar, það virkar!

Pantaðu fríaan prufutíma í síma 587-3750

Englakroppar.is

Stórhöfði 17



MONGOOSE

Alvöru fjallahjól

Útsalan hafin

Full búð af góðum tilboðum



Rockadile AL 26

Frábært 21 gíra kvenhjól á 40% afslætti

~~28.900~~ 17.340

GAP

FJALLAHJÓLABÚÐIN

FAXAFENI 7 S: 5 200 200

MÁN - FÖS. KL. 9-18. LAU. 10-16


# Fimm ára með pútter

***Golfíþróttin er í miklum vexti hér á landi. Hjá Golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ finna menn fyrir þessari uppsveiflu enda mæta börn frá fimm ára aldri á barnanámskeiðin.***

Þeir Guðni Birkir Ólafsson og Davíð Gunnlaugsson sjá um barnanámskeiðin hjá Kili. „Þetta eru krakkar frá fimm ára aldri og upp í fjórtán ára," segir Guðni. „Þetta eru byrjendanámskeið þar sem við förum yfir helstu grunnatriðin, þar með talið reglur, vipp og pútt og að slá og bara allt sem tengist golfi."

Námskeiðin snúa ekki einungis að tæknihlið golfsins. Lögð er áhersla á að brjóta upp formið og hafa gaman af íþróttinni, félagsskapnum og umhverfinu. „Í dag fór ég með helming krakkanna í golfbíl á meðan Davíð fór með hinn helminginn í gilið hér við völlinn að leita að boltum. Þetta eru hlutir sem við gerðum þegar við komum hingað sem krakkar og urðum um leið hugfangnir af golfinu," segir Guðni.

Guðni kveðst undrandi yfir því hversu fljótir krakkarnir eru að ná tökum á íþróttinni og hann er mjög ánægður með árangurinn sem hefur náðst. „Það hafa komið margir mjög efnilegir krakkar til okkar í sumar, margir sem slá vel. Einhverjir þeirra eru nú þegar komnir í klúbbinn og eru byrjaðir að keppa," segir Guðni. Hann hrósar stelpunum líka sérstaklega og segir það hafa komið skemmtilega á óvart hversu öflugar þær væru.

Tveir fimm ára strákar eru nú á námskeiði hjá Guðna og Davíð og að sögn strákanna gengur þeim mjög vel. „Þeir slá ekki jafn langt og eldri krakkarnir og púttin eru ekki jafn góð en þeir eru samt sem áður hörkuduglegir," segir Guðni. „Þeir fá líka svo mikið út úr þessu vegna þess að þeim finnst þetta svo gaman."

Næsta námskeið í Mosfellsbænum hefst 8. ágúst og stendur yfir til 17. ágúst. Skráning fer fram í síma 566-7415.

*tryggvi@frettabladid.is*



Æfingin skapar meistarann og aldrei er of snemmt að byrja. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Golfi fylgir góð útivera og ekki skemmir umhverfið í Mosfellsbæ fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Völu líkar vel við þá nánd sem myndast milli stoðtækjafræðinga og skjólstæðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Býr til spelkur fyrir börn

***Flestir sjá fyrir sér gervilimi þegar minnst er á stoðtækjafræðinga. Starf þeirra er hinsvegar mun víðtækara.***

Vala Þórólfsdóttir er stoðtækjafræðingur hjá Stoð ehf. Hún sérhæfir sig í sérlausnum fyrir börn en stærsti hluti stafs hennar felst í smíði og hönnun á spelkum.

Flestar spelkur sem Vala vinnur með eru sérsmíðuð. Ferlið hefst á því að tekið er gifsmót af þeim sem á að nota spelkuna og kallast mótið negatíva. Önnur afsteypa er tekin af gifsinu og þá er komin nákvæm eftirmynd af líkamspartinum sem spelkan á að styðja við. Þetta mót er kallað pósitíva. Pósitívan er því næst mótuð eftir því hvernig spelkan á að líta út og hvaða eiginleika hún á að hafa svo hún geri sitt gagn. Þegar pósitívan er tilbúin tekur stoðtækjasmiður við verkinu og smíðar sjálfa spelkuna eftir mótinu.

Þeir sem vilja læra stoðtækjafræði verða að leita út fyrir landsteinana. Vala valdi að fara til Noregs og þrátt fyrir lítinn markað hérlendis var hún staðráðin í að koma heim að námi loknu. Starfsvettvangurinn er ekki stór og þar sem mjög persónuleg tengsl myndast milli stoðtækjafræðinga og kúnna eru fáir tilbúnir að gefa frá sér einstaklinga sem þeir hefur unnið með í fimm eða sex ár. „Það er vilji til að fylgja sínu fólki eftir," segir Vala. „Mér var hins vegar mjög vel tekið hjá Stoð og það gerði gæfumuninn."

Erlendis tíðkast að stoðtækjafræðingar fái alla kúnna inn á vinnustofu til sín. Hérlendis eru þeir mun meira á ferðinni og oftar en ekki eru það þeir sem fara til kúnnanna. „Í skólanum var kennt að maður ætti að vera í þverfaglegum teymum. Ég hélt alltaf að það yrði aldrei að veruleika en vegna þess hversu mikið við erum á ferðinni hittum við aðra sem vinna með kúnnanum, eins og sjúkraþjálfara, umönnunarfólk, lækna og auðvitað foreldra," segir Vala. „Þessi hluti er til fyrirmyndar á Íslandi."

Íslendingar eru framarlega í þróun og smíði allra stoðtækja. Til að mynda eru flestar spelkur sem búnar eru til í Stoð úr koltrefjaefni í stað plasts. „Koltrefjarnir eru dýrari, en mun léttari og sterkari og henta í mörgum tilvikum vel í spelkur," segir Vala. „Bekkjarfélagar mínir úr skólanum eru alltaf jafn hissa þegar ég segi þeim frá koltrefjunum en þeir vinna flestir með plast." Ástæðan fyrir koltrefjanotkuninni hérlendis er að mati Völu greiðvirkni og skilningur Tryggingastofnunar. Þrátt fyrir aukinn kostnað sjá þeir augljósa kosti koltrefjanna fram yfir plastið. Það sama er ekki uppi á teningnum í nágrannalöndunum og má því segja að við séum skrefi á undan nágrönnum okkar á þessu sviði.

*tryggvi@frettabladid.is*




Skotæfingasvæði SKOTREYNAR opnar í kvöld kl.18.00 allir velkomnir opið mán-fim frá 18-22

Stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Pennavinir

Frábær barnadagskrá. Síldarævintýrið.

## Ýmislegt

Spennandi, Hafsúlan hvalaskoðun.

Tóti tannálfur og Jósafat Mannahrellir. Síldarævintýrið.

Fræðslusetrið, Hafsúlan hvalaskoðun.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Ný 2 herb íbúð ásamt bílskýli. Leigist frá 1. sept. Leiga 110 þ + hússj. Fyrirspurn sendist á 101rvik@visir.is

Rúmgóð 2 herb íbúð í Foldahverfi. Laus 1.sept. Suðursvalir Verð 90 þ Fyrirspurn sendist á Grafarvogur@visir.is

**Íbúð á Spáni!**
3ja herb. ný íbúð í miðborg Torreveeja á Spáni til leigu. Íbúðin er í nýju lyftuhúsi á 5 hæð með stórum suðursvölum. Súpermarkaður, banki og strætóstöð rétt við. 10 mín. gangur niður að strönd og höfn. Uppl. gefur Ásgeir í s. 690 1245.

48m2 reyklaus íbúð m/sérinngangi til leigu í Garðabæ. Upl. í s:8963444

**101 Reykjavík**
Glæsileg nýuppgerð 2ja herb. íbúð á góðum stað í Þingholtunum á annari hæð til leigu. Verð 95 þús. Laus strax. Uppl. í s. 899 6400, Einar.

## Húsnæði óskast

Einhleypur maður frá Portúgal óskar eftir íbúð til langtíma leigu. Uppl. í s. 659 6230.

Kennari óskar eftir íbúð á hagstæðu verði helst í Garðarbæ. Reglusöm, reyklaus og skilvís. S. 696 0616.

Ungt par óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst. Öruggum greiðslum og reglusemi heitið. uppl. í síma 840 4091.

# TILKYNNINGAR

**Pallar EHF**
Margra ára sérhæfing í vinnupöllum
Reisum og rífum vinnupalla
Leigjum vinnupalla í stærri verkefni
Sjáum um alla almenna smíðavinnu, gröfuvinnu o.fl o.fl.
Upplýsingar í síma 6943140, Hjálmar og 8980101, Ómar.

## Sumarbústaðir




## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu v/smiðjuveg jarðh. 562m 2 verslunar/iðnaðar húsn. Góðir gluggar innkeirsludyr, sér bílast., lofth. 3,3m, Leiguverð per m. 2kr1100 uppl. 893 0420 & 587 1590.

Til leigu atvinnuhúsnæði. 4 aðskilin herb. til leigu í miðbæ Rey. Stærð frá 18-30 m2 hvert. Uppl. í s. 551 7210 & 822 0288.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Til leigu nýuppgerðar og fullbúnar íbúðir í hjarta Akureyrar. Íbúðirnar leigjast til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í 820 7080, Vignir.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

PÍTAN

**Pítan**
Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Okkur vantar fólk í fullt starf í sal og eldhúsi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 8. ágúst næstkomandi.
**Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is.**

AMERICAN STYLE

**American Style á Bíldshöfða og Skipholti**
Afgreiðsla og Grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri og góð íslenskukunnátta nauðsýnleg.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Óskum eftir að ráða duglegt starfsfólk, dagvinna, kvöldvinna, vaktavinna. Góð laun fyrir gott fólk.
**Upplýsingar á staðnum milli 17-19.**

**Café Victor**
Café Victor óskar eftir skemmtilegu og duglegu fólki við þjónustu í sal, hvort sem er í fullt starf eða hlutastarf. Tilvalið fyrir skólafólk að fara huga vinnu með skólanum í vetur. Upplýsingar gefur Baldur í síma 692 0735 eða á baldur@victor.is
**Upplýsingar gefur Baldur í síma 692 0735 eða á baldur@victor.is**

**Devitos pizza**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir kl. 11-18 og kvöldvaktir kl. 18-22 alla virka daga.
**Uppl. í s. 692 4327.**

**Café Bleu.**
Óskum eftir að ráða starfskraft í uppvask, góð laun í boði fyrir réttan aðila. Vaktavinna.
**Uppl. í s. 690 1074 & 588 0300. Jón.**

**Veiingahúsið Nings Hlíðasmára 12**
Óskar eftir vaktstjóra í fullt starf. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Ekki yngri en 18 ára.
Vantar einnig starfsfólk í kvöld og helgarvinnu. Upplagt fyrir skólafólk.
**Upplýsingar á staðnum eða á andri@nings.is**

**Hellulagnir**
Óskum eftir að ráða verkamenn í hellulagnir. Mikil vinna framundan og góð laun í boði.
**Upplýsingar gefa Guðmann í 660 1155 & Trausti í 660 1150. Fjölverk Verktakar ehf.**

**Hótel Borg, veitingadeild.**
Óskar eftir starfsfólki í morgunmat.
**Umsækjendur hafi samband í síma 822 3313**

Íslandspóstur hf. óskar eftir að ráða bréfbera til hressandi starfa við útburð og flokkun á pósti á höfuðborgarsvæðinu. Störfin losna í ágúst og september. Um er að ræða hluta- eða heilsdagsstörf. Aðeins unnið á virkum dögum. Bætt kjör með nýlegum samningum. Kannski leynist leynist starf nálægt heimili þínu. Aldurstakmark er 16 ára og eldri. Nánari upplýsingar í síma 580 1000.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast í bakarí, vinnutími 06:00- 12:00. uppl. á staðnum f. hádegi eða í s. 551-1531 Björnsb v/ Skúlagötu

Afgreiðslufólk óskast, fullt starf og aukastarf. Reyklaus vinnustaður. Uppl. veittar á staðnum. Mokkakaffi, SKólavörðustíg 3A.

Stýrimann vantar á 100 t snurvoðabát sem gerður er út frá Sauðarkróki. Þarf að hafa 30 t réttindi lágmark. Uppl. í s. 897 6709.

Vélstjóra vantar á 100 t snurvoðabát. Þarf að að vélarvarðarréttindi. Uppl. í s. 897 6709.

**Atvinna atvinna**
Óskum eftir fólki til starfa sem fyrst. Góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga. Upplýsingar á staðnum eða í síma 510 7000. Rúmfatalagerinn Smáratorgi.

**Veitingahúsið Rosso Pomodoro**
óskar eftir starfsfólki eða þjónum í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 893 7599.

## Atvinna óskast

**Annars stigs vélstjóri**
Annars stigs vélstjóri óskar eftir vel launuðu starfi á sjó eða í landi. Hefur reynslu af frystikerfum.
**Upplýsingar í síma 894 5929.**

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



Sparið Þessir Golfvagnar verða seldir næstu daga á aðeins 69.000 Verð áður kr 143.320 Uppl. í síma 8677866

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál







Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Hefur þú farið á stefnumót nýlega? www.stefnumot.is

**Símaspjall 908 2020.**
Símaspjall 908 2020. Halló yndislegur ég heiti Halla. Ég er einmana og langar í þig.

39 ára hávaxin og grönn kona, ungleg, leitar að hinum eina sanna. Helst dökkhærðum og brúneygum, yfir 180 cm, nokkuð stæltum. Fallir þú að lýsingu hennar getur þú heyrt og svarað auglýsingu hennar á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8730.

23 ára stelpa leitar að fólki sem er til í símaspjall. Auglýsingin er mjög spennandi og innileg. Þú heyrir auglýsinguna í Órum Rauða Torgsins, sími 905-5000 (símatorg) og 535-9950 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8436.

Kona, vilt þú kynnast karlmanni? Þú spjallar frítt við karlmenn á spjallrás og leggur ókeypis inn auglýsingar á Rauða Torginu Stefnumót, simi 555 4321. Ellefu ára örugg þjónusta með 100% leynd! Er þinn eini sanni handan við hornið? Hringdu núna í síma 555 4321.

Yndislegt símaspjall við yndislegar konur! Dömurnar á Rauða Torginu eru fríður og síbreytilegur hópur kvenna sem njóta bæði hressilegra símaleikja og ljúfra stunda í rólegu spjalli. Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín.) og 535 9999 (Visa, Mastercard, kr. 199,90 mín.),

# ATVINNA

**A. Þ. Þrif**
Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrifum á nýbyggingum óskar eftir starfsmönnum í fullt starf vegna mikilla umsvifa. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.
**Upplýsingar gefur Steini í síma 821-9908.**

RE/MAX HEIMILI OG SKIP

**Sölufulltrúar óskast**
Remax heimili og skip óska eftir 2—3 reyndum sölufulltrúum til starfa ásamt starfandi sölufulltrúum í nýju útibúi miðsvæðis í Reykjavík. Áhugasamir sendi inn umsóknir í gegnum tölvupóst: stefanp@remax.is eða pantið viðtal hjá Huldu í síma 420 0800.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá







**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

## VISSIR ÞÚ ...

... að árið 1899 héldu menn að búið væri að finna allt upp sem hægt væri að finna upp?

... að skakki turninn í Pisa hefur aldrei verið alveg beinn?

.. að dósahnífurinn var fundinn upp 48 árum á eftir niðursuðudósinni?

... að Óskarsverðlaunin voru veitt tvisvar árið 1930?

... að það eru til yfir tuttugu þúsund tegundir af bjór?

... að það er minna koffein í espressóbolla en venjulegum kaffibolla?

... að Pétur mikli skattlagði þá sem létu sér vaxa skegg?

... að Móna Lísa er ekki með neinar augabrúnir því það var í tísku í Flórens að raka þær af?

... að líkami þinn býr til og eyðir fimmtán milljón rauðum blóðkornum á sekúndu?

... að gler er milljón ár að eyðast í náttúrunni?

... að næstum helmingur allra dagblaða í heimi kemur út í Bandaríkjunum og Kanada?

... að flestir varalitir innihalda fiskroð?

... að meira en 2.500 örvhentir deyja árlega í Bandaríkjunum úr því að nota hluti sem hannaðir eru fyrir rétthenta?

... að broddgeltir fljóta?

... að lengsta skráða flug hænu varði í 13 sekúndur?

... að kattahland lýsir í ákveðinni birtu?

... að asnar geta séð alla fjóra fætur sína í einu?

... að kakkalakki getur lifað hauslaus í margar vikur uns hann deyr úr hungri?

...að rokkstjarnan Adam Ant heitir í alvörunni Stuart Goddard?

...að í Norður Ameríku eru leðurblökur þau landspendýr sem eru mestri í útrýmingarhættu?

...að í heiminum eru sex þúsund tegundir af skriðdýrum, 73 tegundir af köngulóm og þrjú þúsund tegundir af lúsum? Fyrir hverja manneskju eru um tvö hundruð milljón skordýr.

...að rúmlega sex hundruð milljónir símalína eru í heiminum í dag en helmingur mannkynsins hefur aldrei hringt símtal?

...að einn af hverjum tíu íbúum jarðar býr á eyju?

...að árið 1870 bjuggu fleiri Írar í London, höfuðborg Englands, en í Dublin, höfuðborg Írlands?

...að líkurnar á því að verða fyrir eldingu eru sex hundruð þúsund á móti einum?


allt
bílar
Alla laugardaga

15% afsláttur
af öllum vörum til 5. ágúst
Töskur, ferðatöskur, seðlaveski, leðurjakkar, skart og fleira.
Gríptu tækifærið!
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ









Útsala á garðhúsgögnum









Afar þægileg og endingargóð garðhúsgögn á veröndina, svalirnar, sumarbústaðinn eða sólstofuna - 25 ára reynsla á Íslandi






www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!
Opið virka daga 10-18 Laugardaga 11-16
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.275 **-0,29%** **Fjöldi viðskipta:** 119 **Velta:** 2.236 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | +0,68% | **Atlantic Petroleum** | -4,10% |
| **Mosaic** | +0,60% | **Dagsbrún** | -2,56% |
| | | **Össur** | -0,92% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 61,50 -0,32% ... Alfesca 4,10 +0,00% ... Atlantic Petroleum 561,00 -4,10% ... Atorka 6,05 -0,82% ... Avion 32,40 -0,92% ... Bakkavör 47,30 -0,63% ... Dagsbrún 5,32 -2,56% ... FL Group 15,50 +0,00% ... Glitnir 16,70 -0,60% ... KB banki 702,00 -0,71% ... Landsbankinn 20,60 +0,00% ... Marel 74,40 +0,68% ... Mosaic Fashions 16,90 +0,60% ... Straumur-Burðarás 15,80 +0,00% ... Össur 107,50 -0,92%
* Í gær kl. 15.00.

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hagnaður fyrirtækja eykst

## Íslensk fyrirtæki eru almennt vel búin undir niðursveiflu.

Hagnaður íslenskra fyrirtækja árið 2004 nam 11,2 prósentum af tekjum en var 8,1 prósent árið áður. Þetta kemur fram í úttekt Hagstofu Íslands á ríflega tuttugu og eitt þúsund íslenskum fyrirtækjum.

Eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna var rúmlega 27 prósent á sama tímabili og stóð í stað frá fyrra ári. Nokkuð dró úr gjaldþrotum og árangurslausum fjárnámum hjá fyrirtækjum. Skuldir fyrirtækja fóru úr því að vera 140 prósent landsframleiðslu í lok árs 2003 í að vera 220 prósent árið 2005.

Í Morgunkornum Glitnis segir að reikna megi með því að staða fyrirtækja við upphaf þeirrar niðursveiflu sem framundan er sé almennt góð. Útflutningsfyrirtæki, sem háð hafi varnarbaráttu undanfarin ár, hagnist nú á veikari stöðu krónunnar. - jsk



**Á SJÓ** Hagur útflutningsfyrirtækja mun vænkast á næstu misserum að mati greiningardeildar Glitnis.



**ÁVÖXTUN BANKAREIKNINGA** Verðtrygging og veiking krónunnar skiluðu góðri ávöxtun lífeyris- og gjaldeyrisreikninga.

# Besta ávöxtunin á gjaldeyrisreikningum

## Allt að 77 prósenta ávöxtun í sænsku krónunni.

Lækkun á gengi krónunnar skilaði sér í framúrskarandi ávöxtun á gjaldeyrisreikningum á fyrri árshelmingi, samkvæmt samantekt Morgunblaðsins. Til samburðar var neikvæð ávöxtun á sömu reikningum í fyrra.

Gjaldeyrisreikningar í sænskum krónum sýndu allt að 77 prósenta nafnávöxtun á ársgrundvelli en bankabækur í dönskum og norskum krónum, evru og sterlingspundi skiluðu einnig yfir sjötíu prósentum. Nafnávöxtun á Bandaríkjadal var rétt tæp fimmtíu prósent.

Há verðbólga olli því að verðtryggðir reikningar voru með háa nafnávöxtun á fyrri hluta ársins. Í úttekt blaðsins kemur fram að lífeyrisreikningur hjá Netbankanum sýndi hæstu nafnávöxtun allra bankareikninga, að gjaldeyrisreikningum undanskildum, á fyrri hluta ársins. Nam nafnávöxtun reikningsins 16,2 prósentum á ársgrundvelli.

Lífeyrisbækur hjá öðrum fjármálastofnunum sýndu enn fremur mikla nafnávöxtun. - eþa

# Unnið í fríinu

Tvöfalt fleiri Bandaríkjamenn vinna í fríinu sínu en fyrir áratug. Fyrir tíu árum eða svo stunduðu þeir vinnu sína með hjálp farsímans en nú nota þeir fartölvuna til þess arna.

Í könnun þar sem vinnutími Bandaríkjamanna var skoðaður kom í ljós að 43 prósent aðspurðra unnu í fríum sínum. Til samanburðar unnu 23 prósent manna í fríum sínum í sambærilegri rannsókn árið 1995.

Fjórðungur þátttakenda sagðist eyða þremur tímum eða meira í vinnu á meðan á fríi þeirra stóð. Meirihluti aðspurðra sagðist hafa svo mikinn áhuga á vinnunni að hann gæti ekki sleppt henni en aðrir sögðust þurfa að ljúka mikilvægu verkefni. Tíu prósent sögðust ekki geta unað sér hvíldar fyrr en aðkallandi verkefnum lyki. - jab



**HUGSAÐ UM TÖLVUNA OG BÖRNIN** Nýleg könnun sýnir að tvöfalt fleiri Bandaríkjamenn geta ekki lagt vinnuna til hliðar í fríinu en fyrir áratug.

# Funcom skilar hagnaði

Funcom, norski netleikjaframleiðandinn sem framleiðir meðal annars leikina Age of Conan og Dreamfall, sýndi tæplega eitt hundrað milljóna króna hagnað á fyrri árshelmingi samanborið við fimmtíu milljóna króna tap í fyrra.



Straumur-Burðarás á yfir fimm prósenta eignarhlut í Funcom.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta var neikvæður en gengisliðir skila félaginu réttu megin við núllið.

Á öðrum ársfjórðungi velti félagið fjórfalt meiri tekjum en á sama tíma í fyrra en leikurinn Dreamfall fór þá á markað. Námu tekjur tímabilsins 336 milljónum króna. - eþa

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Kassastörf
Smáratorgi, Holtagörðum og Seltjarnarnesi



Okkur vantar starfsfólk á kassa í Bónus Smáratorgi, Holtagörðum og Seltjarnarnesi.
Vinnutími frá um 11.00 til 19.30 virka daga.
Helgarvinna eftir samkomulagi.
Mætingarbónus er 30.000 kr. á mánuði.
Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og hafi vinsamlegast samband við viðkomandi verslunarstjóra eða skrái sig inná bonus.is.
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Wal-Mart hörfar

Bandaríska verslunarkeðjan Wal-Mart, stærsti smásöluaðili heims, hefur gefist upp á Þýskalandi eftir níu ára barning. Keðjan hefur um langa hríð háð blóðuga baráttu við þýsku lágvöruverðskeðjurnar Metro og Aldi en hefur nú gefið Metro eftir allar 85 verslanir sínar þar í landi.

Stjórnendur Wal-Mart kenna þýsku efnahagslífi um hvernig fór. Hefur keðjan jafnframt átt í deilum um laun og launakjör starfsmanna sinna og legið undir ámæli fyrir þau slæmu áhrif sem lágt verð keðjunnar er sagt hafa á birgja og smærri verslanir í landinu.

Keðjan er þó hvergi nærri á flæðiskeri stödd eftir Þýskalandsævintýrið. Rekur hún nú 3.700 verslanir, sem fer hratt fjölgandi, um heim allan. - hhs



**RENNIR AUGUM YFIR TILBOÐIN** Wal-Mart er ekki á flæðiskeri statt þótt það hafi gefist upp á Þýskalandi og rekur 3.700 verslanir víða um heim.




LÆGRA LÁNTÖKUGJALD LÆGRI VEXTIR

BÍLALÁN
Finndu bara bílinn sem þig dreymir um og við sjáum um fjármögnunina. Reiknaðu lánið þitt á **www.frjalsi.is**, hringdu í síma **540 5000** eða sendu okkur línu á **frjalsi@frjalsi.is**. Við viljum að þú komist sem lengst!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

**COOLIO FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1963.**

*„Megnið af þeim vandamálum sem ég hef þurft að kljást við hef ég skapað sjálfur.“*

*Coolio er bandarískur rappari sem gerði garðinn frægan á tíunda áratugnum.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 1. ÁGÚST 1589

# *Henry III stunginn*



Henry þriðji fæddist í september árið 1551 í Frakklandi, þriðji sonur Henry annars Frakklandskonungs og Catherine de Médici. Henry hóf ungur störf fyrir ríkið og stjórnaði konunglega hernum gegn meðlimum mótmælendakirkjunnar í Frakklandi, húgenottum. Henry felldi tvo leiðtoga þeirra en á þessum tíma stjórnaði bróðir hans, Charles IX, landinu.

Henry var uppáhald móður sinnar og hún notaði vald sitt til þess að veita honum aukið brautargengi og olli það Charles mikilli gremju. Árið 1572 var Henry kosinn sem arftaki pólsku krúnunnar en stuttu síðar dó Charles og Henry sneri aftur til Frakklands. Hann var krýndur árið 1575 og giftist prinsessunni Louise de Vaudémont tveim dögum síðar.

Á þessum tíma stóðu yfir trúarstríð í Frakklandi og tókst Henry ekki að friðþægjast við rómönsku kaþólikkana sem höfðu myndað bandalag til þess að verja hagsmuni sína. Bandalagið reyndi að steypa Henry af stóli en hann myndaði bandalag með nafna sínum frá Navarre og saman lögðu þeir París í herkví.

Hinn 1. ágúst slapp munkurinn Jacques Clément inn fyrir virki konungs og stakk hann með þeim afleiðingum að hann lést daginn eftir.

Henry þriðji eignaðist engin börn með konu sinni en tilnefndi Henry frá Navarre sem arftaka sinn. Henry þriðji var gáfaður og mælskur konungur en mjög eyðslusamur og setti franska ríkið nánast í gjaldþrot.

## MERKISATBURÐIR

**1874** Stjórnarskrá Íslands öðlast gildi.

**1876** Colorado verður 38. ríki Bandaríkjanna.

**1935** Talsímasamband við útlönd er komið á og var fyrsta símtalið á milli Hermanns Jónassonar og Kristjáns konungs tíunda.

**1940** Bók Johns F. Kennedy, Why England Slept, kemur út en hún fjallar á gagnrýninn hátt um breska herveldið.

**1944** Anna Frank skrifar síðustu færsluna í dagbók sína en hún faldi sig frá nasistum ásamt fjölskyldu sinni í tvö ár.

**1994** Michael Jackson og Lisa Marie Presley staðfesta orðróm um að þau hafi gift sig.

MENNINGARHÚS Á AKUREYRI: FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN

# Langþráður draumur rætist

Í dag verður fyrsta skóflustungan að Menningarhúsinu á Akureyri tekin en gert er ráð fyrir að húsið verði tilbúið um haustið 2008.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, staðgengill bæjarstjóra, segir að ríkisstjórnin hafi varpað fram hugmyndinni um húsið árið 1998 og síðan þá hefur verið unnið að hönnun og fleira því sem viðkemur byggingunni. „Við höfum undirbúið þetta nokkuð vel og það var ákveðið að bjóða þetta út í vor og við fengum lægsta tilboðið frá Ístaki, sem ætlar að byggja húsið,“ segir Sigrún en árið 2003 undirrituðu bæjarstjórinn á Akureyri og menntamálaráðherra samkomulag um byggingu hússins.

„Þetta er stór tónleikasalur fyrir fimmhundruð manns og síðan minni salur og síðan verður þarna líka veitingaaðstaða og miðstöð ferðamála og tónlistarskóli á efstu hæðinni,“ segir Sigrún. Hún segir húsið vera kærkomið þar sem það bæti aðstöðu til tónleikahalds til muna. „Tónleikahald hefur alltaf verið hér í hálfgerðum ólestri í íþróttahúsum og kirkjum og á fleiri stöðum þannig að það er mikil þörf fyrir þetta hús. Að halda hér tónleika hefur alltaf kostað heilmikinn undirbúning við að breyta hljómburði, til dæmis eins og í Íþróttahöllinni sem er alls ekki gerð fyrir tónleika, þannig að það hefur alltaf kostað okkur heilmikið vesen að breyta því í tónleikahús,“ segir Sigrún og bætir við að það sé ekki gott tónleikahús.

„Leikfélagið fær þarna inni með söngleiki eins og til dæmis Litlu hryllingsbúðina sem hefur verið sýnd hér við miklar vinsældir, hún myndi fara þarna inn og tónleikar hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og síðan þessir viðburðir sem eru hérna eins og kórar og fleira. Síðan ætlum við að nota þetta fyrir ráðstefnur og fundi þannig að þetta verður fjölnota hús,“ segir Sigrún en ráðstefnur hafa hingað til verið haldnar á Hótel KEA, í Ketilhúsinu og í Háskólanum.

Spurð hvað Akureyringum finnist um húsið svarar Sigrún því til að mikill spenningur sé fyrir húsinu fyrir norðan. „Reynsla er af svona húsum í sams konar samfélögum í Skandinavíu og þar hefur þetta gjörbreytt afþreyingarmöguleikum,“ segir Sigrún.

Akureyrarbær og íslenska ríkið standa straum af kostnaðinum við byggingu hússins en áætlaður kostnaður er tveir milljarðar króna. Menningarhúsið verður í hjarta bæjarins á uppfyllingunni við Torfunesbryggju og segir Sigrún að það verði eitt af kennileitum bæjarins.

gudrun@frettabladid.is



**TÖLVUMYND AF MENNINGARHÚSINU Á AKUREYRI** Fyrsta skóflustungan verður tekin í dag og mun Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra flytja ávarp og listamenn stíga á stokk.

## AFMÆLI



**Árni Þórarinsson** rithöfundur er 56 ára.



**Anna Sigríður Helgadóttir**, söngkona er 43 ára.

## ÚTFARIR

**13.00** Helgi Valdimarsson, byggingarmeistari, Maragrund 9, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Garðakirkju.

**14.00** Helga Margrét Sigtryggsdóttir, Hlévangi, Faxabraut 13, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.




†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valgerður Sigurtryggvadóttir**
Bólstaðarhlíð 33, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 25. júlí á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 3. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Sigríður S. Jóhannsdóttir — Ólafur Ólafsson**
**Hafliði S. Jóhannsson**
**Birgir S. Jóhannsson — Sigrún E. Valdimarsdóttir**
**Ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru*

**Lúllu Kristínar Nikulásdóttur**
Kirkjuvegi 5, Keflavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem annaðist hana af alúð og virðingu í veikindum hennar. Guð blessi ykkur.

**Elín Sigríður Jósefsdóttir — Snæbjörn Guðbjörnsson**
**Ketill G. Jósefsson — Karen Valdimarsdóttir**
**Jenný Þuríður Jósefsdóttir — Alan Terry Matcke**
**ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Björk Hafrún Kristinsdóttir**
Blikabraut 7, Keflavík,

lést í Danmörku þriðjudaginn 25. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 2. ágúst kl. 11.00.

**Arnar Gunnlaugsson**
**Árni Heiðar Árnason — Hafdís Kjartansdóttir**
**Pétur Ragnar Árnason**
**Gréta Lind Árnadóttir — Hallgrímur Færseth**
**Steinunn Björk Árnadóttir — Eiríkur Waltersson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

†

*Okkar ástkæri*

**Árni Baldvin Sigurðsson**
Kulturgatan 31, Påskallavik, Svíþjóð,

andaðist á sjúkrahúsinu í Oskarshamn í Svíþjóð föstudaginn 28. júlí síðastliðinn.

**Eygló Einarsdóttir**
**Einar Ómarsson**
**Arnar Árnason — Rebecka Tholén**
**Þórunn Gyða Árnadóttir — Erik Lundgren**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Þórunn Sigurðardóttir**



*Birgir Gunnlaugsson*

*50 ára Þakklætiskveðjur*
*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem glöddu okkur í tilefni 50 ára afmælisins 28. júlí sl.*
*Sérstakar þakkir fá Snorri Hjaltason, stjórn UMFÍ , Baldur, Gunnar og Finnbogi fyrir þeirra ómetanlega innlegg.*
*Lifið heil,*
*Birgir og Signý*

†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu*

**Rögnu Guðrúnar Hermannsdóttur**
Ásgarði 19

**Guðsteinn Magnússon**
**og fjölskylda.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svava Júlíusdóttir,**
Hrauntúni 1, Breiðdalsvík, áður til heimilis að Núpi,

lést föstudaginn 28. júlí á Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað. Útförin verður auglýst síðar.

**Gunnar Einarsson**
**Einar Jóhann Gunnarsson — Aðalheiður Jónsdóttir**
**Hólmar Víðir Gunnarsson — Jarþrúður Baldursdóttir**
**Sigurður Borgþór Gunnarsson — Hrafnhildur S. Þórarinsdóttir**
**Svavar Júlíus Gunnarsson — Sigríður H. Georgsdóttir**
**Ómar Valþór Gunnarsson — Guðleif S. Einarsdóttir**
**Þuríður Ósk Gunnarsdóttir — Steinar Þór Ólafsson**
**Stefán Benedikt Gunnarsson — Hólmfríður S. Pálsdóttir**
**Björgvin Rúnar Gunnarsson — Vilborg Friðriksdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



sparaðu með nettó
ódýrari innkaup
999 kr/kg
Sænskar kjúklingabringur 1 kg.
stykkjaverð 99 kr/stk
3 saman í pakka
298 kr/ks
Napoli pizzur 3 í pakka
nettó gegn verðbólgu
2 fyrir 1
Grandsafi
750gr.
199 kr/pk
Coop danskt Kornflex 750gr.
159 kr/pk
Coop danskt Special K 500gr.
fimm kíló
399 kr/pk
Universal þvottarefni 5kg.
einn líter
79 kr/ltr.
Booster taumýkir 1 ltr.
hálfur líter
59 kr/stk
Dix uppþvottalögur 500 ml.
nýr ítalskur kaffidrykkur
99 kr/pk
Natumi Macchiato
sparaðu með nettó
99 kr/pk
Marshmallow stór poki
tveir lítrar
79 kr/stk
Pepsi Light 2 ltr.
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 1. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Þverskurðurinn af Íslandi

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FÓR Á TÓNLEIKA



Grasið á Klambratúni ilmaði eftir rigningarskúrina. Minnti á sætmjúkan ilminn sem liggur oft yfir Herjólfsdal í Vestmannaeyjum þegar ungmenni landsins liggja afvelta í pollagöllum eftir viðskipti sín við Bakkus og taka undir brekkusönginn. Sem betur fer hafði stytt upp í höfuðborginni og Hallgrímskirkja skartaði sínu fegursta í kvöldroða sumarsólarinnar. Kjarvalsstaðir minntu á gamlan meistara sem vafalítið hefði setið í tjaldstól með pípu og hatt á miðju tónleikasvæðinu. Rómantíkin lá einhvern veginn í loftinu.

Þegar hundstíkin hafði lokið sér af við að þefa af mér og sætt sig við að ég væri ekki af hennar kyni leit ég í kringum mig. Við hliðina á unga ástfangna parinu, sem knúsaði hvort annað við rólega tóna hljómsveitarinnar, lá áfengisdauður náungi sem hafði ætlað að gera sér dagamun í tilefni af tónleikunum. Tónar hljómsveitarinnar hjálpuðu honum ekki að halda haus því í hvert skipti sem hann reisti sig upp gaf söngvarinn frá sér hljóð sem hefði svæft brjálað naut. Fyrir aftan parið var fyrrverandi fegurðardrottning að gera sér dælt við vafasama náunga með Corona í flösku. Þeir reyndu að hlusta sem minnst á draumkennda tónlistina sem barst frá sviðinu en mest á sjálfan sig blaðra um skemmtistaði, Spánarferðina og nýjustu myndina á glæsilegri digital myndavél sem líkast til hefur kostað kildinginn.

Þverskurðurinn af íslensku þjóðfélagi var þarna samankominn til að fagna þessum hetjum sem höfðu sigrað heiminn. Hugurinn leitaði aftur til annarrar hetju sem líka hafði sigrað heiminn með dramatískum söng. Sá stóð í kirkjunni og reyndi að gefa frá sér einhverja tóna sem reyndust falskir í óeiginlegri og eiginlegri merkingu þess orðs. Garðar Hólm lifnaði að öllum líkindum við í einhverri bók við Miklubraut, lagði við hlustir og bölvaði Halldóri í sand og ösku fyrir að hafa ekki getað tekið þjóðina með trompi á sínum tíma.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Kl. 12.00**
*Yfirlitssýning á verkum listmálarans Louisu Matthíasdóttur stendur yfir í Listasafni Akureyrar. Sýningin rekur feril listakonunnar í sex áratugi og á henni eru bæði olíuverk og verk unnin á pappír, alls um hundrað talsins.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Afstæði upplýsinganna

Greinahöfundurinn Stacy Schiff skrifar í The New Yorker um þá sérstöku gerð af alfræðiriti sem finna má á netinu og nefnist Wikipedia, en það er alfræðirit í verstu merkingu þess orðs, samkvæmt greinahöfundi. Aðgangur að upplýsingum og greinum á síðunni er öllum þeim opinn sem almennt hafa nettenginu, en jafnframt getur nánast hvaða bjálfi sem er leiðrétt það sem þar stendur, bætt við og breytt.

Hægt er að nálgast efni af ólíklegasta toga samanber grein um íslam á Íslandi, filippíska ostasteik, sögulega ketti og vændiskonur í Kína, svo eitthvað sé nefnt.

Á Wikipedia má líka finna síðu sem tileinkuð er leiðréttingum á ýmsum upplýsingum sem fram koma í hinu virta alfræðiriti Britannicu. Til að mynda er fæðingardagur Stalíns sagður rangfærður og greint er frá því hver raunverulega fann upp rakvélablaðið. Þá eru greinarnar svo oft endurskrifaðar að ómögulegt er að vita hvað er satt og hverju eru logið. Grein sem birtist 12. júlí síðastliðinn um árás Ísraelsmanna í Líbanon hefur til að mynda verið breytt þúsund sinnum frá því hún var stofnuð á vefsíðunni. Wikipedia opinberar því að sögn greinahöfundar nýjan og metnaðarlausan skilning nútímamannsins á sannleikanum sem er orðinn loðinn og teygjanlegur. Spurningin er því sú, hversu upplýst erum við í raun? - brb


**VAR HANN FÆDDUR 1878 EÐA 1879?** Menn deila um afmælisdag Stalíns.

### >Ekki missa af...

myndlistarsýningunni **Eilandi** í Gróttu og nágrenni. Fimm ólíkir og **uppátækjasamir** listamenn setja mark sitt á svæðið.

söngleiknum **Footloose** í **Borgarleikhúsinu**. Einvalalið leikara, söngvara og ekki síst dansara fer á kostum.

skúlptúrum **Stefáns Jónssonar** myndlistarmanns sem eru til sýnis í virkjunarstöð **Landsvirkjunar** í **Laxárstöð**, Aðaldal í sumar. Sýningin er opin frá 13-17.


**ÚTLENDINGARNIR Á ÍSLENSKRI GRUND** Leika á Kaffi Kúltúr í kvöld.

## Erlent fjör

Tríóið Útlendingarnir heldur tónleika á Kaffi Kúltúr á Hverfisgötu í kvöld og leika djassskotna tónlist með blöndu af poppi og rokki auk frumsaminna laga félaganna í sveitinni.

Tríóið Útlendingana skipa Óskar Guðjónsson saxófónleikari, Scott McLemore á trommur og Simon Jermyn á bassa. Sérstakur gestur er Joachim Badenhorst sem leikur á klarinett en hann er þekktur í heimalandi sínu þar sem hann leikur með fjölmörgum tónlistarhópum og leikur bæði djass, klezmer og leikhústónlist.

Tónleikarnir hefjast kl. 21. - khh

## Semball og selló í Sigurjónssafni

**Sellóleikarinn Nicole Vala Cariglia leikur verk J.S. Bach ásamt Árna Heimi Ingólfssyni semballeikara á sumartónleikum í Sigurjónssafni í kvöld.**

Fluttar verða þrjár sónötur sem Bach samdi upprunalega fyrir gömbu og sembal auk tveggja brota í tveimur öðrum verkum hans, sarabande kafli úr partítu nr. 5 í G dúr fyrir sembal og allemande úr svítu nr. 6 í D dúr fyrir selló. „Okkur hefur lengi langað til þess að spila þessar sönötur saman sem eina heild og síðan leikum við sitthvort sólóstykkið til þess að gefa hinu tækifæri á að pústa aðeins á milli," útskýrir Árni Heimir.

Að sögn Árna Heimis eru verkin alls ekki líkamlega krefjandi og erfið eins og mörg 19. aldar virtúósamúsík heldur sé hún erfið því tónlist Bachs sé svo vönduð og fíngerð. „Maður þarf að ná fram öllum þessum litlu blæbrigðum. Þessi tónlist er svo vel samin að það er alger forréttindi að fá að halda þessa tónleika og spila bara Bach. Hann samdi magnaða tónlist sem gefur manni óendanlega mikið."

Þetta er eina tækifæri íslenskra hlustenda til að hlýða á þessa efnisskrá í bili því Nicole er á förum til Bandaríkjanna þar sem hún stundar doktorsnám í sellóleik við Boston University.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og standa í um eina klukkustund. „Það er yfirleitt gert hlé en við spilum dagskrána beint í gegn. Ég held að þetta verði mjög afslappað og notalegt því það hentar einnig vel að leika þessa tónlist í húsi sem ekki er of stórt," segir Árni Heimir og vísar til húsakynna í Listasafni Sigurjóns. „Þetta er svona stofutónlist, persónuleg músík sem myndi ekki virka í mörg þúsund manna sal. Hún býður upp á þessa nánd við áheyrendurna og að maður dragi það inn í þennan heim." - khh


**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON OG NICOLE VALA CARIGLIA** Vönduð og blæbrigðarík tónlist Bachs hljómar í Lauganesinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

29 30 31 **1** 2 3 4

**Þriðjudagur**

**TÓNLEIKAR**

- 20.30 **Margrét Ponzi** sópransöngkona og **Marco Belluzzi** orgelleikari halda tónleika í **Keflavíkurkirkju**.
- 21.00 Tríóið **Útlendingarnir** spilar á **Café Kúltúr** við **Hverfisgötu** ásamt belgíska klarinettuleikaranum **Joachim Badenhorst**.
- 22.00 Söngkonan **Ragnheiður Gröndal** heldur tónleika á **Café Rósenberg** í kvöld ásamt hljómsveit. Sveitina skipa **Jón Páll Bjarnason, Haukur Gröndal, Morten Lundsby** og **Erik Qvick**.

**OPNANIR**

- **Árni Björn Guðjónsson** opnar málverkasýningu í **Eden** í **Hveragerði**. Á sýningunni eru myndir af því svæði sem fer undir vatn er **Núpsvirkjun** verður byggð í Þjórsárdal. Sýningin verður opin daglega milli 8.30-22.00.

**SÝNINGAR**

- 14.00 Sumarsýning í menningarmiðstöðinni **Skaftfelli**, Seyðisfirði. Samsýning bræðranna **Sigurðar og Kristjáns Guðmundssona** er opin daglega frá kl 14-20 í sumar.


**SÖNGKONAN RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Fer fyrir fríðum flokki tónlistarmanna sem flytja djass- og blústónlist sunnan og norðan heiða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Í blúsferðir

Söngkonan Ragnheiður Gröndal heldur tónleika á Café Rósenberg kl. 22 í kvöld ásamt hljómsveit. Sveitina skipa Jón Páll Bjarnason, Haukur Gröndal, Morten Lundsby og Erik Qvick en þau munu flytja djass- og blúslög af hjartans einlægni.

Hópurinn leggur síðan upp í stutta tónleikaferð og mun leika í Deiglunni á Listasumri á Akureyri á fimmtudaginn og á Hótel Reynihlíð við Mývatn um helgina. - khh





Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!

Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!

Miðasala er þegar hafin!

| | | |
|---|---|---|
| Laugardaginn | 12. ágúst | kl. 20:00 |
| Föstudaginn | 18. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 19. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 19:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 22:00 |

Á ÞAKINU LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is //Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37

**PDA Phone** 2 stk. **26.990.kr/stk**



1) GSM tri-band: 900/1800/1900MHz
2) GPRS Class 12
3) Supports MP3 and 3g formats
4) 2.2" touch panel; 260k TFT
5) 2 Mega pixels camera
6) Digital Zoom 4X
7) Camera Effect
8) JAVA: Supported
9) 128MB Nand Flash
10) Mini SD Card slot
11) Embedded antenna
12) WAP 2.0
13) MMS
14) USB 2.0
15) PDA handwriting
16) Email support
17) Hand free
18) AV shooting (MPEG 4)
19) Movie/MTV playback in full screen
20) Video ring tone, MP3 ring tone
21) Built in speaker
22) Voice recording
23) High volume phone book (300 entries)
24) E-Book reading function
25) Karaoke
26) Support English/Simplified Chinese



8 stk **26.990.kr/stk**
**PDA Phone** Mp3, Mp4 with FM (New)

Specifications:
1) GSM tri-band: 900/1800/1900MHz
2) GPRS Class 10
3) Supports MP3 and MPEG 4 formats
4) 2.0" touch panel; 65k TFT
5) 1.3 Mega pixels camera
6) Digital Zoom 4X
7) Camera Effect
8) JAVA: Supported
9) 128MB Nand Flash
10) Mini SD Card slot
11) Embedded antenna
12) WAP 2.0
13) MMS
14) USB 2.0
15) PDA handwriting
16) Email support
17) Hand free
18) AV shooting (MPEG 4)
19) Movie/MTV playback in full screen
20) Video ring tone, MP3 ring tone
21) Built in speaker
22) Voice recording
23) High volume phone book (300 entries)
24) E-Book reading function
25) Support English/Simplified Chinese

Others:
-Alarm: Yes
-World Time: Yes
-Memo: Yes
-Note Pad: Yes
-Calculator: Yes
-Stopwatch: Yes
-Auto Turn On/Off: Yes
-Unit Convertor: Yes
-Currency Convertor: Yes
-Dictionary: Yes



**Car Portable DVD Player** 9 stk **69.990.kr/stk**

DVD / VCD / CD / CD-R / MP3 / TV / FM player

Technical Parameter:
* Screen size : 7 inches
* Display mode : 16?9
* Format : NTSC/PAL
* Pixels : 480(W)¥RGB¥234(H)=336960 points
* Power : DC 12V
* Operation temperature : -10? ~ +50?
* Storage temperature : -20? ~ +75?
* Shape size : 190¥180¥50mm
* Unit weight : 2.8Kg

Function Description:
* 7 inches broad view angle 16:9 display mode
* Adjustable image brightness/color/contrast
* DVD/VCD/CD/CD-R/MP3 /TV/FM
* 4x45W power amplifying function
* NTSC/PAL automatic identification
* 3 video input
* 1 AV output
* Automatic backing car rearview function
* Video signal disappear, display blue screen
* Manual stretching and all around circumrotate adjusting

Card style remote control



**Mp4 Player**
with speaker 1 G 10 stk **9.690.kr/stk**
**Mp4 Player Nano** 1.8" 1 G 10 stk **9.990.kr/stk**



**DV-02** 5 stk **16,990.kr/stk**
PMP with DV and Games Card 512 Mb(New)
2 Mega pixels camera, Music, TV recording



12 stk. **7990.kr/stk**
Mp3 with FM Transmiter **1 G** (Car or home)

**allar uppl. í síma 8963536**

# RISAÚ

BÍLHÁTALARAR BÍLMAGNARAR BÍLTÆKI

SJÓNVARPSTÆKI
MYNDAVÉLAR MAGNARAR
FERÐATÆKI GEISLASPILARAR
ÍSSKÁPAR MYNDBANDSTÆKI
ÞVOTTAVÉLAR KAFFIVÉLAR
ELDAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
UPPÞVOTTAVÉLAR BRAUÐRISTAR
HRÆRIVÉLAR SAMLOKUGRILL
STRAUJÁRN VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR
BLANDARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
REIKNIVÉLAR HÁFAR
RAKVÉLAR

CASIO · Lenco · NAD · KENWOOD · PHILIPS · SuperTech · UNITED
BEKO · DēLonghi · elna · exido · ide line · Melissa · TecnoWind
Bauknecht · Bompani · GeneralFrost · INDESIT · VESTFROST · Whirlpool

HÁTALARAR HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ ÚTVÖRP

700 VÖRUTEGUNDIR MEIRA EN

MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# TSALA

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

DVD SPILARAR PLASMA SJÓNVÖRP

MP3 SPILARAR LCD SJÓNVÖRP

SÍMAR

BROT AF ÞVÍ BESTA

**INDESIT ÞVOTTAVÉLAR á ótrúlegu verði**

**VESTFROST FRYSTIKISTUR á frábæru verði**

**WHIRLPOOL kæliskápar með miklum afslætti**

**HÁRBLÁSARAR frá kr. 695 og SLÉTTUJÁRN frá kr. 995**

**BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR, HANDÞEYTARAR og fleira frá kr. 995**

**NAD HLJÓMTÆKI og DALI HÁTALARAR með miklum afslætti**

**PHILIPS HEIMABÍÓSETT með allt að 40% afslætti**

**42" SJÓNVÖRP með allt að 100.000 kr. afslætti**

**TAKMARKAÐ MAGN**

**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

**Heimilistæki**

www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**NÝTT PAR** Colin Farrell og Gong Li hafa sést mikið saman að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Ást á tökustað

Leikarinn Colin Farrell hefur verið orðaður við meðleikkonu sína í myndinni Miami Vice, kínversku stórstjörnuna Gong Li. Þau hafa sést mikið saman að undanförnu, meðal annars í eftirpartíi eftir frumsýningu myndarinnar í Bretlandi. Viðstaddir segja að Farrell hafi bara haft augun á Gong Li og þau hafi gert sér dælt hvort við annað inni á staðnum en horfið stuttu síðar upp á hótel í miðborginni. Gong Li verður fertug á þessu ári á meðan Colin Farrell er aðeins þrítugur og er því tíu ára aldursmunur á parinu.



**SPENNT** Fólk á öllum aldri skemmti sér konunglega á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**GLEÐI** Ekki er annað hægt að segja en að áhorfendur hafi verið himinlifandi með tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Listamennirnir í aukahlutverkum

Einhverjir mest sjarmerandi tónleikar sem haldnir hafa verið á Íslandi fóru fram á Borgarfirði eystri síðastliðið laugardagskvöld. Fjöldi fólks hafði lagt á sig heljarinnar ferðalag til þess að komast á staðinn, keyrt á lélegum vegum og farið yfir hættulegar heiðar. Ferðalagið var hins vegar fljótt að borga sig því um leið og komið var yfir Njarðvíkurskriður blasti við manni hið krúttlega þorp á Borgarfirði eystri, sem síðar átti eftir að bjóða upp á rómaða kvöldstund.



**FRÁBÆR** Belle & Sebastian sýndi og sannaði að þar er á ferð frábær tónleikasveit.

Hin sjarmerandi og þokkafulli tónleikastaður var því mun frekar í aðalhlutverkinu og listamennirnir voru meira í aukahlutverkum. Allt skipulag var líka til fyrirmyndir og í raun hægt að segja að ekki hafi verið veikan punkt að finna í þessu smávaxna þorpi þetta ágæta laugardagskvöld. Áhorfendur og gestir staðarins virtust líka allir vera ánægðir með að vera viðstaddir enda var upplifunin nær öll þeirra.

Tónleikarnir sem slíkir voru einnig hin besta skemmtun. Emilíana var krúttleg og sæt eins og endranær og geislaði á sviðinu. Meðlimir Belle & Sebastian stigu síðan á stokk stuttu á eftir Emilíönu og heilluðu viðstadda enda fátt annað hægt þar sem andrúmsloftið var eins og best verður á kosið. Söngvari Belle & Sebastian, Stuart Murdoch (sem var ískyggilega líkur Bryan Adams), gældi líka við áhorfendur í Bræðslunni og hann, eins og hinir meðlimir sveitarinnar, virtist skemmta sér konunglega.



**Í SÖLUHUG** Heimamenn stjönuðu við gesti og buðu meðal annars upp á sjálflýsandi dót til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

En eins og áður segir voru það ekki tónleikarnir sem slíkir heldur Borgarfjörður eystri og andrúmsloftið sem þar ríkti sem stóð upp úr. Er þetta annað árið í röð sem haldnir eru tónleikar í Bræðslunni en í fyrra spilaði Emilíana þar ásamt heimamanninu „heimsfræga“ Magna. Tónleikar á þessum tíma árs eru því orðnir að hefð sem vonandi verður haldið við. Jafnvel væri gaman ef hægt væri að halda litla tveggja daga hátíð en ef tónleikarnir á næsta ári verða eitthvað í líkingu við þá sem fóru fram um helgina getur enginn kvartað. steinthor@frettabladid.is




Rock on Magni

Fylgjumst með ótrúlegum árangri Magna í kvöld kl. 1 eftir miðnætti í beinni útsendingu á Skjá*Einum*. Úrslitin verða svo sýnd í beinni útsendingu á miðnætti annað kvöld.

Fyrir þá sem ekki geta vakað verða tónleikarnir sýndir kl. 21.30 á miðvikudagskvöldið og úrslitin kl. 21.30 á fimmtudagskvöldið.

Nú nærðu SKJÁ*EINUM* í gegnum Digital Ísland


BT
Fjársjóðurinn er fundinn...
FYLGIR 2X Bíómiði
DRAUMAVÉLIN
COOL'N"QUIET -Vélin keyrir svöl og hljóðlaus
AMD turion -64 bita háhraðaörgjörvi
100GB harður diskur
1GB vinnsluminni
Lækkað VERÐ
FUJITSU SIEMENS
BAT:UK-N6EAS06-A1
FSC AMILO A1650G
AMD Turion 64 ML32 1.8GHz
15.4" WXGA Widescreen TFT
-with CrystalView Technology
ATI Mobility Radeon X200 Graphics
1GB Vinnsluminni
100GB Harður diskur
DVD skrifari - Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Microsoft Windows XP home edition
Microsoft Works 8
•Afköst
•Frelsi
•Hreyfanleiki
Amilo Si vélarnar eru sérstaklega hannaðar fyrir þann sem þarf að vera hreyfanlegur, lítil og nett. Þökk sé AMD Turion og orkusparandi tækni nærðu hámarks rafhlöðutíma sem gefur þér frelsi til að vinna hvar sem er
Crystal View -hvítur verður hvítari og myndin öll skarpari
4.924
4.924 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
10.949 Vaxtalaust 12 mán.
131.988 Staðgreitt
40" SJÓNVARP
MEDION
MD30141
MEDION 40" LCD SJÓNVARP
HD Ready LCD sjónvarp
Upplausn 1366 x 768
1200:1 í Skerpu
Birta 500cd/m2
8ms viðbragðstími
Mynd í Mynd (PIP)
2 Sjónvarpsmóttakarar
Textavarp með 2100 síðna minni
Styður PAL/SECAM/NTSC
2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
HDMI tengi
2x SCART, Composite og S-Video
DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu
Brjálað tilboð
40 LCDsjónvarp
8.748
10 DVD fylgja með
8.748 Tölvu- og tækjalán 36 mán.
19.999 Vaxtalaust 12 mán.
239.988 Staðgreitt

# Svífandi fjölskyldustemning á Klambratúni

Um fimmtán þúsund manns voru samankomnir á Klambratúni í fyrradag þegar hljómsveitin Sigur Rós hélt þar tónleika. Óhætt er að segja að tónleikarnir hafi farið vel fram enda veðurblíðan sem ríkti á höfuðborgarsvæðinu með eindæmum.

Sannkölluð fjölskyldustemning ríkti á tónleikunum þar sem ungir sem aldnir mættu á Klambratún. Tónleikagestir létu líka fara vel um sig og mátti meðal annars sjá fólk flatmaga í sólstólum eða á teppi með kakó á brúsa. Sigur Rósar-menn bræddu hjörtu viðstaddra með tónum sínum og var sveitin meðal annars klöppuð tvisvar sinnum upp.

Tónleikar Sigur Rósar á sunnudag voru liður í tónleikaferðalagi sveitarinnar um Ísland. Sveitin hefur leikið á fimm tónleikum víðs vegar um landið og eru tvennir eftir – einir leynitónleikar á landsbyggðinni og svo í Ásbyrgi um verslunarmannahelgina.

Tónleikaröðin hefur verið fest á filmu en Sigur Rósar-menn vinna nú að tónleikamynd ásamt kvikmyndafyrirtækinu True North. Öllu hefur verið til tjaldað við gerð myndarinnar og lék sveitin meðal annars á steinaspil í Surtshelli í gær ásamt Páli í Húsafelli, sem fest var á filmu.



**VEL BÚNAR** Þessar hefðarfrúr létu fara vel um sig á tónleikum Sigur Rósar á sunnudaginn var og voru vel búnar rósavíni og hvítvíni sem þær sötruðu á milli þess sem þær hlustuðu á tóna sveitarinnar.



**BOGINN MUNDAÐUR** Jónsi mundaði fiðlubogann af sinni alkunnu snilld.



**MARGMENNI** Múgur og margmenni safnaðist saman á Klambratúni og lét fara vel um sig.



**SIGUR RÓS** Georg Hólm og Orri Páll Dýrason fóru á kostum á tónleikum Sigur Rósar á Klambratúni.



**FAÐMLAG** Meðlimir Sigur Rósar og Amiinu féllust í faðma áður en þeir stigu á svið.



**SKIPULEGGJENDURNIR** Finnur Jóhannsson og Kári Sturluson hafa hjálpað Sigur Rósarmönnum við skipulagningu tónleikanna.



**UNGIR SEM ALDNIR** Fólk á öllum aldri sótti tónleika Sigur Rósar. Þessi ungi snáði skemmti sér vel eins og hinir fimmtán þúsund gestirnir.





**NÝGIFT** Klæðnaður Pamelu Anderson og Kid Rock var heldur óvenjulegur að sjá og virtust þau skemmta sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/AFPPHOTOS

# Mikið stuð

Rokkarinn Kid Rock og Pamela Anderson gengu í það heilaga um helgina. Athöfnin fór fram á snekkju rétt fyrir utan St. Tropez og var Pamela klædd í hvítt bíkiní með skipstjórahúfu á höfði og Kid Rock var ber að ofan með bjór og vindil. Mikið stuð ku hafa verið á snekkjunni og voru skötuhjúin dugleg að veifa til ljósmyndaranna sem umkringdu bátinn. Þau ætla að halda athöfnina fimm sinnum og eiga nú eftir að gifta sig á Malibu, í Nashville og Detroit.



**MADONNA** Fær mun betri viðtökur í Bandaríkjunum en í Bretlandi. Búist er við að hálftómt verði á opnunartónleikunum hennar í Cardiff. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Hálftómt á tónleikum

Söngkonan sívinsæla Madonna er gagnrýnd mjög af breskum aðdáendum fyrir að selja of dýrt inn á tónleikan sína í Bretlandi. Þúsundir sæta munu vera tóm á opnunartónleikum í Cardiff. Miðar á tónleikana kosta allt frá 9.000 íslenskum krónum upp í 23.000 krónur. Chris Lamb, umboðsmaður Madonnu, segir miðaverðinu til varnar að Confessions-tónleikaröðin sé ekki eins og venjulegir tónleikar með Rolling Stones heldur sé þetta í líkingu við franska sirkusinn „Cirque de soleil“. Það koma 106 manns að sýningunni og diskókúlan fyrir ofan sviðið er alsett swarowski demöntum og kostar hún í kringum 200 milljónir íslenskra króna.

Salan á miðum gekk mun betur í Bandaríkjunum en þar var uppselt á alla tónleikana.














## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan unga **Jessica Simpson** er þekkt fyrir kynþokka sinn. Mörgum finnst skrítið hversu mikið er gert út á líkama hennar í myndböndum og tónleikum vegna þess að það er faðir hennar sem er umboðsmaður og stjórnar hann öllu sem tengist ímynd stúlkunnar. Við myndatökur um daginn stöðvaði móðir Jessicu tökuna með orðunum: „Hingað og ekki lengra. Dóttir mín er ekki glyðra.“ Hætt var við tökurnar og móðir Jessicu sagði að hún væri komin með nóg af því að sjá dóttur sína hálfnakta fyrir framan myndavélarnar. Á umræddri mynd liggur Jessica hálfnakin á rúmi og við hliðina er strákur að klæða sig í fötin. Það eru því komnar upp deilur milli foreldranna vegna þessa.



Leikarinn **Brad Pitt** mun vera búinn að færa sig úr svefnherberginu sem hann deilir með kærustu sinni Angelinu Jolie fram í stofu til að geta sofið á næturna. Ástæðan mun vera sú að Angelina er vakandi allar nætur til að sinna dóttur þeirra Shiloh á meðan Brad þarf á sínum svefn að halda. Angelina mun vera mjög svo upptekin af nýfæddri dótturinni og vill hafa hana hjá sér allar stundir á meðan Pitt vill sofa á næturna en reynir að hjálpa til eins mikið og hann getur á daginn.



Leikkonan og óskarsverðlaunahafinn **Charlize Theron** vill koma hundunum sínum út í leiklistina. Samkvæmt Daily Express vill Theron leika á móti hundunum sínum tveim, Denver og Delillah, í barnamynd og segir hún að hundarnir hafi ákkúrat rétta persónuleikann til að leika í kvikmynd. Það yrði nýr vettvangur fyrir Theron því til þessa hefur hún ekki leikið í slíkum myndum.












**MEL GIBSON** Leikarinn og leikstjórinn upplýsti að hann hefði strítt við alkóhólisma meiri hluta lífsins.

# Mel Gibson fallinn

Mel Gibson var tekinn fyrir að keyra undir áhrifum áfengis á föstudagsmorgun í Malibu í Kaliforníu og hefur hann lýst því yfir að hann skammist sín fyrir framferði sitt. Gibson sagði að það hefði verið hræðilegt að falla aftur en hann hefur barist við alkóhólisma allt sitt líf. Leikarinn og leikstjórinn baðst jafnframt afsökunar á talsmáta sínum við handtökuna, en hann ku hafa látið út úr sér andgyðingleg orð. „Ég sagði hluti sem ég tel ekki að séu sannir og sem eru hræðilegir,“ sagði Gibson og játaði að hann hefði hegðað sér eins og snarvitlaus manneskja.

Nokkur samtök gyðinga hafa sagt yfirlýsingu Gibsons vera „ófullnægjandi“ og telja að hann iðrist ekki nógu mikið. Þjarmað var að lögreglu Los Angeles um að staðfesta það sem fram fór á milli Gibson og lögregluþjónanna. „Við erum ekki að reyna að fela neitt. Okkar starf er ekki að velta okkur upp úr því sem hann sagði,“ sagði lögreglustjóri LA. Gibson er sem kunnugt er strangkaþólskur og myndin hans The Passion of the Christ var mjög umdeild. Leikstjórinn vinnur nú að nýrri mynd, Apocalypto, sem gerist í Suður-Ameríku fyrir 3.000 árum.

# Ekki meir í baði

Hin yndisfagra leikkona Eva Longoria úr sjónvarpsþáttunum Desperate Housewives er komin með leið á baðkarssenunum í þáttunum. Margar senur i þáttunum byggjast á því að Longoria liggi í baði, karlkynsáhorfendum til mikillar gleði, og er hún nú búin að fara á fund með framleiðendum til að fá að sleppa við að liggja í baðkari í fleiri atriðum. „Það er ekki þægilegt að þurfa að bera sig fyrir framan tökuliðið og alla karlmenn á svæðinu sem virðast flykkjast að þegar þessi atriði eru tekin upp og liggja í brúnleitu vatni í marga klukkutíma vegna brúnkukremsins sem lekur af,“ segir Longoria en óvíst er hvort framleiðendur hafi tekið bón hennar til greina.



**EVA LONGORIA** Þessi gullfallega leikkona vill ekki bera sig og liggja í baðkari lengur í þáttunum Aðþrengdar eiginkonur.
FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Skilnaður aldarinnar

**Skilnaður Pauls McCartney og Heather Mills tekur á sig ljótari mynd með hverjum deginum.**



**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** McCartney og Mills voru mjög samrýmd en nú er ljóst að skilnaðurinn á eftir að verða ansi hörð rimma. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

Þegar fréttatilkynning barst um að bítillinn fyrrverandi og fyrirsætan hygðust slíta hjónabandinu töldu flestir að lagalega hliðin yrði leyst í kyrrþey. Annað hefur komið á daginn. Í sunnudagsblaðinu The Sunday Mirror kemur fram að McCartney sé nú að ráða til sín her lögfræðinga sem eiga að vernda auðævi hans en McCartney er talinn eiga eignir sem nema 137 milljörðum íslenskra króna. Enn fremur greinir blaðið frá því að McCartney sé æfur yfir því að Mills hafi hafnað tilboði hans sem taldi litlar 30 milljónir punda en það samsvarar fjórum milljörðum íslenskra króna.

Samkvæmt heimildum The Sunday Mirror hefur sá grunur læðst að Paul McCartney að fyrrverandi eiginkona hans hafi einungis verið á eftir peningunum hans og ætli sér að ná sem mestu út úr skilnaðinum. The Sunday Mirror gerir að því skóna að krafa Mills verði í kringum um 200 milljónir punda eða 27 milljarða íslenskra króna en þær fréttir hafa ekki verið staðfestar.

Sir Paul hefur samkvæmt The Sunday Mirror fengið Fionu Shackleton til að fara með málið fyrir dómstóla en hún var lögfræðingur Karls Bretaprins þegar hann skildi við Díönu prinsessu. Þá greinir blaðið einnig frá því að McCartney sé farinn að trúa frétt götublaðsins News of the World um að Mills hafi verið vændiskona á árum áður en hann stóð þétt við bakið á henni þegar blaðið birti greinina. Mills hefur engu að síður hótað News of the World lögsókn þegar skilnaðurinn er genginn í gegn.

Fjölmiðlar í Bretlandi spá því að skilnaðurinn, sem flestir bjuggust við að yrði flauelsmjúkur, verði fullur af hatri og reiði þar sem báðir aðilar munu nýta allt í fortíð og nútíð hvor annars til að ná sínu fram.





## Örn setti Íslandsmet

Sundkappinn Örn Arnarson komst ekki í úrslit í 50 metra flugsundi á Evrópumótinu í Búdapest í gær þrátt fyrir að setja Íslandsmet. Örn synti á 24,27 sekúndum í undanrásunum en það dugði honum ekki til að komast í úrslit en hann varð í tíunda sæti í undanúrslitunum og var rúmum fimmtungi úr sekúndu frá því að komast í úrslit.

**sport**

sport@frettabladid.is

FORNIR FJENDUR SAMEINAÐIR Á AKUREYRI: STRAX KOMIÐ Í VEG FYRIR UMDEILDAN ÆFINGAFATNAÐ

# *Límt yfir KA-merkið á fyrstu æfingu*

Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyri handboltafélag, hefur strax sett tóninn á æfingum hjá nýsameinuðu liði Þórs og KA. Tveir leikmenn mættu í fötum merktum KA á fyrstu æfinguna í síðustu viku en þjálfarinn vill ekki að leikmenn æfi í búningum frá sínum gömlu félögum. Leikmenn liðsins eiga von á nýjum æfingafatnaði nú í vikunni.

„Ég vil ekki að menn séu í Þórs eða KA búningum. Það er verið að stofna nýtt lið og ég vil að menn einbeiti sér að því. Þetta gerðist bara einu sinni og mun ekki gerast aftur. Það verður refsing ef einhver dirfist að brjóta reglurnar,“ sagði Rúnar í léttum dúr en hann leysti málið með því að líma yfir merki KA.



Æfingar hófust á mánudaginn í síðustu viku og er Rúnar ánægður með byrjunina. „Það gengur þokkalega. Hópurinn hefur aldrei farið niður fyrir tuttugu stráka, þrátt fyrir forföll og ég er því með stóran og breiðan hóp. Það er mjög jákvætt en stærsti hluti hans er reyndar í 2. flokki. Það breytir því ekki að það verður mikil samkeppni um stöður,“ sagði Rúnar sem vonast eftir því að styrkja hópinn frekar fyrir komandi átök.

„Við erum full seint á ferðinni og úrvalið á leikmannamarkaðnum er ekkert. Við höfum verið að kíkja í kringum okkur en það hefur lítið gengið,“ sagði Rúnar sem býst fastlega við því að missa einn sinn besta leikmann, Arnór Gunnarsson, sem mun að öllum líkindum ganga í raðir Vals.

KA og Þór hafa marga hildina háð en eftir sameininguna eru þessir fyrrum fjendur búnir að sameinast í eitt lið. „Mönnum kemur furðu vel saman, þetta er að blandast hægt og rólega. Við munum fara í einhverjar æfingaferðir til að þjappa hópnum vel saman enda eru þetta tvær fylkingar sem þurfa að sameinast,“ sagði Rúnar Sigtryggsson.

## > Bologna bætist við

Norska blaðið Nettavisen greindi frá því í gær að njósnari frá ítalska liðinu Bologna væri að fylgjast með sóknarmanninum Veigari Páli Gunnarssyni með Stabæk gegn Sandefjörd í norska boltanum á sunnudag. Veigar náði sér ekki á strik í leiknum frekar en aðrir leikmenn Stabæk. Eins og kunnugt er hafa ensku liðin Tottenham, Portsmouth, Charlton og Southampton verið að fylgjast með Veigari sem er efstur í einkunnagjöfinni hjá Dagbladet í Noregi með 5,93 í meðaleinkunn.



LANDSBANKADEILDIN

# Byrjaði á skólakynningu

**Á sunnudag lauk Íslandsmótinu í höggleik en þar voru krýndir nýir meistarar í karla- og kvennaflokki. Sigmundur Einar Másson er nýr meistari í karlaflokki.**

**GOLF** Sigmundur Einar Másson úr GKG varð um helgina Íslandsmeistari í höggleik á Urriðavelli af miklu öryggi en fyrir sigurinn var nafn hans ekki það þekktasta í bransanum. „Ég var tólf ára þegar ég byrjaði að æfa golf. Golfklúbburinn var með kynningu í skólanum mínum og þannig fékk ég áhugann, ég hef eiginlega átt heima á golfvellinum síðan ég byrjaði. Um leið og ég var búinn í vinnunni þá hjólaði ég beint út á golfvöll og svo endaði þetta með því að ég fékk bara vinnu á vellinum. Um leið og vinnutímanum lauk þá fór maður strax að slá,“ sagði Sigmundur.

Hann er úr Kópavoginum og var í fótbolta hjá Breiðabliki áður en golfið tók nánast allan hans frítíma. „Ég vann Íslandsmeistaratitil unglinga í holukeppni árið 2000 eftir að hafa verið í golfi í rúm þrjú ár,“ sagði Sigmundur sem verður 23 ára í nóvember en hann býr í Bandaríkjunum þar sem hann er við nám. „Ég er að læra fjármálahagfræði og á eitt ár eftir af skóla en get spilað tvö ár í viðbót. Ég klára þau og svo er aldrei að vita hvað gerist eftir það.“



**BÝR Í BANDARÍKJUNUM** Sigmundur Einar Másson var nýja nafnið sem skráð var á Íslandsmeistarabikarinn en hann stundar nám í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**PÚTTAÐ** Sigmundur mundar hér pútterinn á átjándu holunni á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sigmundur setur stefnuna á atvinnumennsku og er byrjaður að skipuleggja framtíð sína í kringum það. Eftir sigur hans um helgina hafa margir talað um kynslóðaskipti í golfinu en Sigmundur tekur nú ekki alveg undir það. „Heiðar Davíð er ekki mikið eldri en ég og því tel ég að orðið kynslóðaskipti eigi kannski meira við í kvennagolfinu enda var orðið langt síðan ung stelpa hafði náð sigri þar,“ sagði Sigmundur.

„Þetta leit kannski út fyrir að vera auðvelt hjá mér en það var það alls ekki. Ég var búinn að setja upp ákveðið leikskipulag og spilaði eftir því. Það var mjög sætt að ná að að sigra, fyrir tveimur árum hefði ég endað meðal tíu efstu en fékk frávísun þar sem ég skrifaði undir vitlaust skor. Í fyrra spilaði ég illa seinasta daginn og fékk níu á eina holuna og átti því ekki möguleika á því að vera meðal efstu manna. Fyrir þetta mót var ég síðan staðráðinn í að vera í baráttunni og það tókst.“

Hann fagnaði sigrinum á sunnudag ásamt öðrum keppendum á Hótel Loftleiðum. „Þar voru allir keppendurnir saman að borða góðan mat. Þar var mjög góð stemning,“ sagði Sigmundur sem mætti síðan aftur til vinnu í gær en í sumar hefur hann verið að kenna unglingum hjá GKG. Hann segir þó að æfingagjaldið hafi ekki hækkað eftir sigur sinn. „Þau njóta bara góðs af þessu,“ sagði Sigmundur Einar Másson að lokum.

elvargeir@frettabladid.is

Félagaskipti gærdagsins:

## Sigþór sneri aftur til KR

**FÓTBOLTI** „Þetta kom mjög snöggt upp á sunnudaginn og KR komst strax að samkomulagi við Val. Ég var tilbúinn að leggja fram aðstoð mína og þeir spenntir fyrir því að fá mig út þetta tímabil,“ sagði Sigþór Júlíusson sem skipti óvænt yfir í KR í gær. Það var síðasti dagur félagaskipta en Sigþór hefur spilað með Völsungi frá Húsavík í 2. deildinni í sumar á lánssamningi frá Val.

„Eftir að Völsungur tapaði á laugardag þá eru möguleikarnir að komast upp orðnir mjög litlir, annars hefði ég reynt að klára það verkefni með liðinu. En þetta er síðasti möguleiki fyrir mig að gera eitthvað meira í efstu deild,“ sagði Sigþór sem var í leikmannahópi KR í gær gegn Fylki,

Mikið var um félagaskipti í gær, Andri Valur Ívarsson sneri aftur til Vals úr láni hjá Völsungi, Geoff Miles fékk félagaskipti úr Keflavík í Stjörnuna, Helgi Pétur Magnússon fór að láni frá ÍA til HK og Breiðablik lánaði Gunnar Örn Jónsson í Fjölni. - egm

U17 ára landslið Íslands:

## Skoraði fimm gegn Finnum

**FÓTBOLTI** Íslenska U17 karlalandsliðið bar sigurorð af frændum sínum frá Finnlandi á Norðurlandamótinu sem hófst í Færeyjum í gær. Þrátt fyrir að lenda tveimur mörkum undir eftir aðeins sjö mínútur gáfust íslensku strákarnir ekki upp, jöfnuðu fyrir leikhlé og unnu svo öruggan sigur.

Kristinn Steindórsson jafnaði leikinn með tveimur mörkum en í seinni hálfleik skoraði Viðar Örn Kjartansson tvö mörk og Viktor Unnar Illugason eitt og tryggðu Íslandi 5-2 sigur. Næsti leikur liðsins er í dag þegar leikið verður gegn Dönum. - hþh


KNATTSPYRNUÞJÁLFARAR

Barna og unglingaráð Aftureldingar auglýsir eftir þjálfurum í nokkra flokka pilta og stúlkna frá og með 1 september. Þjálfaramenntun og reynsla er skilyrði.



Hjá Aftureldingu er unnið metnaðarfullt starf þar sem fagmennska og forvarnir eru höfð að leiðarljósi. Aðgangur er m.a að 3 íþróttasölum, Tungubökkum sem er eitt besta grassvæði landsins auk gerfisgrasvallar við Íþróttamiðstöðina við Varmá

Áhugasamir eru beðnir að senda inn umsóknir fyrir 10. ágúst á netfang **umfa@simnet.is** eða í pósti merkt Tryggvi Þorsteinsson Lækjartúni 5 270 Mosfellsbæ

UMFA


Þóra Björg Helgadóttir, fyrirliði Breiðabliks:

## Stolt okkar er sært og við ætlum að vinna

**FÓTBOLTI** Valur og Breiðablik mætast í Landsbankadeild kvenna í kvöld en Valsdstúlkur geta nánast tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn tapi þær ekki leiknum. Valsstúlkur hafa unnið alla tíu leiki sína í deildinni til þessa og hafa nú þegar þriggja stiga forystu á Blikastúlkur sem hafa auk þess leikið einum leik fleira.

„Þetta er okkar síðasti möguleiki og þrátt fyrir að við myndum vinna þennan leik er enn langur vegur eftir. Þær eru með sex stiga forystu auk þess að vera með betri markatölu og það þarf ótrúlega mikið að gerast til þess að við náum þeim í keppninni um titilinn. Við gerum þó að sjálfsögðu hvað við getum og stefnum til sigurs,“ sagði Þóra B. Helgadóttir, fyrirliði og markvörður Breiðabliks.

„Við lítum fyrst og fremst á þennan leik sem undirbúning fyrir Evrópukeppnina sem við höldum í á sunnudaginn. Við þurfum að vera komnar á góða siglingu þegar við förum þangað en upp að vissu marki þá höfum við sætt okkur við það að titilbaráttan er fyrir bí. Við ákváðum að einbeita okkur að bikarnum og Evrópukeppninni,“ sagði Þóra en Valsstúlkur unnu fyrri leik liðanna 4-1 á Valbjarnarvelli.

„Þar lagði Valur línurnar fyrir mótið og stolt okkar er sært, við höfum engu að tapa og stefnum á að sanna okkur og sýna,“ sagði Þóra. - hþh

# Nýja Pottþétt er komin út!




## Vinsælustu plötur sumarsins


100 íslenskir sumarsmellir


Svona er sumarið 2006


Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar


Íslensk ástarlög



Snorri


Dr. Mister & Mr. Handsome



Sveitasæla


Vorvindar



Gunni og Felix


Blue Lagoon Soundtrack



Lára


Instrumental Iceland

Góða skemmtun! ►

sena

# Björgólfur lék gömlu félagana grátt

**KR-ingar nældu í þrjú dýrmæt stig í Árbænum í gær með 2-1 sigri á Fylki. Gamli Fylkismaðurinn Björgólfur Takefusa stal senunni og sökkti sínum gömlu félögum með tveim mörkum.**

**FÓTBOLTI** „Þetta er svo ósanngjarnt,“ sagði Fylkismaðurinn Eyjólfur Héðinsson eftir leik og var mjög daufur í dálkinn. „Þetta var alveg eins og í fyrri leiknum. Við gjörsamlega yfirspilum þá allan leikinn en náðum ekki að koma tuðrunni í netið fyrr en á síðustu sekúndunni. Og þetta fjandans víti, þetta var svo mikil gjöf frá Garðari dómara og gjörsamlega ófyrirgefanlegt. Svo fer boltinn þrisvar í hönd KR-inga í þeirra teig án þess að hann dæmi neitt. En við vorum miklu betri í leiknum og það var mikið hallað á okkur í dómgæslunni.“

Fyrri hálfleikur var rólegur í meira lagi. Þó svo að liðin séu hvor við sinn endann á töflu Landsbankadeildarinnar munar ekki mörgum stigum á þeim og því mikið í húfi. KR-ingar eru síður en svo í rónni að vera svo nálægt fallsvæðinu og því var ljóst að þeir ætluðu sér þrjú stig í leiknum.

Bæði lið hafa oftast sýnt betri leik en þau gerðu í fyrri hálfleik og var afskaplega fátt um fína drætti. Varnarmenn liðanna voru vel með á nótunum og sinntu sínu hlutverki. Aðeins nokkur hálffæri litu dagsins ljós en þó voru heimamenn talsvert sprækari aðilinn.



**BROT?** Þórir Hannesson rökræðir við Garðar Örn Hinriksson í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MARK** Björgólfur Takefusa er hér við það að skora annað mark sitt í leiknum án þess að Fjalar Þorgeirsson nái að koma nokkrum vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Síðari hálfleikur hófst á þeim nótum að skipt hafði verið um aðaldómara leiksins. Jóhannes Valgeirsson meiddist í leik Grindavíkur og Fylkis fyrir skömmu og höfðu þau meiðsli greinilega tekið sig upp í fyrri hálfleiknum. Það var því kallað á Garðar Örn Hinriksson sem tók við dómgæslunni eftir hléið.

Og við það gjörbreyttist taktur leiksins. Garðar dæmdi hvoru liði aukaspyrnu á hættulegum stað snemma hálfleiksins sem ekkert kom úr en eftir fimm mínútna leik dæmdi hann afar umdeilda vítaspyrnu. Boltinn kom úr innkasti inn á vítateig og átti Björgólfur Takefusa engan möguleika að ná boltanum. En honum virtist brugðið af Ragnari Sigurðssyni og því vítaspyrna umsvifalaust dæmd. Björgólfur skoraði sjálfur úr spyrnunni gegn sínum gömlu félögum en hann skipti úr Fylki í KR í haust.

Fylkismenn reyndu hvað þeir gátu til að jafna leikinn en þrátt fyrir margar þungar sóknir voru það KR-ingar sem voru fyrr til að auka forystu sína og aftur var það Björgólfur sem kom boltanum yfir línuna. Aðeins nokkrum sekúndum áður áttu Fylkismenn sína bestu sókn í leiknum er Páll Einarsson átti skalla að marki eftir horn sem var varið af varnarmanni KR á línunni og Kristján Finnbogason klófesti knöttinn í kjölfarið.

En í næstu andrá fékk KR hornspyrnu sem Sigmundur Kristjánsson tók. Gunnlaugur Jónsson skallaði svo boltann beint fyrir fætur Björgólfs sem skoraði örugglega.

Fylkismenn héldu áfram að sækja mikið en uppskáru ekki mark fyrr en á lokamínútu leiksins er Eyjólfur átti sendingu inn fyrir sofandi vörn KR á varamanninn Albert Brynjar. Hann kom boltanum fram hjá Kristjáni sem kom út á móti.

En Björgólfur Takefusa var sáttur þótt hann gæti að vissu leyti tekið undir orð Eyjólfs. „Þeir áttu ef til vill meira í leiknum eins og í fyrri leik liðanna í sumar. En við skoruðum fleiri mörk og meðan það er svo er mér sama hversu vel eða illa við spilum.“

Aðspurður um vítið sagði Björgólfur að óeðlileg snerting hefði átt sér stað. „Hvort sem það var viljandi eða ekki þá klemmdi Ragnar mig þannig að ég gat ekki hlaupið á eftir boltanum. Ég gat því ekki staðið í lappirnar og Garðar dæmdi víti hvort sem það var rétt eða ekki.“

En hverju sem líður þá var hann ánægðastur með stigin þrjú og í fyrsta skipti í sumar skoraði Björgólfur í sigurleik KR í deildinni. „Nú telja mörkin mín loksins til stiga og það er það sem skiptir máli. Hér spilaði ég í tvö góð ár og hér er frábært að vera. En það er svo sem ekkert sjálfgefið að skora mörk en það gekk í dag og vonandi heldur það áfram,“ sagði þessi fyrrum liðsmaður Fylkis og hetja KR-inga í gær.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**GÓÐUR** Garðar átti frábæran leik í gær og skoraði þrennu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Garðar Jóhannsson:

## Þetta gæti ekki byrjað betur

**FÓTBOLTI** „Mér líður frábærlega,“ öskraði Garðar Jóhannsson svo glumdi um Laugardalsvöllinn í samtali sínu við Fréttablaðið eftir leik Vals og ÍBV í gærkvöldi. Garðar skoraði þrennu í leiknum en þetta var hans fyrsti deildarleikur fyrir Val frá því hann gekk í raðir liðsins frá KR.

„Þetta gæti auðvitað ekki byrjað betur fyrir mig. Ég er virkilega ánægður og liðið og leikstíll þess hentar mér mjög vel. Auðvitað er meiri háttar að skora þrjú mörk en það voru stigin þrjú sem skiptu mestu máli,“ sagði Garðar skælbrosandi en hann var sposkur á svip aðspurður um skilaboðin sem hann sé að senda sínu gamla félagi KR með þrennunni eftir að félagið lét hann fara í sumar.

„Eftir fjögur mögur ár í Vesturbænum er gaman að skora hérna í fyrsta leiknum en menn verða bara að lesa það á hvaða hátt sem þeir vilja hvort ég sé að senda einhver skilaboð,“ sagði Garðar. - hþh



**Í BARÁTTUNNI** Garðar Jóhannsson er hér í baráttunni um boltann í leiknum í gær en hann fór fyrir frábærum sóknarleik Vals í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valsmenn burstuðu ÍBV 5-0 í Laugardalnum í gær:

## Eyjamenn niðurlægðir

**FÓTBOLTI** Garðar Jóhannsson gerði sér lítið fyrir og skoraði þrennu gegn döpru liði ÍBV í Laugardalnum í gær. Valsmenn hófu leikinn af krafti og mættu mun ákveðnari til leiks en Eyjamenn sem áttu ekki skot að marki í fyrri hálfleiknum. Heimamönnum gekk þó illa að skapa sér færi en héldu boltanum vel innan liðsins og biðu þolinmóðir eftir tækifærunum.

Þau komu og Garðar Jóhannsson skoraði laglegt mark með skalla í stöngina og inn eftir fyrirgjöf Birkis Más Sævarssonar sem átti lipra spretti í leiknum. Bo Henriksen var einmana í sóknarlínu ÍBV og mátti sín lítils gegn Vali Fannari Gíslasyni og Barry Smith sem héldu sóknum Eyjamanna í skefjum.

Valsmenn bætti við öðru marki áður en fyrri hálfleikur var allur og aftur var Garðar að verki. Nú átti hann gott þríhyrningsspil við Sigurbjörn Hreiðarsson sem endaði með góðu skoti Garðars í markið og heillum horfnir Eyjamenn fóru í vondri stöðu inn í hálfleikinn.

Í hálfleiknum þurfti að skipta um línuvörð þar sem Gunnar Gylfason, starfsmaður KSÍ, þurfti að hlaupa upp á fæðingardeild.

Yfirburðir Valsmanna héldu áfram í síðari hálfleik en þeir komust í 3-0 þegar Matthías Guðmundsson slapp einn í gegn eftir sendingu frá Sigurbirni, fór auðveldlega fram hjá Hrafni og renndi boltanum í netið. Skömmu síðar innsiglaði Garðar svo þrennuna þegar hann fylgdi eftir skalla Pálma Rafns sem Hrafn hafði varið vel og niðurlæging ÍBV var fullkomnuð.

Matthías skaut svo þrumuskoti í þverslána áður en hann rak síðasta naglann í kistu Eyjamanna þegar hann renndi boltanum í netið eftir að hann og Birkir höfðu sloppið aleinir í gegnum götótta Eyjavörnina.

Eyjamenn virtust algjörlega áhugalausir í leiknum og stefna hraðbyri niður í 1. deildina með þessu áframhaldi á meðan Valsmenn eru komnir í annað sæti deildarinnar.

- hþh



Keflavík vann sanngjarnan 2-0 sigur á heimavelli sínum gegn Grindavík í Landsbankadeildinni í gær:

# Keflvíkingar voru mikið betri í nágrannaslagnum suður með sjó

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar eru í þriðja sæti Landsbankadeildarinnar eftir heimasigur, 2-0, á grönnum sínum í Grindavík í gær. Sigurinn var sanngjarn en Þórarinn Brynjar Kristjánsson skoraði fyrra markið undir lok fyrri hálfleiks og Stefán Örn Arnarson, sem kom inn á fyrir Þórarin í þeim síðari innsiglaði sigurinn. Keflvíkingar hefðu getað skorað mun fleiri mörk í fyrri hálfleiknum en meira jafnræði var með liðunum í þeim síðari.

Grindvíkingar mættu til leiks á erfiðan útivöll með það að markmiði að ná alltént í eitt stig og Jóhann Þórhallsson var oft ansi einmana í fremstu víglínu. Þeir héldu boltanum illa innan liðsins í fyrri hálfleiknum og Keflvíkingar sáu um að sækja. Skoski markvörðurinn Colin Stewart hélt Grindvíkingum á floti lengi vel, hann varði snemma skot frá Guðmundi Steinarssyni úr aukaspyrnu og varði einnig vel eftir langskot Baldurs Sigurðssonar sem spilaði mjög vel á miðju Keflavíkur.

Jóhann Þórhallsson náði að skapa usla í byrjun leiks en í seinni hluta fyrri hálfleiksins fengu heimamenn fjöldan allan af færum. Stewart varði frábærlega skot bakvarðarins Hallgríms Jónassonar sem fékk mjög gott færi eftir góða hornspyrnu fyrirliðans Guðmundar Steinarssonar og nokkrum sekúndum síðar varði hann síðan fimlega skalla frá sænska risanum Kenneth Gustafsson. Gestirnir voru í vandræðum með föst leikatriði Keflavíkur og Stewart kom engum vörnum við á 44. mínútu.

Þórarinn gerði þá vel eftir hornspyrnu Guðmundar og skallaði af krafti í netið. Þetta mark hafði legið í loftinu lengið vel enda voru Keflvíkingar að spila hörkuvel og sýndu vel hvað þeir geta á góðum degi. Óskar Örn Hauksson var settur inn á sem varamaður í hálfleik hjá Grindvíkingum til að lífga upp á sóknarleikinn enda líkamlega sterkur og með góða tækni. Snemma í seinni hálfleik fékk Baldur mjög gott færi til að bæta við marki fyrir heimamenn en enn og aftur varði Stewart vel í markinu.

Grindvíkingum gekk illa að skapa sér umtalsverð færi og Sigurður Jónsson, þjálfari Grindvíkinga, reyndi að bæta bitið í sóknarleiknum. Hann setti m.a. Andra Stein Birgisson inn á en aðeins mínútu síðar innsiglaði Stefán sigurinn eftir frábæran undirbúnings Baldurs.

- egm



**ÞÓRARINN SPRÆKUR** Óðinn Árnason reynir hér að stöðva Þórarin Kristjánsson en Þórarinn skoraði fyrsta mark leiksins í gær og var það hans þriðja í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

## Valur 5-0 ÍBV

Laugardalsv., áhorf.: 715 — Egill Már Markússon (7)

*1-0 Garðar Jóhannsson (30.)*
*2-0 Garðar Jóhannsson (44.)*
*3-0 Matthías Guðmundsson (59.)*
*4-0 Garðar Jóhannsson (64.)*
*5-0 Matthías Guðmundsson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 17–4 (9–1) |
| Varin skot | Kjartan 1 – Hrafn 4 |
| Horn | 9–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–19 |
| Rangstöður | 7–1 |

| **VALUR** 4–4–2 | | **ÍBV** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan | 6 | Hrafn Davíðsson | 3 |
| Steinþór | 6 | Mark Schulte | 3 |
| Barry Smith | 6 | Jonah Long | 4 |
| Atli Sveinn | 7 | Anton Bjarnason | 3 |
| Birkir Már | 8 | Páll Hjarðar | 4 |
| Matthías | 8 | Bjarni Hólm | 4 |
| Baldur Ingimar | 6 | Bjarni Geir | 5 |
| Sigurbjörn Örn | 8 | Bjarni Rúnar | 3 |
| (84. Valur Fannar | -) | Atli Jóh. | 5 |
| Ari Freyr | 7 | Pétur Runólfsson | 3 |
| Pálmi Rafn | 6 | (65. Sævar Eyj. | 4) |
| (90. Árni Ingi | -) | Bo Henriksen | 3 |
| ***Garðar Jóh.** | **9** | (81. Egill | -) |

**Maður leiksins*

## Fylkir 1-2 KR

Fylkisvöllur, áhorf.: 1297 — Jóhannes/Garðar (7/5)

*0-1 Björgólfur Takefusa, víti (51.)*
*0-2 Björgólfur Takefusa (75.)*
*1-2 Albert Brynjar Ingason (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–9 (4–5) |
| Varin skot | Fjalar 3 – Kristján 3 |
| Horn | 11–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–12 |
| Rangstöður | 5–1 |

| **FYLKIR** 4–3–3 | | **KR** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar | 6 | Kristján Finnbogi | 7 |
| Arnar Úlfars. | 6 | Vigfús Arnar | 5 |
| Ragnar Sig. | 7 | Tryggvi Sveinn | 7 |
| Guðni Rúnar | 5 | Gunnlaugur Jóns. | 7 |
| Þórir Hannesson | 5 | Sölvi Sturluson | 6 |
| Eyjólfur Héðins. | 8 | (79. Sigþór Júl. | -) |
| Ólafur Stígs. | 7 | Skúli Jón | 5 |
| (83. Jón Björgvin | -) | Dalibor Pauletic | 5 |
| Páll Einarsson | 4 | Kristinn Magnús. | 6 |
| Sævar Þór | 6 | Sigmundur Krist. | 7 |
| Christiansen | 5 | ***Björgólfur Takef.** | **8** |
| (83. Hermann Aðal. | -) | (86. Gunnar Krist. | -) |
| Peter Gravesen | 7 | Grétar Ólafur | 5 |
| (77. Albert Brynjar | -) | | |

**Maður leiksins*

## Keflavík 2-0 Grindavík

Keflavíkurvöllur, áhorf.: 912 — Ólafur Ragnarsson (6)

*1-0 Þórarinn B. Kristjánsson (44.)*
*2-0 Stefán Örn Arnarson (83.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–7 (11–2) |
| Varin skot | Ómar 2 – Colin 9 |
| Horn | 5–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–8 |
| Rangstöður | 3–4 |

| **KEFLAV.** 4–3–3 | | **GRINDAV.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Ómar | 6 | Colin Stewart | 8 |
| Guðjón Árni | 7 | Kristján Vald. | 5 |
| Guðmundur Mete | 6 | (82. Andri Steinn | -) |
| Gustafsson | 7 | Óðinn Árna. | 6 |
| Hallgrímur Jónas. | 7 | Kofi Dakina | 7 |
| (59. Milicevic | 6) | Michael Jóns. | 5 |
| Jónas Guðni | 7 | (46. Óskar Örn | 6) |
| ***Baldur Sig.** | **8** | Óli Stefán | 4 |
| Hólmar Örn | 6 | Jóhann Helga. | 5 |
| Guðm. Steinars. | 7 | (74. Orri Freyr | -) |
| Samuelsen | 5 | Eysteinn Húni | 6 |
| (86. Magnús Sverrir | -) | David Hannah | 5 |
| Þórarinn Brynjar | 7 | McShane | 4 |
| (70. Stefán Örn | 7) | Jóhann Þórhalls. | 6 |

**Maður leiksins*

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 12 | 9 | 2 | 1 | 21-7 | 29 |
| 2. VALUR | 12 | 5 | 4 | 3 | 20-13 | 19 |
| **3. KEFLAVÍK** | **12** | **5** | **3** | **4** | **22-12** | **18** |
| **4. FYLKIR** | **12** | **5** | **2** | **5** | **15-15** | **17** |
| 5. BREIÐABLIK | 12 | 5 | 2 | 5 | 19-23 | 17 |
| **6. KR** | **12** | **5** | **1** | **6** | **12-23** | **16** |
| 7. VÍKINGUR | 12 | 4 | 3 | 5 | 14-11 | 15 |
| **8. GRINDAVÍK** | **12** | **3** | **5** | **4** | **16-15** | **14** |
| 9. ÍA | 12 | 4 | 0 | 8 | 15-21 | 12 |
| **10. ÍBV** | **12** | **3** | **2** | **7** | **11-25** | **11** |




## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„I don't mind a reasonable amount of trouble."**

**Svar: Sam Spade úr The Maltese Falcon frá 1941**

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HORFÐI Á DR. PHIL GEFA RÁÐ

# *Sköllóttur sjónvarpssáli uppáhald húsmæðra*

Ég dett stundum inn í spjallþætti sálfræðingsins fræga Dr. Phil eftir vinnu. Ég veit ekki af hverju það er svona auðvelt að gjörsamlega festast í svona þáttum því alla jafna hef ég hina mestu óbeit á þeim. En það er eitthvað við Dr. Phil, kannski af því að hann er sköllóttur miðaldra karlmaður með húmor fyrir sjálfum sér og að því leyti ólíkur öðrum bandarískum sjónvarpstjörnum sem eru öllu jafna óraunverulega lýtalaus.



Áhorfendahópur sálfræðingsins er húsmæður í Bandaríkjunum og hylla þær hann sem guð þegar hann stígur á stokk, sumar með tárin í augunum og skríkja eins og smástúlkur. Líkja má þessari geðshræringu bandaríska húsmæðra við Bítlaæðið forðum daga nema áhorfendahópurinn er aðeins eldri. Hann er í sama flokki og aðdáendur spjallþátta-drottningarinnar Opruh Winfrey sem virðist geta látið áhorfendur og viðmælendur fara að grenja í hverjum einasta þætti. Dr. Phil hefur gefið út fullt af sjálfshjálparbókum sem hann nýtir sjónvarpsþættina í að auglýsa af fullum krafti.

Phil McGraw, eins og sjónvarpssálinn heitir fullu nafni, tekur fyrir hin ýmsu viðfangsefni hverju sinni og ég sá þátt þar sem heil fjölskylda kom í þáttinn og bað hann um að bjarga fjölskyldulífinu. Eiginkonan var búin að halda framhjá manninum sínum oftar en einu sinni og eignaðist barn utan hjónabands. Þarna sátu þau í sjónvarpssal með fullt af kerlingum sem ýmist hlógu að hnyttnum spurningum Dr. Phil eða grétu að óförum hjónanna sem voru á barmi skilnaðar þegar Dr. Phil greip í taumana. Þessari fjölskyldu ætlaði sálinn að fylgjast með og verður hún tíður gestur í þætti hans þannig að áhorfendur geta fylgst með framvindu mála á þeim bænum.

Þetta er því aðeins nýr vinkill af raunveruleikasjónvarpi, enginn er kosinn út eða að keppa um friðhelgi heldur er þetta bara venjulegt (eða óvenjulegt) heimilislíf í beinni. Ætli það sé ekki ástæðan fyrir vinsældum þátta Dr. Phil. Fólk horfir á þættina og sér sjálft sig í vandamálum viðmælenda hans.



▶ **21.00** *Heimild*

MINNINGAR MÚMÍNSNÁÐA



▶ **20.50** *Drama*

LAS VEGAS



▶ **22.20** *Spenna*

THE OTHERS



▶ **01.00** *Keppni*

ROCK STAR: SUPERNOVA



▶ **21.10** *Fréttaskýring*

48 HOURS

## SJÓNVARPIÐ

**15.55** Fótboltakvöld **16.10** Kóngur um stund (8:12) **16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (47:52) **18.25** Andlit jarðar (4:16)

**18.30 Gló Magnaða (62:65)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Mæðgurnar (21:22)** (Gilmore Girls V)
**20.50 Kastljós – molar**
▶ **21.00 Minningar Múmínsnáða** (Mumins memoarer) Finnsk heimildamynd um það hvernig sögurnar um Múmínálfana og teikningarnar af þeim urðu til og þróuðust.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögmál Murphys (3:6)** (Murphy's Law) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Íslandsmótið í vélhjólaakstri (2:4) **23.50** Kastljós **0.15** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters (6:7)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Meistarinn (e) **14.15** Numbers **15.00** Amazing Race **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (1:22)** (Simpson-fjölskyldan)
**20.05 The Apprentice (4:14)** (Lærlingurinn)
▶ **20.50 Las Vegas (21:23)** (Chaos Theory) Las Vegas er gamansamur spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimer. 2005. Bönnuð börnum.
**21.35 NCIS (4:24)** (Glæpadeild sjóhersins) 2005. Bönnuð börnum.
**22.20 Curb Your Enthusiasm (7:10)** (Rólegan æsing)
**22.50 Eleventh Hour** (Á elleftu stundu) Spánýir breskir sakamálaþættir með stórleikaranum Patrick Stewart í aðalhlutverki. Aðalhlutverk: Patrick Stewart, Ashley Jensen. 2006. Bönnuð börnum.

**0.00** Bones (B. börnum) **0.45** 30, Still Single (B. börnum) **2.15** Ticker (Str. b. börnum) **3.45** Las Vegas (B. börnum) **4.30** NCIS (B. börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins (9:18) (e)** (I Love You, You're Fired) Jordan býður Mitchee loksins á stefnumót.
**20.00 Seinfeld (8:22)** (The Non Fat Yoghurt)
**20.30 Sushi TV (8:10)**
**21.00 Bernie Mac (17:22)** (Mac-Inations)
**21.30 Invasion (18:22)** (Re-Evolution) Magnaðir þættir í anda X-files.
▶ **22.20 The Others** (Hinir) Umtöluð spennumynd. Grace Stewart býr með tveimur börnum sínum í virðulegu húsi í Jersey í Bandaríkjunum og bíður heimkomu eiginmannsins úr seinna stríðinu. 2001. Bönnuð börnum.

**0.05** My Name is Earl (e) **0.30** Rescue Me (1:13) **1.15** Seinfeld (8:22)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**16.20** The O.C. (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjarta áhorfenda á sínum tíma.
**20.30 Whose Wedding is it Anyway?** Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með fólkinu sem undirbýr brúðkaup ríka og fræga fólksins.
**21.30 Brúðkaupsþátturinn Já** Nú er komið að því að Elín María fari í gang í sjöunda árið í röð með Brúðkaupsþáttinn Já.
**22.30 Love Monkey** Tom verður að kynna hljómsveit fyrrverandi kærustu sinnar og kemst þá að því að þau hafa enn tilfinningar hvort til annars.

**23.20** Jay Leno **0.05** C.S.I. – lokaþáttur (e) ▶ **1.00** Rock Star: Supernova – bein útsending **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (8:12)** Anna Jonna fæddist sem drengur í Steingrímsfirði en er nú verkfræðingur í Reykjavík.
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Wild Thornberrys Movie **8.00** Overboard **10.00** Just Married **12.00** Hope Floats **14.00** The Wild Thornberrys Movie **16.00** Overboard **18.00** Just Married **20.00 Hope Floats** (Vonarneisti) Birdee Pruitt kemst að því í beinni útsendingu í sjónvarpsþætti Tonis Posts að eiginmaður hennar og besta vinkona hafa átt í ástarsambandi. **22.00 Tempo** Spennumynd með rómantísku ívafi. Bandarísk kona flytur til Parísar og hefur störf í frægri skartgripaverslun. Þar kemst hún á snoðir um áform pars sem hyggst ræna verslunina. Bandaríska konan er ekki aðeins þrándur í götu þeirra þegar ránið er annars vegar heldur ógnar hún líka sambandi parsins með öðrum hætti. Aðalhlutverk: Melanie Griffith, Rachael Leigh Cook. 2003. **0.00** Quicksand (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Chasing Beauties (Bönnuð börnum) **4.00** Tempo

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** Live from the Red Carpet **14.30** Extreme Close-Up **15.00** THS Investigates **17.00** Girls of the Playboy Mansion E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Live from the Red Carpet **19.30** Extreme Close-Up **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** Naked Wild On **21.30** Wild On Tara **22.00** Live from the Red Carpet **22.30** Extreme Close-Up **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Elizabeth Hurley **1.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




Hobby

MEST SELDU HJÓLHÝSI Í HEIMI.

HOBBY 560 EXCELSIOR OG 560 UFE PRESTIGE

TIL AFGREIÐSLU STRAX, HLAÐINN AUKABÚNAÐI AÐ VERÐMÆTI 400.000.





EINNIG EIGUM VIÐ TIL AFGREIÐSLU STRAX HIN VINSÆLU KOJUHÚS.

HOBBYHÚSIÐ • Sími 517 7040 • Dugguvogi 12 • www.hobbyhusid.is

NETSALAN EHF.

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Overboard** — **Stöð 2 Bíó** kl. 16.00

### *Russell og Hawn í essinu sínu*



Myndin Overboard skartar hjónakornunum Kurt Russell og Goldie Hawn í aðalhlutverkum en þau hafa um árabil verið eitt þekktasta par Hollywood. Myndin Overboard er frá árinu 1987 og eins og svo oft áður leikur Hawn litla dekurrófu sem elskar að láta stjana við sig. Russell leikur hins vegar smið sem er ráðinn til þess að smíða fataskáp í snekkjuna hennar Hawn. Örlögin og að sjálfsögðu rómantíkin grípa síðan í taumana með skemmtilegum afleiðingum sem ekki allir áttu von á. Myndin er leikstýrð af Garry Marshall sem á að baki myndir eins og Pretty Woman, Orange County og Runaway Bride.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 9 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 5 | 9 | 8 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 5 | 8 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 3 | 8 | 2 | 7 | 5 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 1 | 7 | 8 | 9 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 4 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 2 | 3 | 8 | 6 |
| 2 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 1 | | | 4 | | | 3 |
| | | | | 8 | | | 5 | |
| | | 8 | 9 | | | 2 | | |
| 2 | | 6 | | | | | 4 | |
| | | | 7 | | 9 | | | |
| | 9 | | | | | 6 | | 5 |
| | | 3 | | | 1 | 8 | | |
| | 6 | | | 2 | | | | |
| 1 | | | 5 | | | 4 | 3 | |



▶ 18.55

*Hestar*

KÓNGUR UM STUND

SÝN besta sætið

**15.45** Landsbankadeildin 2006 **17.30** Landsbankamörkin 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Kraftasport** (Íslandsmótið í kraftlyftingum)
▶ **18.55** **Kóngur um stund (4:16)** Hestamenn eru þekktir fyrir að vera skemmtilegt og lífsglatt fólk og hér fáum við að kynnast mörgum þeirra, landsþekktum sem lítt þekktum.
**19.20** **World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims)
**20.15** **When Lineker Met Maradona**
**21.00** **Íslandsmótið í golfi 2006** Samantekt með því helsta frá Íslandsmótinu í höggleik sem fram fór á dögunum.
**22.00** **Harlem Globetrotters: The Team**

**22.55** **HM 2006** (Portúgal – Frakkland)
**0.35** 4 4 2

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Sakamálaleikritið: Tími nornarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Kristín Sigfúsdóttir og saga hennar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.00** Eiginkonur gömlu meistaranna **23.40** Um lágnættið **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ

*... fá meðlimir hljómsveitarinnar Sigur Rósar fyrir hreint magnaða tónleika á Miklatúni á sunnu-*



**LÁRÉTT**
**2 óskiptu 6 ryk 8 sjór 9 forskeyti 11 íþróttafélag 12 vera séður 14 óskýr 16 utan 17 kærleikur 18 besti árangur 20 tveir 21 heimsálfu.**
**LÓÐRÉTT**
**1 hland 3 í röð 4 mjólkursykur 5 dýrahljóð 7 sósa 10 tal 13 horfa á 15 prik 16 tunna 19 golfáhald.**

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2 öllu, 6 im, 8 mar, 9 sam, 11 kr, 12 sjást, 14 öljós, 16 án, 17 ást, 18 met, 20 ii, 21 asíu. LÓÐRÉTT: 1 piss, 3 lm, 4 laktósi, 5 urr, 7 majónes, 10 mál, 13 sjá, 15 stig, 16 áma, 19 tí.**

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. 14. maí 2003.
2. Amiina.
3. Matthías Á. Mathiesen.






# Leita að sjötíu skrímslum fyrir lokatökuna

Tökum á kvikmyndinni Astrópíu fer senn að ljúka en á miðvikudagskvöldið verður efnt til stórbardaga við Kleifarvatn. „Við erum að leita að sjötíu einstaklingum á öllum aldri til að leika skrímsli, hálfgerða orka eins og þeir birtust í kvikmyndinni Hringadróttinssögu,“ útskýrir Alexía Björg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikstjóri myndarinnar, þegar Fréttablaðið spyr hana nánar út í þessa orrustu en þeir sem hafa áhuga á að taka þátt er bent á tölvupóstfangið alexiabjorg@gmail.com en reikna má með að tökurnar standi yfir alla nóttina. „Við viljum enn fremur beina því til fólks að það mæti í svörtu,“ segir hún og telur að þarna eigi eftir að skapast frábær stemning.

Astrópía er ævintýramynd af bestu gerð en hún segir frá ungri stúlku sem neyðist til að standa á eigin fótum eftir að kærasta hennar er varpað í steininn. Hún fær sér vinnu í myndasögubúð þar sem ótrúlegir atburðir gerast. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir fer með aðahlutverkið en meðal annarra leikara eru þeir Sverrir Þór Sverrisson, Pétur Jóhann Sigfússon og Snorri Engilbertsson. Leikstjóri Astrópíu er Gunnar Björn Guðmundsson og er þetta hans fyrsta mynd í fullri lengd en það er Kvikmyndafélag Íslands sem sér um framleiðsluna.

Töluvert er um bardaga í myndinni en að sögn Alexíu hafa engin slys orðið á fólki. „Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel og við erum núna degi á undan áætlun,“ segir Alexía.



**ORKI** Hinir sjötíu staðgenglar fá það hlutverk að leika skrímsli við Kleifarvatn.



**RAGNHILDUR OG PÉTUR** Leika aðalhlutverkin í kvikmyndinni Astrópía en tökum á myndinni lýkur á miðvikudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ / HRÖNN



**FRIÐRIK WEISSHAPPEL** Kátur við barborðið á nýja kaffihúsinu í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/KS

FRIÐRIK WEISSHAPPEL: OPNAR NÝTT KAFFIHÚS Í KAUPMANNAHÖFN

# Barnvænt kaffihús en kúlinu ekki fórnað

„Hér verður meira tillit tekið til barna og foreldra en á hinum staðnum en án þess þó að fórna kúlinu. En barnavagnar og óléttar konur eru ansi áberandi í þessu hverfi,“ segir Friðrik Weisshappel, einn af eigenum Laundromat Café í Kaupmannahöfn. Fréttablaðið tók Friðrik tali um helgina, á síðustu metrunum í undirbúningi að opnun nýs kaffihús.

Í dag opnar Friðrik í félagi við Ingva Steinar Ólafsson og Brynjólf Garðarsson annað kaffihúsið undir heitinu Laundromat Café í Kaupmannahöfn. Friðrik segir að upphaflega hafi staðið til að opna fyrir tveimur mánuðum en vegna skorts á iðnaðarmönnum hafi það ekki tekist. „Íslenskir iðnaðarmenn hér í Köben hafa hins vegar riðið baggamuninn og unnið langt fram eftir. Ef ekki væri fyrir þá værum við ekki að opna núna. Ég hef reyndar notið þessara framkvæmda og nýtt tímann til að hressa upp á gamla staðinn við Elmegade og bæði kaffihúsin eru því í fullkomnu standi.“

Íslendingar á ferð í gömlu höfuðborginni hafa frá og með deginum í dag enn meiri ástæðu til að kíkja út fyrir Strikið og út á Austurbrú. En í námunda við nýja Laundromat Café er fjöldi verslana og auðvitað Parken fyrir þá sem hafa áhuga á dönskum fótbolta. Nýi staðurinn er á horni Århusgade og Randersgade.

Þegar komið er inn á nýja staðinn fer ekki á milli mála að grænn litur er mjög áberandi. Á gamla kaffihúsinu, sem staðsett er á Elmegade á Norðurbrú, er rauði liturinn í aðalhlutverki. Friðrik segist vera búinn að ákveða litinn á næsta kaffihúsi en vill ekki gefa hann upp. kristjans@frettabladid.is



**ATHAFNAMENN Í KAUPMANNAHÖFN** Friðrik Weisshappel, Ingvi Steinar Ólafsson og Brynjólfur Garðarsson reka nú tvö kaffihús í gamla höfuðstaðnum. Stefnan er sett á að opna fleiri innan tíðar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Aðdáendur Silju Aðalsteinsdóttur hafa þurft að gera sér að góðu stafalogn á vef Tímarits máls og menningar á meðan ritstýran brá sér í frí í Grímsey. Silja er hins vegar snúin aftur, tvíefld og endurnærð, og byrjar á að skauta yfir það sem vakti athygli hennar í fjölmiðlum nýlega. Meðal þess sem Silja er hrifin af er pistill Hallgríms Helgasonar í Fréttablaðinu í gær, enda Hallgrímur „bestur að vanda“. Hún minnist reyndar líka á stórauglýsingu Orkuveitu Reykjavíkur, sem henni hugnast alls ekki og „ofbauð mér bara hvað hinn sungni texti var illa ortur“. Svo vill til að höfundur textans sem vakti þessar sterku kenndir innra með Silju er einmitt téður Hallgrímur Helgason.





Mikið fjölmenni var á tónleikum Sigur Rósar á Miklatúni á sunnudagskvöldið. Fjöldi nafntogaðra einstaklinga var þar á meðal og mátti sjá Björn Inga Hrafnsson borgarfulltrúa, Steingrím J. Sigfússon alþingismann, Hjálmar Sveinsson útvarpsmann og leikstjórann Árna Ólaf Ásgeirsson. Þá voru þau Addi Fannar úr Skítamóral og Yesmine Olsson og mætt. Jóhann Bachmann trommuleikari fylgdist með tónleikunum, rétt eins og Einar Már Guðmundsson rithöfundur, Birgir Hilmarsson úr Ampop, Nadia Banine sjónvarpskona og parið Guðjón Jónsson leikstjóri og Brynja Björk Garðarsdóttir blaðamaður, sem ekki hefur verið ráðin aðstoðarritstjóri Séð og heyrt eins og sagt var á þessum stað um helgina. - bs/hdm










# Silvía Nótt til Bandaríkjanna

Stórstjarnan Silvía Nótt stefnir á að gefa fyrstu plötu sína út fyrir Bandaríkjamarkað í haust. Frá þessu er greint á heimasíðu Eurovision-keppninnar, Esctoday.com. Í viðtali á heimasíðunni útskýrir Silvía af hverju hún hyggst einbeita sér að Bandaríkjamarkaði á næstunni.

„Ég ætla að gera plötu fyrir Bandaríkin þar sem fólkið er í raun almennilegt og lyktar ekki eins og hrossaskítur,“ segir Silvía. Hún biður aðdáendur sína um að örvænta ekki: „Ekki verða of örvæntingarfull, ég er á leiðinni.“

Í fréttinni á heimasíðunni er sagt frá því að Ágústa Eva Erlendsdóttir, skapari Silvíu, hafi nýverið leikið í kvikmyndinni Mýrinni sem verði frumsýnd í október. Sagt er að hlutverk hennar í Mýrinni sé nokkuð langt frá Silvíu Nótt og því verði afar forvitnilegt að sjá hvernig útkoman verður.

Síðan tökum á myndinni lauk hefur Ágústa aftur getað einbeitt sér að Silvíu og eytt löngum stundum í hljóðverinu. Hún er komin með erlendan umboðsmann og má búast við aukinni umfjöllun um stórstjörnuna í erlendum fjölmiðlum á næstunni. Þá heyrast þær fregnir úr herbúðum Silvíu að Íslendingar verði á næstunni upplýstir um næstu skref á frægðarferli hennar. Innan tíðar ætli hún sér að halda blaðamannafund hérlendis og kynna útgáfu plötunnar. - hdm



**SILVÍA NÓTT** Stórstjarnan undirbýr nú útgáfu á plötu í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ERTU EKKI ÖRUGGLEGA BÚIN(N) AÐ SKRÁ ÞIG?

## Skráðu þig fyrir 8. ágúst - og borgaðu lægra verð

*REYKJAVÍKUR*
***MARAÞON GLITNIS***
*19. ÁGÚST*

Reykjavíkurmaraþon Glitnis verður haldið í 23. sinn laugardaginn 19. ágúst næstkomandi, að morgni Menningarnætur. Reykjavíkurmaraþonið skiptist í fimm mislöng hlaup sem henta mismunandi hópum; fjölskyldum, trimmurum og keppnisfólki.

Leggðu grunninn að frábærum degi. Skráðu alla fjölskylduna og fáðu nánari upplýsingar á www.marathon.is.

### DAGSKRÁ

**RÆSING FYRIR ÞÁ SEM ÞURFA LENGRI TÍMA:**

**kl 08.00 Ræst í maraþoni**
Áætlaður hlauptími 5–7 tímar

**AÐALRÆSING:**

**kl. 09.00 Maraþon**
Áætlaður hlauptími undir 5 tímum

**kl 09.40 10 km**

**kl 10.05 Hálfmaraþon**

**kl 10.45** Upphitun fyrir skemmtiskokk

**kl 11.00 3 km skemmtiskokk**
Upphaf menningarnætur

**kl 13.45** Latabæjardagskrá hefst

**kl 14.15** Latabæjarhlaup 1,5 km

**kl 15.00** Tímatöku hætt í 10, 21 og 42 km

***Skráðu þig fyrir 8. ágúst og borgaðu lægra verð***

### VERÐ:

**42 km: 3,500 kr.** (Eftir 8. ágúst: 4,500 kr.)
**21 km: 2,700 kr.** (Eftir 8. ágúst: 3,500 kr.)
**10 km: 2,100 kr.** (Eftir 8. ágúst: 2,500 kr.)
**3 km: 1,500 kr.** (Eftir 8. ágúst: 1,700 kr.)
Börn 12 ára og yngri: 800 kr
(Eftir 8. ágúst: Óbreytt)

**1,5 km: Latabæjarhlaup (Fyrir yngstu börnin)**
800 kr. (Eftir 8. ágúst: Óbreytt)

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**BAKÞANKAR**

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Ósómi*

Ungir frjálshyggjumenn hafa óskaplegar áhyggjur af því að almenningur fái veður af tekjuskiptingu í þessu landi. Í nafni frelsis álykta þeir um hið hróplega óréttlæti að fólk fái vitneskju um hvernig í pottinn er búið. Veina sig hása yfir þeirri frelsisskerðingu að aðall landsins þurfi að þola ósvífna hnýsni pöpulsins. Meðlimir í þessu verkalýðsfélagi hálaunamanna lýsa djúpri vandlætingu með því að halda dauðahaldi í álagningarskrár lengi dags á skrifstofu skattstjóra og hleypa snuðrurum ekki að.

**UNGUM** frjálshyggjumönnum finnst ósómi að öðru en launaleynd og styðja þannig upplýsingahöft sem ýta undir misrétti. Hugmyndir þeirra um frelsi til að pukrast með launamuninn eru í hrópandi þversögn við þróun samfélagsins til opnari umræðu, til dæmis í þágu jafnréttis kvenna og karla. En ungir frjálshyggjumenn virðast ekki hafa nokkrar áhyggjur af launamun kynjanna og vilja frelsi launagreiðenda til að semja í laumi um laun hvers og eins út frá verðmæti einstaklinga. Þó vitum við öll að framlag kvenna er minna metið í launum og engin ástæða til að leyna því. Jafnvel hálaunakonur eru láglaunakonur miðað við hálaunakarla.

**ÞÓ** frjálshyggjufólkið hafi þessar áhyggjur af njósnum almennings á greiðslum í sameiginlega sjóði hafa þeir ekkert við áform dómsmálaráðherra um nýja njósnadeild að athuga. Aldrei álykta þeir um frelsi komandi kynslóða til að njóta íslenskrar náttúru, lausa við mengandi stóriðju. Ekki heldur um mikilvægi þess að öryrkjar og eldri borgarar njóti frelsis til mannsæmandi afkomu. Enda liggja þeir hagsmunir sem ungir frjálshyggjumenn eru að verja sennilega hvorki hjá hópum ellilífeyrisþega né sjúklinga.

**UM** sama leyti og frjálshyggjufólkið performeraði hjá skattstjóra var hópur hugsjónafólks fyrir utan bandaríska sendiráðið að mótmæla stuðningi við annarskonar frelsissviptingu. Þeirri sem felst í að ísraelski herinn kasti sprengjum á börnin í Líbanon, gamalmenni, karla og konur. Að hann neiti þeim sem fastir eru undir rústum um svigrúm til björgunar. Ungir frjálshyggjumenn ályktuðu ekki um það.


Upplýsingar,
viðburðir,
afþreying og fréttir
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



www.volkswagen.is






Núna er rétti tíminn til að eignast nýjan Volkswagen Golf. Gæðin og glæsileikann þekkja allir en verðið kemur skemmtilega á óvart. Komdu og reynsluaktu og nýttu þér þetta einstaka tækifæri.

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með 250.000 kr. sportpakka:**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is